**JÓHANN LÁRUSSON**

*Dansinn góður fyrir líkama og sál*

heilsa nám

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BYGGINGARIÐNAÐUR**

*Nýjar kirkjur rísa á höfuðborgarsvæðinu*

Sérblað um byggingariðnaðinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. maí 2008 — 142. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



### Hinn þögli hluti jarðarbúa

Örverufræðifélag Íslands er tuttugu ára um þessar mundir

TÍMAMÓT 18

### Vekja athygli

Tónleikahaldarar á Norðurlöndunum sækjast eftir Eurobandinu.

FÓLK 25



### Selja Sundlaugina

Jónsi og félagar hans í Sigur Rós selja hljóðverið sitt í Mosfellsbæ.

### Stimpla dómarar Skagamenn?



Guðjón Þórðarson ásakar dómara um að stimpla Skagamenn fyrir grófan leik. KSÍ og dómarar þvertaka fyrir ásakanirnar.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**HITI 22 STIG EYSTRA** Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt. Bjartviðri eystra en léttir víða til annars staðar þegar líður á daginn. Hiti 10-22 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

# Geðlæknir notaði nöfn fanga til að svíkja út lyf

**Upp komst um svikamyllu geðlæknis eftir að manni var tilkynnt í lyfjabúð að hans biði þar amfetamín. Landlæknir segir hryggilegt að læknirinn hafi notað nöfn manna sem standa höllum fæti í samfélaginu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur til rannsóknar mál læknis sem hefur látið ávísa ávanabindandi fíknilyfjum á menn án þeirra vitundar. Lyfin voru sótt af manni sem starfaði við áfengisráðgjöf fanga en ekki er vitað hvað um þau varð eftir að þau komust í hans hendur. Viðkomandi læknir hefur verið settur frá störfum. „Við lítum málið sérlega alvarlegum augum,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Læknirinn sem um ræðir er Magnús Skúlason, geðlæknir á Sogni. Hann var sviptur réttindum til að skrifa lyfseðla í fyrra eftir að upp komst að hann hafði ávísað miklu magni af ávanabindandi fíknilyfjum til fólks án þess að geta gefið upp tilbæra ástæðu fyrir því.

Sigurður segir því að þeir lyfseðlar sem um ræðir hafi verið skrifaðir af læknum sem í góðri trú töldu að sjúklingar Magnúsar þyrftu á lyfjunum að halda, það geri málið enn flóknara í rannsókn.

„Um er að ræða verulegt magn af amfetamíni og methylfentidati,“ segir Sigurður en bæði lyfin eru verulega ávanabindandi og þeir skammtar sem læknirinn lét ávísa taldir vera á um annað þúsund.

Svo virðist sem Magnús hafi valið nöfn manna til að ávísa lyfjum á, án þess að þeir vissu af því, sem höfðu setið inni í fangelsi fyrr á ævinni og ekki þætti ótrúlegt að þeir þyrftu á slíkum lyfjum að halda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gaf hann þá skýringu eftir að hann var inntur eftir svörum við þessum gerðum að hann hefði meðhöndlað háttsetta menn sem ekki vildu láta tengja nöfn sín við þessi lyf.

Málið komst upp þegar einn af þeim mönnum sem læknirinn hafði látið skrifa lyfseðla fyrir kom í apótek til að sækja þar ofnæmislyf. Í lyfjabúðinni var honum tilkynnt um að þau væru ekki komin en hins vegar biði hans amfetamín sem læknir hefði skrifað upp á fyrir hann. Maðurinn kannaðist ekki við að hafa beðið um nein slík lyf og spurðist frekar fyrir um hvaða lyf hefðu verið ávísuð á hans nafni.

Landlæknir segir að þegar sé vitað um tvo menn sem fengu uppáskrifuð lyf að beiðni þessa sama læknis án þess að þau hefðu verið sótt eða notuð af þeim. Fleiri mál séu þó í skoðun hjá embættinu en enn sem komið er hefur málinu ekki verið vísað til lögreglu. „Það er sérstaklega hryggilegt að í þessum hópi manna sem hann hafði verið að ávísa lyfjum á án þeirra vitundar eru menn sem hafa lent í verulegum vanda um ævina en náð bót og betrun en standa enn höllum fæti í samfélaginu,“ segir Sigurður. Ekki er vitað hve lengi Magnús stundaði þessa iðju. **- kdk**

NORDICPHOTOS/AFP



**TJALDIÐ VEITIR SKJÓLIÐ** Ung stúlka greiðir á sér hárið fyrir framan tjald sem veitir henni og þúsundum annarra kínverskra barna skjól í suðvesturhluta Sichuan í Kína. Að minnsta kosti 5.500 börn eru ein og yfirgefin eftir jarðskjálftann sem reið nýlega yfir Kína.

Traust til Ólafs F. kannað:

## Lítið traust til borgarstjóra

**SKOÐANAKÖNNUN Tæp fjórtán prósent borgarbúa segjast bera mikið eða mjög mikið traust til Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúm 67 prósent segjast hins vegar bera lítið eða mjög lítið traust til hans.**



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

**40 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins og þriðjungur sjálfstæðismanna bera mikið traust til Ólafs. Þrír af hverjum fjórum vinstri grænum og 89 prósent samfylkingarfólks bera hins vegar lítið traust til hans.** - ss / sjá síðu 4

Gísli Örn Garðarsson leikur á móti Jake Gyllenhal í stórmynd Jerrys Bruckheimer:

## Stærsta hlutverk Íslendings

**FÓLK** Gísli Örn Garðarsson mun fara með stórt hlutverk í nýjustu mynd Jerrys Bruckheimer, The Prince of Persia: The Sands of Time. Myndin er gerð eftir samnefndum tölvuleik og er sögð verða af svipaðri stærðargráðu og Pirates of the Caribbean-þríleikurinn sem Bruckheimer framleiddi einnig.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Gísli leika vonda kallinn, The Vizier, sem er meginandstæðingur Prinsins af Persíu.



GÍSLI ÖRN GARÐARSSON

Gengið verður frá samningum þessa efnis í vikunni. Samleikarar Gísla eru ekki af verri endanum. Jake Gyllenhal fer með hlutverk Dastans, Prinsins af Persíu, og Bond-stúlkan Gemma Arterton fer með hlutverk Taminu.

Gísli vildi sem minnst segja um þetta stóra tækifæri sitt þegar Fréttablaðið náði tali af honum, en staðfesti þó að þetta væri rétt. Ljóst er að þarna er um að ræða stærsta hlutverk sem íslenskur leikari hefur fengið í kvikmynd. -shs / sjá síðu 30


**Rockwood fellihýsin 2008**



Sumargjöf
Sólarrafhlaða, fortjald og gasgrill fylgir öllum fellihýsum
Tilboðið gildir til 15. júní

Frá **1.398.000** kr.

**Þægindi um land allt**

Í **Útilegumanninum** að **Fosshálsi 5-9**
færðu allt til ferðalagsins

**Opið**
Mán - fös **10.00-18.00**
Helgar **12.00-16.00**

Útilegumaðurinn

**Polar hjólhýsin 2008**



**Hlaðin staðalbúnaði**

- Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir
- Alde gólfhitakerfi
- iDC stöðugleikakerfi
- Sjónvarp & DVD

Frá **3.799.000** kr.

## SPURNING DAGSINS



*Valgarð, ertu enn hægri maður?*

„Já, það má segja að ég sé fæddur svona, oftast eru það mistök að fara of langt til vinstri.“

Í gær voru 40 ár liðin frá því Íslendingar breyttu úr vinstri umferð í þá hægri. H-dagurinn, en svo var dagurinn kallaður, markaði tímamót í sögu þjóðarinnar. Valgarð Briem lögfræðingur var fyrsti maðurinn til að skipta yfir á hægri akrein.

Umhverfisráðherrar G8-hóps mestu iðnríkja heims álykta um loftslagsmál:

# Losun helminguð fram til 2050

**JAPAN, AP** Umhverfisráðherrar aðildarríkja G8-hóps mestu iðnríkja heims náðu í gær samkomulagi um að stefnt skyldi að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um helming fram til miðrar aldarinnar. Lýstu þeir því yfir að þróuðustu ríkin yrðu að ganga fram fyrir skjöldu í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Með fundi ráðherranna í Kobe um helgina var ætlunin að leggja grunn að sameiginlegri stefnuyfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum á leiðtogafundi G8 í Japan í júlí. Í ályktun ráðherranna segir einnig að sett skuli markmið um samdrátt losunar næsta áratuginn, fram til ársins 2020, en ekki var tilgreint hve mikill hann skyldi vera í prósentum. Bandaríkin hafa ekki viljað samþykkja skuldbindandi losunarmarkmið fyrir árið 2020 og Japanir eru einnig tregir til þess.

Viðleitni G8-hópsins til markmiðasetningar á þessu sviði er einnig liður í undirbúningi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn á næsta ári, þar sem til stendur að semja um arftakasamkomulag Kyoto-bókunarinnar sem rennur út árið 2012. - aa



**UMHUGAÐ UM UMHVERFIÐ** Ichiro Kamoshita, umhverfisráðherra Japans 2. f.v., ásamt kollegum frá hinum G8-ríkjunum á fundinum í Kobe. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maraþonatkvæðagreiðsla:

# Skólamálin aftur til nefndar

**ALÞINGI Atkvæðagreiðsla Alþingis í gær um fjögur frumvörp um skólamál tók tvær og hálfa klukkustund. Var þeim að endingu vísað aftur til umfjöllunar menntamálanefndar.**

**Frumvörpin fjalla um leik-, grunn- og framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda á skólastigunum þremur.**

**Kolbrún Halldórsdóttir, VG, lagði fram fjölda breytingartillagna við frumvörpin og Höskuldur Þór Þórhallsson, Framsóknarflokki, hafði líka margvíslegar athugasemdir fram að færa. - bþs**

Sýknaður af ölvunarakstri:

# Enginn veit hver ók bílnum

**DÓMSMÁL** Maður var í Héraðsdómi Suðurlands í gær sýknaður af ákæru um að hafa ekið bíl út af Suðurlandsvegi ölvaður og undir áhrifum kókaíns. Dómnum þykir ekki sannað að hann hafi ekið bílnum.

Enginn gat sagt lögreglu til um hver hefði ekið, en sá ákærði, sem hafði bíllyklana í vasa sínum, sagði fjórða mann hafa ekið, sem hefði horfið sporlaust og hann kynni engin frekari deili á. Segir í dómnum að þessi framburður sé með ólíkindum, en samt sem áður þykir ósannað hver það var sem sat undir stýri. - sh

Félagsmálaráðherra:

# Unnið að lausn húsnæðisvanda Fjölsmiðjunnar

**ALÞINGI Starfsemi Fjölsmiðjunnar er mikilvæg og það þarf að finna lausn á húsnæðisvanda hennar. Að því er unnið, sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra á Alþingi í gær.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki tók málið upp á þingfundi en greint var frá húsnæðisvanda Fjölsmiðjunnar í Fréttablaðinu í gær.**

**Sagði Birkir málið standa upp á ríkisstjórnina og svaraði Jóhanna því til að rætt hefði verið við sveitarfélögin sem að starfseminni standa ásamt ríkinu. Málið væri því í farvegi. - bþs**

# Fjórtán prósent bera traust til borgarstjóra

**Um 67 prósent segjast bera lítið eða mjög lítið traust til Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. Tæp 14 prósent bera mikið eða mjög mikið traust til hans. Rúm 19 prósent segjast hvorki bera mikið né lítið traust til Ólafs.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 4,2 prósent segjast bera mikið traust til Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Að auki segjast 9,5 prósent bera mikið traust til hans. Samanlagt eru það því 13,7 prósent sem bera mikið eða mjög mikið traust til borgarstjóra.

Hins vegar segjast 46,8 prósent bera mjög lítið traust til Ólafs og 20,3 prósent bera lítið traust til hans. Samanlagt er það því 67,1 prósent sem bera lítið eða mjög lítið traust til Ólafs. 19,2 prósent segjast hvorki bera lítið né mikið traust til Ólafs.

Konur treysta Ólafi aðeins betur en karlar. 14,9 prósent kvenna segjast bera mikið eða mjög mikið traust til hans, en 12,6 prósent karla. Þá segjast 63,9 prósent kvenna bera lítið eða mjög lítið traust til borgarstjóra, en 70,1 prósent karla.

Ef litið er til trausts á borgarstjóra eftir fylgi við stjórnmálaflokka er minnihluti allra flokka sem segist bera lítið eða mjög mikið traust til Ólafs. Mest traust er borið til borgarstjóra meðal Frjálslyndra og sjálfstæðismanna, eða 40,0 prósent Frjálslyndra og 33,0 prósent sjálfstæðismanna, sem segjast bera mikið eða mjög mikið traust til hans. 46,7 prósent Frjálslyndra og 33,9 prósent sjálfstæðismanna bera hins vegar lítið eða mjög lítið traust til hans.

15,4 prósent framsóknarfólks ber mikið eða mjög mikið traust til Ólafs, en 76,9 prósent þeirra ber lítið eða mjög lítið traust til hans.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARSTJÓRI** Konur treysta Ólafi aðeins betur en karlar. Alls segjast 14,9 prósent kvenna bera mikið traust til Ólafs en12,6 prósent karla. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**TRAUST TIL BORGARSTJÓRA**




SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 24. MAÍ

8,3 prósent kjósenda Vinstri grænna og 4,1 prósent Samfylkingar treystir borgarstjóra mikið eða mjög mikið. 75,0 prósent Vinstri grænna og 88,5 prósent samfylkingarfólks treystir honum hins vegar lítið eða mjög lítið.

Ef litið er til þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk segjast 8,7 prósent bera mikið eða mjög mikið traust til Ólafs. 69,4 prósent bera lítið eða mjög lítið traust til hans og 21,8 prósent segjast hvorki bera mikið né lítið traust til borgarstjóra.

Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri laugardaginn 24. maí og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var: Hversu mikið traust berð þú til núverandi borgarstjóra, Ólafs F. Magnússonar? 91,2 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is



**FERTUGUR** Hjónin Friðrik og María Elísabet brosa blítt á Bessastöðum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danir samgleðjast prinsi:

# Friðrik krónprins fertugur

**DANMÖRK** Þúsundir hollra þegna dönsku konungsfjölskyldunnar söfnuðust saman fyrir utan Amalíuborgarhöll í Kaupmannahöfn í gær til að óska Friðriki krónprins til hamingju á fertugsafmælisdegi hans.

Heillaóskendur prinsins létu hellirigningu ekki á sig fá er prinsinn þakkaði fyrir sig af svölum hallarinnar, með eiginkonuna Maríu Elísabetu og börnin tvö með sér. Foreldrar Friðriks, Margrét Þórhildur drottning og Hinrik prins, létu líka sjá sig.

Meðal gjafa sem prinsinn fékk var forláta riffiltaska úr selskinni frá grænlensku landstjórninni. - aa

## ALÞINGI

### Jón spyr um póstinn

Jón Bjarnason VG vill svör frá samgönguráðherra um framtíð póstþjónustu í landinu. Vill hann vita hvort áform séu uppi um að fækka póstburðardögum víðar en þegar hefur verið ákveðið og hvort lokanir póstafgreiðslna séu fyrirhugaðar.

### Á að fjölga námsstöðum?

Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki, vill vita hvort heilbrigðisráðherra hyggist fjölga námsstöðum í heimilislækningum þar sem meira en 60 heimilislæknar munu á næstu árum hætta störfum sökum aldurs.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Flugfrakt
Sækjum og sendum – hratt og örugglega á hagstæðu verði.




Til/frá Reykjavík
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag
Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

Frumvarp um lántöku fyrir Seðlabankann verður rætt á Alþingi í dag:

# Gjaldeyrisforðinn styrktur

**ALÞINGI** Hægt verður að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans um sem nemur allt að 500 milljörðum króna samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra sem dreift var á Alþingi í gær og rætt verður í þinginu í dag.

Frumvarpið kveður á um að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, verði heimilt að taka slíkt lán og endurlána það Seðlabankanum.

Auk þess að efla gjaldeyrisforðann þykir æskilegt að svigrúm ríkissjóðs verði aukið til útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði ef þess er talin þörf, í því skyni að efla innlent fjármálakerfi og stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði, að því er fram kemur í athugasemdum frumvarpsins. Segir að mikil eftirspurn eftir skammtímabréfum að undanförnu hafi dregið nokkuð úr virkni peningastefnu Seðlabankans og haft óheppileg hliðaráhrif á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði.

Ekki liggur fyrir hvenær, að hvaða marki, í hvaða áföngum eða í hvaða hlutföllum erlendrar og innlendrar lántöku heimildin verður nýtt. Mun það ráðast af aðstæðum.



**ALÞINGI** Frumvarp um lántöku ríkissjóðs verður rætt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhrif hugsanlegrar lántöku á afkomu ríkissjóðs eru óljós enda ráðast þau af kjörum. - bþs



Velkomin
Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi*
Sparisjóðurinn leggur megináherslu á að eiga ánægjulegt samstarf við viðskiptavini sína. Verið velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina allra fyrirtækja á Íslandi – það er engin tilviljun að þeir eru hjá okkur.
* Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar.
SPARISJÓÐURINN
spar.is

## GENGIÐ26.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,01 | 72,35 |
| Sterlingspund | 72,01 | 72,35 |
| Evra | 113,38 | 114,02 |
| Dönsk króna | 15,197 | 15,285 |
| Norsk króna | 14,355 | 14,439 |
| Sænsk króna | 12,175 | 12,247 |
| Japanskt jen | 0,6961 | 0,7001 |
| SDR | 117,62 | 118,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
145,9253

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök orku- og veitufyrirtækja gagnrýna neikvætt álit um Bitruvirkjun:

# Skipulagsstofnun út fyrir lögin

**STJÓRNSÝSLA** „Vandséð er annað en að með þessari niðurstöðu sé stofnunin komin út fyrir lögbundið hlutverk sitt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum,“ segir Samorka um álit Skipulagsstofnunar um Bitruvirkjun.

Samorka, sem eru Samtök orku- og veitufyrirtækja, segir að Skipulagsstofnun hafi staðfest að mat á umhverfisáhrifum hafi verið unnið með lögbundnum hætti en segi jafnframt að bygging Bitruvirkjunar sé „ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu“.

Samorka vísar til þess lögunum var breytt árið 2005 þannig að Skipulagsstofnun eigi ekki að taka afstöðu til þess hvort fallast beri á eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hafi verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu. „Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisaðgerðirnar og færa rök fyrir þeim,“ vitnar Samorka í lögin um umhverfismat.



**ÖLKELDUHÁLS** Samorka gagnrýnir neikvætt álit um Bitruvirkjun.

Þá bendir Samorka á að hvorki bæjarstjórn Ölfuss né iðnaðarráðherra sem veitir nýtingarleyfi séu á nokkurn hátt bundin af því áliti Skipulagsstofnunar að Bitruvirkjun sé óásættanleg. Ekki náðist í Stefán Thors skipulagsstjóra í gær né fengust viðbrögð frá öðrum starfsmönnum Skipulagsstofnunar. **- gar**

Flóttamenn til Akraness:

# Aldrei fleiri á einum fundi

**AKRANES** Bæjaryfirvöld á Akranesi, Rauði kross Íslands og flóttamannanefnd félagsmálaráðuneytisins stóðu fyrir kynningarfundi vegna komu allt að þrjátíu manna hóps palestínskra flóttamanna frá Írak til Akraness í sumar. Allt að 250 manns komu á fundinn.

Guðrún Ögmundsdóttir, formaður flóttamannanefndar, sagði að fundurinn hefði verið mjög góður.

„Það hefur aldrei verið haldinn svona fjölmennur fundur á Akranesi,“ sagði hún. „Ég held að Skagamenn séu sterkari fyrir vikið.“ **- ghs**

Kjósendur Sjálfstæðisflokks:

# Velja Samfylkingu í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin er mun sterkari í Reykjavík, með 43,4 prósenta fylgi í könnun Fréttablaðsins, en á landsvísu, þar sem hún hefur 26 prósenta fylgi, samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur segir þetta sýna að kjósendur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík styðji hann til Alþingis en ekki borgarstjórnar.

„Flokkurinn mælist með rúm 37 prósent á landsvísu sem sýnir að hann nýtur fylgis í Reykjavík. Hins vegar er óánægja með borgarstjórnarflokkinn og kjósendur nefna Samfylkinguna frekar þar,“ segir Einar. **- kóp**

Faðir of vitlaus fyrir refsingu:

# Reyndi að blása upp son sinn

**KAMBÓDÍA** Kambódískur faðir verður líklega ekki ákærður fyrir að slasa fimm ára son sinn alvarlega með því að reyna að blása hann upp. Hrein heimska er nefnilega ekki ólögleg, að sögn þarlendrar lögreglu. Faðirinn dældi lofti inn í drenginn með því að stinga loftþrýstislöngu upp í endaþarm hans. Hann kvaðst aðeins hafa verið „að leika sér með stráknum“.

Drengurinn var fluttur með hættulega útþaninn kvið á sjúkrahús en er allur að braggast. Faðirinn sér að sögn mikið eftir fíflaskapnum. **- sh**

## DÓMSTÓLAR

### Vitnisburður lögreglu ekki nóg

Karlmaður hefur verið sýknaður af ákæru um að hafa ekið gegn rauðu ljósi. Maðurinn sagðist hafa ekið gegn gulu ljósi, og lögregluþjónn sem ók á eftir honum á mótorhjóli var eina vitnið sem hélt öðru fram. Dómurinn telur ekki komna fram sönnun á sekt mannsins.

# Telur ætlunina að selja orkufyrirtækin

**Þingmaður VG telur að með frumvarpi um breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði sé liðkað til fyrir sölu orkufyrirtækja. Iðnaðarráðherra segir þvert á móti að fyrirhugaðar breytingar þrengi möguleika á sölu orkufyrirtækja.**

**ALÞINGI** Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, telur frumvarp um breytingar á lögum er varða auðlinda- og orkumál til þess fallið að selja orkufyrirræki úr opinberri eigu.

Breytingartillaga meirihluta iðnaðarnefndar kveður á um að ríkið skuli eiga minnst 51 prósent í orkufyrirtækjum en í upphaflegu frumvarpi ráðherra var kveðið á um að opinbert eignarhald skyldi vera 66 prósent.

Í frumvarpinu er líka kveðið á um uppskiptingu á starfsemi orkufyrirtækja. Ber að starfrækja flutning og dreifingu, sem er einkaleyfisrekin starfsemi, í einu fyrirtæki en framleiðslu og sölu, sem er samkeppnisstarfsemi, í öðru.

Álfheiður telur þennan fyrirtækjaaðskilnað gerðan til að auðvelda einkaaðilum aðkomu að orkufyrirtækjum. „Við höfum ekki trú á að þetta sé gert til annars en að búa til bútasölu á þessum stóru opinberu fyrirtækjum. Þau eru of stór biti fyrir einkakapítalið til að gleypa í einum bita og nú á að búta þau niður og matreiða fyrir markaðinn,“ segir Álfheiður.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir – öfugt við Álfheiði – að frumvarpið þrengi möguleika á sölu orkufyrirtækja frá því sem nú er. Ótti í þá átt sé því ástæðulaus.

„Í dag getur hver sem er á EES-svæðinu keypt orkuvirki og menn hafa nýtt sér þann möguleika. Með þessu frumvarpi erum við að slá í gadda að ekki verði hægt að selja



**Á ALÞINGI** Álfheiður Ingadóttir segir breytingar á lögum um auðlinda- og orkumál stuðla að einkavæðingu orkufyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þær orkuauðlindir sem í dag eru í eigu opinberra aðila og tryggjum líka að aðilar á markaði geti aldrei náð meirihluta í sérleyfisfyrirtækjunum sem búa við náttúrulega einokun og sjá okkur fyrir heitu vatni og rafmagni,“ segir Össur.

Önnur umræða um frumvarpið fór fram í gær. Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, mælti fyrir nefndaráliti og breytingatillögum meirihlutans en Álfheiður og Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, sem bæði sitja í nefndinni, gerðu grein fyrir sínum álitum.

Megintilgangur frumvarpsins er, samkvæmt greinargerð, að tryggja núverandi eignarhald ríkis og sveitarfélaga á vatns- og jarðhitaréttindum. Álfheiður kveður flokk sinn styðja það ákvæði frumvarpsins. **bjorn@frettabladid.is**



**VIÐ ÚLFARSFELL** Jeppamenn eru sagðir ágengir í fjallinu.

Utanvegakstur í Mosfellsbæ:

# Jeppamenn aka um Úlfarsfellið

**UMHVERFISMÁL** „Nokkuð hefur borið á kvörtunum um utanvegaakstur í Mosfellsbæ að undanförnu og virðast jeppamenn meðal annars eiga það til að aka utan vegslóða í hlíðum Úlfarsfells,“ segir í frétt á heimasíðu Mosfellsbæjar.

„Nú vorar og er jarðvegur sérstaklega laus í sér og viðkvæmur fyrir átroðningi, og því sérstaklega þörf á að fylgja reglum um utanvegaakstur fast eftir,“ segir á mosfellsbaer.is þar sem íbúar sem verða varir við utanvegaakstur á vélknúnum ökutækjum eru hvattir til að láta lögreglu vita: „Það þarf ekki marga til að valda varanlegum skemmdum á viðkvæmri náttúru.“ **- gar**

## DANMÖRK

### Hljóp 217 kílómetra

Gunnlaugur A. Júlíusson, hagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varð fjórði í 24 tíma últramaraþoni í Borgundarhólmi í Danmörku um helgina. Gunnlaugur hljóp 217,7 kílómetra á 24 klukkustundum og bætti sig um 20 kílómetra frá því í fyrra.

## HEILBRIGÐISMÁL

### Kvenfélag gaf rafdrifin rúm

Kvenfélag Garðabæjar hefur gefið kvennasviði Landspítalans tvö rafdrifin rúm sem auðvelda eiga alla umönnun og þjónustu við sjúklinga.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
veðurfræðingur

**BONGÓBLÍÐA**
Ég á von á því að eftir því sem líði á daginn létti víða til á landinu, síst þó reyndar norðvestan til. Við erum að sigla inn í góðviðri um mest allt land, bæði á morgun og á fimmtudaginn. Á föstudag eru horfur á smálægð við austurströndina og þá kann að væta þar lítilsháttar. Helgin verður úrkomulítil og róleg.



Á MORGUN
3-8 m/s

FIMMTUDAGUR
Hæg, breytileg átt.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 22° |
| Stokkhólmur | 17° |
| Gautaborg | 20° |
| Helsinki | 11° |
| Eindhoven | 22° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 21° |
| Berlín | 22° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 28° |
| París | 22° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 19° |
| Alicante | 22° |
| Algarve | 19° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# KAWASAKI SJÁLFSTÆÐI OG KRAFTUR



Kawasaki

## NINJA ZX 6R

Eitt flottasta sporthjólið á götunni. Mögnuð hönnun og ótrúlegur kraftur.
Vatnskælt, bein innspýting, 167 kg, 125 hestöfl, 6 gírar.
VERÐ: 1.410.000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Kawasaki

## VULCAN VN 900 CUSTOM

Glæsilegt götuhjól í sígildum stíl. Vatnskælt, bein innspýting, 249 kg, 54 hestöfl, 5 gírar.
VERÐ: 1.190.000

Kawasaki

## VERSYS

Frábært ferðahjól sem hefur komið einstaklega vel út úr prófunum.
Vatnskælt, bein innspýting, 181 kg, 64 hestöfl, 6 gírar.
VERÐ: 990.000



N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220, OPIÐ VIRKA DAGA 08-18, LAUGARDAGA 10-14
Dalshrauni 17 Hafnarfirði, Hafnargötu 90 Reykjanesbæ, Innnesvegi 1 Akranesi, Tryggvabraut 18-20 Akureyri,
Lyngási 13 Egilsstöðum, Hrísmýri 7 Selfossi, Básaskersbryggju Vestmannaeyjum.

NITRO

## KJÖRKASSINN



*Er útskriftarveisla á dagskrá hjá þér þetta vorið?*

| | |
|---|---|
| Já | 25% |
| Nei | 75% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú vilja spilakassa burt úr skólahverfum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. Vísir

Umboðsmaður Alþingis gagnrýnir málsmeðferð málskotsnefndar LÍN:

# Hugað verði að starfsháttum

**MENNTAMÁL** Umboðsmaður Alþingis gerir athugasemdir við starfshætti málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) í nýlegu áliti.

Embættið hefur í tvígang fjallað um kvartanir sama einstaklings vegna úrlausna nefndarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að nefndin hafi ekki leyst rétt úr álitamálum sem þar komu upp.

„Þessi mál og fleiri sem ég hef haft til athugunar um úrlausnir nefndarinnar eru mér tilefni til þess að vekja athygli nefndarinnar á nauðsyn þess að hún hugi betur að starfsháttum sínum,“ segir meðal annars í álitinu.



**LÍN** Umboðsmaður Alþingis lagði það fyrir málskotsnefnd LÍN að fjalla aftur um mál lánþega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Umboðsmaður fjallar um þá ákvörðun málskotsnefndar að áætla tekjur á lánþega sem var að endurgreiða lán, en var ekki með tekjur hér á landi. Var á því byggt að hann hafi dvalið í Bandaríkjunum og óskað eftir því að hann afhenti gögn sem sýndu fram á tekjur eða tekjuleysi þar í landi.

Vegna orðalags í lögum hefði nefndin átt að ganga úr skugga um að lánþeginn sé sannarlega ekki skattskyldur af öllum tekjum hér á landi eins og lánþeginn hélt fram, að mati umboðsmanns. Það gerði nefndin ekki.

Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að úrskurður málskotsnefndarinnar hafi ekki verið í samræmi við stjórnsýslulög og lagði það fyrir nefndina að taka málið til meðferðar á ný. - bj

Sævar Marinó Ciesielski:

# Fær íslenskt ríkisfang

**ALÞINGI** Allsherjarnefnd bárust 53 umsóknir um ríkisborgararétt á vorþingi. Nefndin lagði til að 24 af þeim sem sóttu um yrði veittur ríkisborgararéttur.

Meðal þeirra er Sævar Ciesielski en hann hefur verið án ríkisfangs. Atli Gíslason, þingmaður og nefndarmaður í undirnefnd allsherjarnefndar, segir að Sævar hafi fyrst haft bandarískt ríkisfang þar sem þágildandi lög kváðu á um að ríkisfang barna stýrðist af föður. Sævar hafi ávallt búið á Íslandi og ekkert því til fyrirstöðu að veita ríkisfang. Alger samstaða hafi verið um þessa veitingu. - kdk

AÐALFUNDUR SÁÁ

verður haldinn miðvikudaginn 30. maí kl. 17 í Efstaleiti 7.

Dagskrá fundarins er:

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.

# Gallup afhent nöfn án leyfis sjúklinga

**Sjúkrahús Akureyrar braut lög um persónuvernd með því að senda Gallup upplýsingar um nöfn sjúklinga sem lágu á spítalanum. Samþykki sjúklinganna lá ekki fyrir. Gallup gerði könnun á viðhorfi til þjónustunnar fyrir sjúkrahúsið.**

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd segir að Sjúkrahús Akureyrar hafi ekki mátt afhenda Capacent Gallup gögn um þá sjúklinga sem lágu á spítalanum á árinu 2007.

Maður sem lá á Sjúkrahúsi Akureyrar snemma árs taldi óeðlilegt að utanaðkomandi fyrirtæki eins og Capacent Gallup hefði fengið upplýsingar um spítalavist hans. Að sögn fulltrúa sjúkrahússins hafði Capacent Gallup verið falið að framkvæma könnun á viðhorfi sjúklinga til þjónustu sjúkrahússins.

Áðurnefndur sjúklingur óskaði eftir því að Persónuvernd kannaði hvort unnið hefði verið í samræmi við lög um persónuvernd. Í bréfi til hans hafi komið fram að bæðist hann ekki sérstaklega undan því myndi starfsmaður Gallup hringja í hann. Gallup fékk síðan að vita um bæði þá sem vildu vera með í könnuninni og þá sem vildu það ekki.

„Það er ekkert ólíklegt að [á sjúkrahúsinu] hafi verið fólk sem var að gera eitthvað sem því fannst mjög viðkvæmt og vill gleyma, og þó svo að Gallup viti ekkert hvað þetta fólk var að gera á sjúkrahúsinu þá getur það tekið á að fá allt í einu símtal frá ókunnugum sem vita að þú varst á sjúkrahúsinu og þú veist ekki hvað þeir vita um þig meira!“ vitnar Persónuvernd í erindi mannsins.

Eftir mikla eftirgangsmuni og margítrekaðar óskir frá því í júní í fyrra fékk Persónuvernd loks svör frá Halldóri Jónssyni, forstjóra Sjúkrahúss Akureyrar, í janúar og febrúar á þessu ári. Svör frá sjúkrahúsinu við ítrekuðum viðbótarspurningum Persónuverndar bárust síðan í apríl.

Halldór sagði að samið hefði verið við Gallup á árinu 2004 um gerð tveggja þjónustukannana á árunum 2005 og 2007. Persónuvernd hefði í apríl 2005 verið send tilkynning um verkefnið „Gæði frá sjónarhóli sjúklings“.

Persónuvernd segir að þótt tilkynning sjúkrahússins hafi á árinu 2005 verið birt á heimasíðu Persónuverndar þá hafi ekki verið tekin afstaða til erindisins. Auk þess væri ekki getið um að endurtaka ætti könnunina á árinu 2007.

„Í því máli sem um ræðir liggur fyrir að upplýsingum um einstaklinga, þar á meðal kennitölum þeirra, sem lágu á Sjúkrahúsi Akureyrar var miðlað til utanaðkomandi aðila,“ segir Persónuvernd og kveður upp úr með að slíkt hafi verið óheimilt í tilfelli mannsins sem kvartaði enda um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða:

„Ekki verður litið svo á að einstaklingur hafi samþykkt miðlun viðkvæmra upplýsinga með því að láta hjá líða að andmæla henni.“

gar@frettabladid.is



**SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI** Spítalastjórnin vildi vita hug sjúklinga til þjónustunnar en braut á þeim lög um persónuvernd í leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ertu að hugsa um háskólanám?

Gakktu í hóp ánægðra nemenda við Háskólann á Akureyri

Hafðu samband við nemendur skólans og fáðu upplýsingar um allt er varðar námið, félagslífið, stúdentagarða, LÍN, kennara eða annað sem þér dettur í hug.

Hægt er að hringja í okkur í síma 840 8030 milli kl. 12 og 18 alla virka daga. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á fsha@fsha.is



fsha BYR SPARISJÓÐUR

www.fsha.is
www.haskolanam.is
www.unak.is

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um flugvöll í Vatnsmýrinni:

# Fulltrúar ekki á eitt sáttir

**REYKJAVÍK** Könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að um 60 prósent Reykvíkinga vilja flugvöllinn úr Vatnsmýri. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart. Málið sé umdeilt. „Á meðan ekki er ljóst hvert flugvöllurinn myndi fara er þetta skiljanleg niðurstaða. Sjálf tel ég að hann fari á endanum, þótt það verði ekki á næstu árum,“ segir Hanna.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknar, segir niðurstöðurnar skiljanlegar. „Við framsóknarmenn lögðum fram sáttatillögu um að völlurinn færi á Löngusker eða grynningar þar við. Ef það gengur ekki á hann að vera þar sem hann er.“

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi VG, segir könnunina athyglisverða. „Það vekur athygli að meirihluti Vinstri grænna vill sjá uppbyggingu í Vatnsmýrinni. Jafnframt gera menn kröfu um að innanlandsfluginu verði fundinn öruggur staður í framtíðinni.“

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, segir niðurstöðuna koma á óvart í ljósi stöðu efnahagsmála. „Í þessu svæði búa gríðarleg verðmæti og það er dýrt að hafa flugvöll þarna,“ segi Dagur. Hann segir það verkefni kjörinna fulltrúa að vinna að sátt í málinu.

Í yfirlýsingu sem Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sendi frá sér fagnar hann niðurstöðu könnunarinnar. Hann segir hana sýna að sjónarmið hans í málinu njóti meirihlutafylgis. - kóp



**FLUGVÖLLURINN** Um 60 prósent aðspurðra vildu ekki að flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni í könnun Fréttablaðsins.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



# ÞVOTTA DAGAR

15.-31. MAÍ

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

## TILBOÐSVERÐ

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTA VÉLAR

Grípið tækifærið!
SÍÐUSTU DAGAR!



## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND
• Taumagn: 7 kg
• Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

**AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND
• Taumagn: 6 kg
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 189.000 / PARIÐ**



**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 64810 ÍSLAND
• Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
• Mjög hljóðlátur
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 172.000 / PARIÐ**




*Gerðu hreinlega góð kaup!*

Íslenskt stjórnborð og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.

Fjöldi einstakra þvottavéla, þurrkara og uppþvottavéla eru nú á tilboðsverði.

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er að vinna leikgerð upp úr Íslendingasögunum?

2 Hvað heitir virkjunin sem styr stendur um á Hellisheiði?

3 Hvaða lið lék fyrsta leik sinn á nýjum knattspyrnuvelli um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Tveir erlendir fræðimenn telja offitu ekki eins hættulega og af er látið:

# Bacon mælir gegn grenningu

**HEILBRIGÐISMÁL** Hvert er samband þyngdar og heilsu? er yfirskrift málþings sem haldið verður í Háskólanum í Reykjavík í dag. Þar munu tveir erlendir fræðimenn fjalla um niðurstöður rannsókna sinna sem sýna að offita og ofþyngd sé ekki eins hættuleg og hingað til hefur verið talið.

Linda Bacon er prófessor við háskólann í San Francisco og Katherine Flegel er aðjúnkt við háskólann í Norður-Karólínu. Rannsóknir þeirra benda til þess að offita, það er BMI-stuðull yfir 30, valdi mun færri dauðsföllum en áður var talið og að ofþyngd, eða BMI-stuðull á bilinu 25 til 29, tengist lægri dánartíðni en það sem kallað er kjörþyngd. Þar að auki virðist meiri líkur á jákvæðum breytingum á lífsvenjum ef fólk setur sér ekki markmið um að grennast.

Bacon er sérfræðingur í átröskunum og efnaskiptum sem verða við líkamsrækt. Hún vinnur nú að rannsókn á því hvernig á að hvetja til breytinga á lífsstíl með árangursríkum hætti. Flegal er sérfræðingur í offitufaraldursfræðum og hefur gefið út fjölda bóka á því sviði.

Málþingið hefst klukkan eitt síðdegis í stofu 231 í Háskólanum í Reykjavík. Að fyrirlestri loknum verður opnað fyrir umræður. - sh



**OFFITA** Linda Bacon og Katherine Flegel eru ekki sannfærðar um skaðsemi þess að vera of þungur. NORDICPHOTOS / GETTY

Hollustuvörur hækka í verði:

# Gos og sætindi lækka í verði

**NEYTENDUR** Gos og sætindi er eini vöruflokkurinn sem lækkar í verði á milli annarrar og þriðju viku í maí, eða stendur í stað. Á heildina litið hækkaði vörukarfan en hollustuvörur hækka. Þetta koma fram í verðlagseftirliti ASÍ.

Það má því segja að slagorð Páls Vilhjálmssonar í bók Guðrúnar Helgadóttur: „Lakkrís lækki – lýsið hækki!" hafi loks borið árangur.

Mest varð hækkunin í Samkaupum-Strax, eða 2,2 prósent. Karfan lækkaði hins vegar í Samkaupum-Úrvali um 1,5 prósent og í Hagkaupum um 0,6 prósent. - kóp


mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

VOR Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN

Opin ráðstefna MPM námsins Hótel Loftleiðum, þingsal 1-4

Föstudaginn 30. maí, kl. 13-17

Útskriftarnemendur í MPM náminu kynna fjölbreytt lokaverkefni tengd verkefnastjórnun.

Dæmi um viðfangsefni eru:

- Verkefnastofur og verkefnaskipulögð fyrirtæki
- Menning og siðfræðileg álitamál í verkefnum
- Uppbygging þekkingar og færni í verkefnastjórnun
- Tæki og aðferðir í verkefnastjórnun
- Samningar og stefnumótandi þættir
- Skipuheildir og stjórnunaraðferðir



VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sjá dagskrá á mpm.is.

Allir velkomnir!

MPM • Verkfræðideild HÍ • Hjarðarhaga 6 • 107 Reykjavík • sími 525 4700


Stjórnarandstaðan ósátt:

# Fimmtíu þúsund mótmæla

**GEORGÍA, AP** Um fimmtíu þúsund manns komu saman í höfuðborg Georgíu í gær til að mótmæla úrslitum þingkosninga, sem stjórnarandstaðan segir vera fölsuð.



**SAAKASHVILI FORSETI**

„Kosningaþjófur" og „Georgía án Saakashvilis" er meðal þess sem skrifað stóð á mótmælaspjöldum.

Stjórnarflokkur Mikhaíls Saakashvili forseta hlaut, samkvæmt opinberum niðurstöðutölum kosninganna, 120 af 150 þingsætum, en stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn fékk 16 þingsæti.

„Við viðurkennum ekki þetta þing og neitum að taka sæti," sagði David Gamkriledze, leiðtogi Sameinaða stjórnarandstöðubandalagsins.

### REYKJAVÍKURBORG

**Flóðljósakæru vísað frá**

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur vísað frá kæru íbúa í Traðarlandi í Fossvogi vegna nýs skipulags sem gerir Víkingi kleift að útbúa nýjan gervigrasvöll með flóðljósum. Íbúarnir telja mengun og ónæði verða af fljóðljósunum en úrskurðarnefndin sagði kæru þeirra alltof seint fram komna.



**SPURNING UM ÖRYGGI** „Þetta er líka spurning um öryggi, þegar fólk hefur flogið samfleytt í sextán tíma er það farið að þreytast," segir Guðlaug Sigfúsdóttir, fyrrverandi flugfreyja hjá Jet-X. Guðlaugu var sagt upp um miðjan mars og telur að ástæðan sé sú að hún hafi beitt sér í réttindabaráttu flugfreyjanna. Stjórnendur Jet-X segja það rangt en vilja ekki ræða ástæður uppsagnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GILS

# Flugfreyjur vilja í Flugfreyjufélagið

**Flugfreyja segir að vinnutími og vinnuaðstæður hjá Jet-X séu ekki mannsæmandi. Flugfreyjum Jet-X sé meinað að ganga í Flugfreyjufélag Íslands. „Fullt félagafrelsi gildir á Íslandi," segir forstjóri Jet-X.**

**KJARAMÁL** Guðlaug Sigfúsdóttir flugfreyja segir að flugfreyjur hjá íslenska flugfélaginu Jet-X hafi viljað ganga í Flugfreyjufélag Íslands, FFÍ, og að gerður yrði kjarasamningur milli félagsins og Jet-X um mannsæmandi vinnutíma og vinnuskilyrði en stjórnendur félagsins standi gegn því. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Jet-X, segir að „fullt félagafrelsi" gildi á Íslandi og flugfreyjur geti gengið í það félag sem þær vilja.

Guðlaugu var sagt upp hjá Jet-X um miðjan apríl og telur hún að ástæðan sé sú að hún hafi verið talsmaður flugfreyjanna og verið að þrýsta á umbætur. „Ég var ekki skráð trúnaðarmaður heldur talsmaður og mér var sagt upp bara til að láta hina þegja því að ég þorði að tala fyrir hópinn," segir hún. Jón Karl segir að þetta sé rangt en vill ekki ræða ástæður uppsagnarinnar.

Guðlaug var ein ellefu flugfreyja sem sóttu um inngöngu í Flugfreyjufélag Íslands í haust en flugfreyjur hjá Jet-X hafa verið í VR og Verslunarmannafélagi Suðurnesja. Guðlaug segir að stjórnendur félagsins hafi lýst yfir að þeir vilji ekki aðild að Flugfreyjufélaginu því að þá „er ekki hægt að senda okkur í þessu löngu flug, alveg upp í tuttugu tíma með þrjár lendingar sem er svakalega langt", segir hún.

Guðlaug segir að flugfreyjurnar hafi viljað auka rétt sinn, semja um vinnutíma, hvíldartíma og hvíldaraðstæður og hafa sjúkrasjóð eins og hjá Flugfreyjufélaginu. Vinnutíminn sé langur og kröfurnar miklar. Þannig fái flugfreyjur hjá Iceland Express minnst 40 prósenta álag eftir 78 tíma á mánuði. Hún bendir á að flugfreyjur hjá Jet-X fljúgi í 110 tíma á mánuði áður en til álagsgreiðslna komi. Þá ljúki vinnutíma þeirra korteri eftir lendingu þó að farþegarnir séu ekki komnir út úr vélinni. „Við viljum sækja aðeins meiri rétt og ekki láta traðka á okkur. Við erum ekki að tala um neina sokkabuxnapeninga. Flugin eru löng og erfið en það er kannski þess meira virði ef maður hefur betri hvíldaraðstöðu og jafnvel stopp í eina nótt. Þetta er líka spurning um öryggi, þegar fólk hefur flogið í sextán tíma er það farið að þreytast."

> Við erum ekki að tala um neina sokkabuxnapeninga.
>
> **GUÐLAUG SIGFÚSDÓTTIR** FYRRVERANDI FLUGFREYJA HJÁ JET-X

Flugfreyjurnar sóttu um aðild að Flugfreyjufélaginu 1. september í fyrra en ekki hefur orðið af inngöngu þeirra þar sem vinnuveitandinn þarf að gefa samþykki, að sögn Guðlaugar. Viðræðurnar eru hjá ríkissáttasemjara.

ghs@frettabladid.is


TENA

Fagleg og persónuleg þjónusta

Sjúkraliði RV, Jóhanna Runólfsdóttir, leiðbeinir skjólstæðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

Sími: 520 6673
johanna@rv.is
www.rv.is




Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 040805




60PC45
## 60” Plasma sjónvarp
Upplausn 13366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200 cd/m$^2$
Svartími 0,001 ms




50PC51
## 50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m$^2$
Svartími 0,001 ms
100Hz

# SJÁÐU EM Í LG




42PT85
## 42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m$^2$
Svartími 0,001 ms
100Hz
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur




42LT75
## 42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m$^2$
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur




37LT75
## 37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m$^2$
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur




32LC56
## 32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450 cd/m$^2$
Svartími 7 ms
Stafrænn móttakari

**RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF**
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott



PENINGA- OG GENGISMÁL
RAUNTÍMAMÆLING EFNAHAGSUMSVIFA
ÓSAMHVERFAR SVEIFLUR DOLLARANS
TRÚVERÐUGLEIKI VERÐBÓLGUMARKMIÐS

**Ráðstefna á vegum Rannsóknarstofnunar í fjármálum við HR, fimmtudaginn 29. maí kl 12:15, stofu 201, Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2.**

Kl. 12.00
Léttar veitingar í boði Rannsóknarstofnunar í fjármálum

Kl. 12.15
Chiara Scotti, Federal Reserve Board : Real Time Measurement of Business Conditions

Kl. 13.00
Sigríður Benediktsdóttir, Yale háskóla : Exchange Rates Dependence: What Drives it?

Kl. 13.45
Friðrik Már Baldursson, Háskólanum í Reykjavík : Out of reach? Convergence towards the inflation target in the Central Bank of Iceland forecasting model

Kl. 14.30
Ráðstefnuslit

Tekið er við skráningum í skraning@ru.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




# Vilja innkalla aflaheimildir á 20 árum

**Vinstri græn kynntu í gær tillögur að svari við áliti mannréttindanefndar SÞ. Vilja breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu þannig að innköllun á aflaheimildum verði möguleg. Deilt er um hvort stjórnvöld séu bundin af áliti nefndarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri grænna leggur til að hafinn verði undirbúningur að nauðsynlegum lagabreytingum til að mögulegt verði að innkalla aflaheimildir frá núverandi handhöfum.

„Ef við hugsum þetta út frá venjulegum afskriftartíma fjárfestinga [...] held ég að það sé alveg ljóst að 20 ára innköllun, sem fer rólega af stað, fullnægi meðalhófssjónarmiðum í þessum efnum,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

Gert er ráð fyrir því að taka tvö prósent af aflaheimildunum á ári fyrstu fimm árin. Auk þess verði heimildunum endurúthlutað, svo eitthvað komi aftur í staðinn.

Steingrímur segist ekki telja að þeir sem eiga fiskveiðikvóta í dag muni eiga rétt á skaðabótum, nái tillögur VG fram að ganga. Aðgerðir verði með meðalhóf og sanngirni að leiðarljósi.

Forystumenn Vinstri grænna kynntu í gær tillögu flokksins að svari til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið bryti í bága við samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og jafnrétti allra manna. Frestur stjórnvalda til að svara nefndinni rennur út 11. júní.

Ein af tillögum VG gengur út á að þeir sem leigi kvóta missi hluta leigðra aflaheimilda, til dæmis fimm prósent, þegar úthlutað er að nýju á næsta fiskveiðiári.

„Það að leigja frá sér veiðiheimildir er yfirlýsing um að þú ætlir ekki sjálfur að nýta afnotaréttinn sem þú hefur,“ sagði Steingrímur. Þá hljóti ríkið að vera í fullum rétti að taka hluta kvótans. Tilgangur kerfisins sé ekki sá að búa til leigutekjur fyrir handhafana.

Ísland er bundið af áliti nefndarinnar og er skylt að fara eftir því, sagði Atli Gíslason, þingmaður VG, í gær. Þessu eru formenn ríkisstjórnarflokkanna ósammála.

brjann@frettabladid.is



**KYNNTU TILLÖGUR** Atli Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon og Katrín Jakobsdóttir kynntu tillögur Vinstri grænna um breytingu á stjórn fiskveiða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### TILLÖGUR VG AÐ SVARI TIL NEFNDARINNAR

- Að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að ljóst sé að jafnræðis verði gætt við úthlutun veiðiheimilda.
- Að hafinn verði undirbúningur að því að innkalla aflaheimildir frá núverandi handhöfum með lagabreytingu.
- Að hluta aflaheimilda sem eigandi leigir en nýtir ekki sjálfur verði haldið eftir strax á næsta ári.
- Að við úthlutun verði staða minni sjávarbyggða styrkt með óframseljanlegum byggðatengingum.
- Að byrjað verði á heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

### UNNIÐ AÐ SVARI

Álit mannréttindanefndar SÞ er ekki bindandi í alþjóðarétti, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á þingi í gær. Hann sagði sjávarútvegsráðherra hafa látið vinna vandaða lögfræðivinnu og styttist í að svarið verði tilbúið og sent nefndinni.


INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR
RÉTTU BÍLARNIR!



Renault **Mégane**
Ekinn 56 þús. Nýskr. 09/04
Verð áður: 1.470.000 kr.
2004 Beinskiptur — Nú: 990.000 kr.



Nissan **X-Trail** Elegance
Ekinn 36 þús. Nýskr. 01/06
2006 Sjálfskiptur — Verð: 3.050.000 kr.



Nissan **Titan LE** 5.6 V8
Ekinn 75 þús. Nýskr. 04/05
Verð áður: 3.350.000 kr.
2005 Sjálfskiptur — Nú: 2.650.000 kr.



Nissan **Patrol** Elegance
Ekinn 47 þús. Nýskr. 04/05
2005 Sjálfskiptur — Verð: 4.370.000 kr.



Opel **Astra**
Ekinn 46 þús. Nýskr. 01/05
2005 Beinskiptur — Verð: 1.430.000 kr.



Toyota **Yaris**
Ekinn 65 þús. Nýskr. 01/01
2001 Sjálfskiptur — Verð: 850.000 kr.



Opel **Meriva** 1.6 DVD Edition
Ekinn 32 þús. Nýskr. 11/04
2004 Ssk / bsk — Verð: 1.470.000 kr.



Subaru **Forester**
Ekinn 89 þús. Nýskr. 01/03
2003 Sjálfskiptur — Verð: 1.450.000 kr.



Nissan **Pathfinder** 2.5 LE
Ekinn 43 þús. Nýskr. 12/05
2005 Sjálfskiptur — Verð: 4.690.000 kr.



Saab **9-5 Arc**
Ekinn 115 þús. Nýskr. 10/02
2002 Sjálfskiptur — Verð: 2.590.000 kr.

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

IH INGVAR HELGASON

ENNEMM / SIA / NM33912

Kannabis-klúður í Japan:

# Tollari týndi fíkniefnum

**JAPAN** Ókunnur farþegi á Narita-flugvelli í Japan komst nýlega í gegnum öryggisgæslu vallarins með 142 grömm af kannabisefnum, án þess að hafa hugmynd um það.

Tollgæslumaður flugvallarins valdi ferðatösku af handahófi og kom efnunum fyrir í hliðarvasa til að prófa öryggisgæslu vallarins. Fíkniefnahundar urðu ekki neins varir og tollgæslumaðurinn gat ómögulega munað í hvaða tösku hann setti efnin. Enn er ekki vitað hvar eiturlyfin eru niðurkomin. Tollstjóri flugvallarins segist harma mistökin, en afar ströng viðurlög gilda um vörslu kannabisefna í Japan. **- kg**

Opinberum störfum á landsbyggðinni hefur fjölgað um 85 á einu ári:

# Fjölgunin mest á Vestfjörðum

**ALÞINGI** Opinberum störfum fjölgaði um 30 á Vestfjörðum á tímabilinu frá 1. maí 2007 til 1. maí 2008. Á sama tímabili fjölgaði opinberum störfum á landsbyggðinni allri um samtals 85.

Þetta kemur fram í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar.

Opinberum störfum hefur fjölgað á sjö landsvæðum sem könnuð voru en fækkað um fimm í Þingeyjarsýslum.

Atvinnuþróunarfélög öfluðu upplýsinganna en fram kemur að þau notuðu ekki að öllu leyti sambærilegar aðferðir við öflunina. Því verði að taka svörunum með fyrirvara.

Nefnd vinnur að útfærslu verkefnisins Störf án staðsetningar. Á þeim vettvangi er meðal annars rætt um að framvegis verði, við allar ráðningar hjá ríkinu, vegið og metið hvort vinna megi viðkomandi starf óháð staðsetningu og þurfi stjórnendur að rökstyðja ef þeir telja að ekki sé hægt að skilgreina starf sem slíkt.

Reiknað er með að frumvarp til laga um störf óháð staðsetningu verði lagt fram á næsta þingi. **- bþs**

**TILFÆRSLA OPINBERRA STARFA**

| Svæði | Fjölgun | Fækkun | Breyting |
|---|---|---|---|
| Reykjanes | 7 | 0 | 7 |
| Vesturland | 11 | 6 | 5 |
| Vestfirðir | 30 | 0 | 30 |
| Norðurl.v | 4 | 0 | 4 |
| Eyjafjörður | 20 | 0 | 20 |
| Þingeyjarsýsl. | 3 | 8 | -5 |
| Austurland | 15 | 2 | 13 |
| Suðurland | 11 | 0 | 11 |
| **Samtals** | **101** | **16** | **85** |



**HÚSAVÍK** Opinberum störfum hefur fækkað í Þingeyjarsýslum.



**EDINBORGARHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI** Heimildarmyndahátíð og ráðstefna fer þar fram 29. maí til 1. júní í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimildarmyndahátíð:

# Hindranir burt á Ísafirði

**ÍSAFJÖRÐUR „Breaking the barriers“ eða Hindranir burt er heiti alþjóðlegrar heimildarmyndahátíðar og ráðstefnu sem haldin verður í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 29. maí til 1. júní næstkomandi.**

**Hátíðin er haldin á vegum Sumarskóla Hrafnseyrar en aðstandendur eru Félag norrænna mannfræðinga í sjónrænni mannfræði, Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Háskólasetur Vestfjarða í samvinnu við fleiri aðila. Fyrir hádegi verða fyrirlestrar á ensku en eftir hádegi verða sýndar heimildarmyndir. - ovd**

SGS og ríkið:

# Laun hækka um 20 þúsund

**VINNUMARKAÐUR** Gengið hefur verið frá kjarasamningi Starfsgreinasambandsins, SGS, og ríkisins. Samningurinn gildir til ellefu mánaða eða fram til marsloka 2009. Launataxtar hækka um 20.300 krónur frá 1. maí og frá sama tíma tekur ný launatafla gildi. Persónuuppbót verður 44.100 krónur á þessu ári og orlofsuppbót 24.300 krónur.

Réttur foreldra til fjarveru vegna veikinda barna fer úr tíu dögum í tólf, eftir því sem fram kemur á vef SGS. Þá hækkar framlag ríkisins í styrktar- og sjúkrasjóð í 0,75 prósent af heildarlaunum starfsmanns frá 1. janúar 2009. Þá var samið um sérstaka jöfnunargreiðslu, 17.000 krónur, fyrir ræstitækna í tímamældri ákvæðisvinnu sem greidd verður 1. desember, svo það helsta sé nefnt.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Innbrotsþjófa leitað

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar tveggja manna sem á föstudagsmorgun brutust inn í íbúðarhús í Holtunum í Reykjavík og stálu þaðan verðmætum rafmagnsverkfærum. Hefur lögreglan lýsingar á mönnunum en mikið hefur verið um verkfæraþjófnaði að undanförnu.

### Meintar ólöglegar veiðar

Þyrla Landhelgisgæslunnar stóð togbát að meintum ólöglegum veiðum á Lónsbugt við suðaustanvert landið á laugardag. Skipinu var vísað til Hafnar í Hornafirði, þar sem málið er í lögreglurannsókn.





**HANDTEKNIR Í MOSUL** Tveir uppreisnarmenn í borginni Mosul í N-Írak standa handteknir við fangelsisvegg. Um helgina var 79 föngum sleppt í borginni þar sem stjórnarherinn berst við uppreisnarmenn. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlegri ráðstefnu um klasasprengjur lýkur innan fárra daga:

# Fórnarlömb vilja algjört bann

**ÍRLAND, AP** Fórnarlömb klasasprengna skoruðu í gær á fulltrúa 110 ríkja á ráðstefnu í Dublin að samþykkja alþjóðlegt bann við notkun á þessu skaðræðisvopni.

Á ráðstefnunni hafa fulltrúar ríkjanna setið á rökstólum í viku og er reiknað með því að þeir muni á föstudag kynna samkomulag um að settar verði strangar hömlur á notkun klasasprengna.

Stærstu framleiðendur og notendur þessarar sprengjutegunda, nefnilega Bandaríkjamenn, Rússar, Kínverjar, Ísraelar, Indverjar og Pakistanar, eru þó fjarri fundarhöldunum og ætla ekkert mark að taka á samningnum.



**RÁÐSTEFNAN Á ÍRLANDI** Búist við samkomulagi fyrir vikulok. NORDICPHOTOS/AFP

Klasasprengjur eru eitt umdeildasta vopn samtímans. Þær eru hlaðnar mörgum smásprengjum, sem stundum springa ekki allar strax heldur kannski löngu síðar þegar fólk rekur sig í þær á förnum vegi.

Hópur fórnarlamba, sem hafa mörg hver misst útlimi eða augu, hélt í gær blaðamannafund í tengslum við ráðstefnuna þar sem þau lögðu áherslu á nauðsyn þess að alþjóðlegt bann verði samþykkt.

„Að varpa mörgum sprengjum nálægt óbreyttum borgurum er glæpsamlegt,“ sagði Dejan Dikic, serbneskur kennari sem særðist illa á fæti þegar hermenn á vegum Atlantshafsbandalagsins köstuðu klasasprengju á bæinn Nis árið 1999. **- gb**

Forystumenn innan BHM:

## Ráða ráðum sínum í dag

**VINNUMARKAÐUR Samninganefnd ríkisins átti samningafund með félögum innan Bandalags háskólamanna, BHM, til dæmis hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, lífeindafræðingum og Huggarði og hafa fundir verið bókaðir áfram út vikuna.**

**„Við erum ekki sest inn í lokað herbergi,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, um framvinduna.**

**„Hvert og eitt félag er í sínum viðræðum.“**

**Forystumenn innan BHM hittast í dag til að ráða ráðum sínum og ákveða hvaða stefna verður tekin.** **- ghs**

Viðurkenning í fyrsta sinn:

## Félagsráðgjafi ársins valinn

**FÉLAGSMÁL** Félagsráðgjafafélag Íslands hefur valið Hönnu Láru Steinsson félagsráðgjafa ársins en þetta er í fyrsta skipti sem félagsráðgjafi ársins er valinn. Þetta var tilkynnt við hátíðlega athöfn hjá Félagsráðgjafafélaginu síðdegis í gær.



**HANNA LÁRA STEINSSON**

Í umsögn segir að Hanna Lára stýri eigin ráðgjafarstofu um Alzheimer og öldrun og sé að hefja samstarf við Heilsuverndarstöðina þar sem opnuð verði skammtímadeild, dagdeild og afþreying fyrir nýgreinda sjúklinga. Þetta séu ný úrræði fyrir þennan hóp. **- ghs**

Ásókn ferðamanna eykst þrátt fyrir að hvalveiðar séu stundaðar hér við land:

# Gestum fjölgar í kjölfar hvalveiða

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendum gestum á Leifsstöð fjölgaði um 14 prósent árið 2003 en það sama ár hófust hvalveiðar í vísindaskyni. Árið eftir fjölgaði þeim um 13 prósent. Árið 2006 voru heimilaðar hvalveiðar í atvinnuskyni en það ár fjölgaði gestum um 12 prósent og 15 prósent árið eftir.

„Það er svo margt annað sem getur útskýrt þessa fjölgun,“ segir Anna G. Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Samtökum ferðaþjónustunnar og situr jafnframt í Ferðamálaráði. „Á árunum 2002 til 2003 var sett mikið fé í markaðsmál og það ber mikinn ávöxt þegar lagt er í slíka markvissa markaðsherferð. Eins hefur erlendum starfsmönnum fjölgað hér á landi síðustu ár. En hvað sem þessum tölum líður þá hafa hvalveiðar skaðað ímynd Íslands og einnig ferðaþjónustuna. Við finnum það á viðbrögðum fólks sem hefur til dæmis afpantað ferðir hingað. En það sem mér finnst einna sorglegast er að hrefnuveiðimenn skuli veiða á svipuðum slóðum og hvalaskoðunin fer fram. Enda er það svo að fyrir nokkrum árum sáust hvalir í 95 prósentum skoðunarferða á Faxaflóa en það hlutfall hefur farið minnkandi.“

Gunnar Bergmann, formaður Félags hrefnuveiðimanna, segist hafa rætt við skipstjóra á hvalaskoðunarbátum og hafi menn náð samkomulagi um það hvernig þetta gæti farið sem farsællegast saman. **- jse**

**FJÖLDI ERLENDRA GESTA SEM KOMA UM LEIFSSTÖÐ**

| | Fjöldi | Fjölgun í % |
|---|---|---|
| **2000** | **289.418** | |
| 2002 | 270.307 | |
| 2003 | 308.768 | 14% |
| 2004 | 348.533 | 13% |
| 2005 | 356.152 | 2% |
| 2006 | 398.625 | 12% |
| 2007 | 458.889 | 15% |

Heimild: Ferðamálastofa



**FRÁ LEIFSSTÖÐ** Erlendum gestum á Leifsstöð hefur fjölgað sömu ár og árin eftir að hvalveiðar voru heimilaðar. Anna G. Sverrisdóttir segir hvalveiðar skaða ferðaþjónustuna en markvissu markaðsstarfi sé að mestu að þakka fjölgun ferðamanna.

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42448 05/08

Toyota - Varahlutir

Núna er 15% afsláttur af rúðuþurrkum hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota um allt land.
Gildir til 30. júní 2008. Njóttu sumarsins og fegurðar landsins í gegnum hreina framrúðu.
Komdu og skiptu um þurrkur – fyrir ánægjulegri akstur.

Viðurkenndir Toyota varahlutir í alla bíla, alls staðar.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 2-8, Kópavogur, Sími: 570-5070
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf., Bæjarflöt 13, Reykjavík, Sími: 577-7080
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070
Bílatangi ehf., Suðurgötu 9, Ísafjörður, Sími: 456-4580
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, Sauðárkrókur, Sími: 455-4500
Bílaleiga Húsavíkur ehf., Garðarsbraut 66, Húsavík, Sími: 464-2500

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.783 **-0,94%**

**Fjöldi viðskipta:** 236
**Velta:** 1.841milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FÆREYJA BANKI** | +1,65% | **ATL. PETROLEUM** | -6,73% |
| **CENTURY ALUM.** | +1,11% | **EIK BANKI** | -2,52% |
| **TEYMI** | +0,6%% | **BAKKAVÖR** | -1,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,06 +0,00% ... Bakkavör 34,50 -1,71% ... Eimskipafélagið 20,10 +0,00% ... Exista 10,02 -0,89% ... Glitnir 17,45 -0,85% ... Icelandair Group 20,55 -1,68% ... Kaupþing 776,00 -1,15% ... Landsbankinn 25,45 -0,97% ... Marel 95,20 -0,31% ... SPRON 4,47 -0,89% ... Straumur-Burðarás 11,41 -0,26% ... Teymi 3,35 +0,60% ... Össur 97,30 -0,51%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Íbúðaverð á niðurleið en sementsala eykst

Staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 1,6 prósent í mars að teknu tilliti til árstíðasveiflu. Árshækkunin nam 7,0 prósentum. Fjölbýli lækkaði um 2,2 prósent milli mánaða og hefur ekki lækkað jafn mikið frá því í maí árið 2001, segir í Hagvísum Seðlabanka Íslands.

Verðbólga mæld sem breyting á vísitölu neysluverðs hækkaði um 3,4 prósent í apríl og hefur hækkað um 11,8 prósent á síðustu 12 mánuðum. Mest áhrif hafði verðhækkun nýrra bíla um 11 prósent og hækkun á mat og drykkjarvörum um 6,4 prósent.

Helstu vísbendingar um eftirspurn benda til að áfram hafi hægt á vextinum í apríl. Nýskráningum bifreiða fækkaði milli ára í apríl annan mánuðinn í röð, um tæplega 37 prósent. Vöruviðskipti við útlönd voru óhagstæð um 2,8 milljarða króna í mars.

Sementssala án stóriðju virðist vera að aukast. Nam ársvöxtur hennar tæplega 35 prósent í apríl en eitt prósents samdráttur varð á fyrsta fjórðungi ársins. Væntingavísitala Gallup hækkaði lítillega í apríl en mældist 30 prósentum lægri í ár en á sama tíma og í fyrra.

Í Hagvísum Seðlabankans kemur einnig fram að ríkissjóður skilaði betri afkomu en á sama tíma í fyrra. Afgangur ríkissjóðs var um fjórum milljörðum króna meiri í ár en í fyrra. **- bþa**

# Vísitala neysluverðs hækkar

Vísitala neysluverðs í maí er 304,4 stig og hækkaði um 1,37 prósent frá fyrra mánuði, samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 273,6 stig og hækkaði um 1,48 prósent frá apríl.

Gengissig krónunnar og erlendar verðhækkanir halda áfram að skila sér út í verðlagið. Verð á bensíni og olíu hækkaði um 5,7 prósent. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 12,3 prósent en án húsnæðis um 11,4 prósent. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 6,4 prósent sem jafngildir 28 prósenta verðbólgu á ári. **- as**



**HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI** Marel hefur selt skuldabréf fyrir sex milljarða króna og stefnir á hlutafjárútboð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Marel selur fyrir sex milljarða

Marel Food Systems lauk á föstudag við sölu skuldabréfa fyrir jafnvirði sex milljarða króna. Í næstu viku stefnir fyrirtækið á hlutafjárútboð. Því mun ljúka á föstudag í næstu viku.

Þeir hluthafar Marel sem heimild hafa til að taka þátt í útboðinu þurfa að vera skráðir hluthafar í enda 2. júní. Auk hluthafa munu þeir fjárfestar sem óska sérstaklega eftir hlutum verða að skrá sig fyrir 75 þúsund hlutum hið minnsta, líkt og segir í tilkynningu.

Söluverðmæti hlutanna nemur 117 milljónum evra, jafnvirði þrettán milljarða króna. Marel hefur hins vegar heimild til að auka hlutinn í 147 milljónir evra verði umframeftirspurn í útboðinu. **- jab**

# Hækka vextina

Ungverjar hækkuðu stýrivexti í gær úr 8,25 prósent í 8,5. Ungverjar eru í hópi hávaxtaríkja og glíma líkt og við Íslendingar við versnandi verðbólguhorfur. Norðmenn og Pólverjar tilkynna um vaxtaákvarðanir á morgun og er búist við að Norðmenn haldi stýrivöxtum óbreyttum í 5,5 prósentum og Pólverjar einnig í 5,75 prósent. **-as**

# TM má kaupa

**Fjármálaeftirlitið hefur veitt Tryggingamiðstöðinni hf. heimild til þess að kaupa Íslenska endurtryggingu hf. Fyrir kaupin átti Tryggingamiðstöðin hf. 36,02% af heildarhlutafé Íslenskrar endurtryggingar hf. en á nú félagið í heild.**

**Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hefur starfsemi Íslenskrar endurtryggingar einskorðast frá árinu 2000 við að gera upp eldri endurtryggingarsamninga. Í ljósi þessarar stöðu varð það nýverið að samkomulagi að helstu eigendur félagsins myndu gera tilboð í aðra eignarhluti í félaginu. Boði Tryggingamiðstöðvarinnar hf. var tekið. Auk Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og tíu annarra aðila áttu Vátryggingafélag Íslands hf. og Sjóvá Almennar tryggingar hf. eignarhlut í félaginu.** **-bih**


RÁÐSTEFNA HÁSKÓLANS Á BIFRÖST:

Hvert er töframeðalið?

Miðvikudaginn 28. maí frá kl. 9 – 12.30



SKRÁNING Á BIFROST@BIFROST.IS

WWW.BIFRÖST.IS

STJÓRNUN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU EFNIR TIL RÁÐSTEFNU:

Fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu – kostir og gallar

Hver er framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi? Verður opinberri og einkarekinni heilbrigðisþjónustu blandað saman áfallalaust? Hverjir eru kostir og gallar hvors kerfis fyrir sig? Er til eitthvert töframeðal? Þessum spurningum og mörgum fleirum verður leitast við að svara á ráðstefnunni „Fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu – kostir og gallar“ sem Stjórnun heilbrigðisþjónustu við Háskólann á Bifröst efnir til.

Á ráðstefnunni mætist fjöldi sérfróðra aðila úr ólíkum áttum og tekist verður á um knýjandi spurningar um rekstur heilbrigðiskerfis á Íslandi.

Ráðstefnustjóri er Ásta Dís Óladóttir dósent og forstöðumaður meistaranáms í stjórnun heilbrigðisþjónustu við Háskólann á Bifröst. Ráðstefnan fer fram á ensku og fer skráning fram með tölvupósti á bifrost@bifrost.is.

Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík miðvikudaginn 28. maí frá kl 9.00 – 12.30, aðgangur er ókeypis.

DAGSKRÁ

**Ágúst Einarsson,** rektor Háskólans á Bifröst, setur ráðstefnuna.

**Guðlaugur Þór Þórðarson,** heilbrigðisráðherra, flytur ávarp.

Erindi flytja:
**Dr. Allyson Pollock,** prófessor við Edinborgarháskóla.

**Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir,** stjórnsýsluráðgjafi hjá Heilbrigðisráðuneytinu.

**Dr. Kieke Okma,** dósent við háskólann í New York, NYU.

**Gestur Pétursson,** Stjórnarformaður Heilsuverndarstöðvarinnar.

Pallborð:
**Stjórnendur í heilbrigðisþjónustu**
Allyson Pollock, Anna Birna Jensdóttir, Ásta Möller, Kieke Okma, Sigurður Guðmundsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, Vilhjálmur Egilsson og Ögmundur Jónasson.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM33228

## Sparaðu með Brimborg
### Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði.

**Volvo V50 SE m/leðri** 2,4i 140 hö 220 Nm sjálfskiptur Station
CO2 losun 217 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 4.563.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 667.141 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði.

**Ford Escape XLS AWD** 2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 549.943 kr.
6 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

Bensínverðvernd
Brimborgar & ÓB

99kr.

Nýjung. Bensínverðvernd Brimborgar: tryggir þér 1.500 lítra af bensíni á 99 krónur.

ÓB ódýrt bensín

# ur skilað
# r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

## Tilboð. Rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði.

**Mazda3 Touring**

1,6i 105 hö 145 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 172 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.590.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 354.910 kr.
8 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

## Tilboð. Rekstrarleiga 28.900 kr. á mánuði.

**Citroën C3 SX**

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.980.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 28.900 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 275.678 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Stjórnarsamstarfið eftir eitt ár.

## Átján ára verðbólgumet

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stærðu sig af því nú um helgina að um áttatíu prósent stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar væri nú í höfn eða í góðum farvegi í viðkomandi ráðuneyti. Tilefnið var að meta samstarf ríkisstjórnarinnar eftir eitt ár.

Erfitt er að meta gildi fullyrðingarinnar um áttatíu prósent því ekki er vitað um öll verkefni sem verið er að vinna að innan ráðuneytanna né heldur hvað kemur út úr þeirri vinnu.

Það sló tóninn fyrir þetta fyrsta ár þegar Hafrannsóknastofnun mælti með því að þorskkvótinn yrði minnkaður um þriðjung. Þrátt fyrir að fiskveiðar séu, sem betur fer, ekki lengur eina undirstaða íslensks efnahagslífs munar um minna.

Það sem stendur upp úr nú er að ekki hefur tekist að fylgja fyrsta kafla stefnuyfirlýsingarinnar; um trausta og ábyrga efnahagsstjórn. Þar segir að eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar sé að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Það er það sem nú á vantar.

Stjórnarandstaðan gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega hér í Fréttablaðinu á laugardag og sagði stjórnina ekki hafa tekið á efnahagsvandanum. Sumir, líkt og Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, þurfa í þeim efnum einnig að líta í eigin barm, því hluti af vandanum nú er ofþensla efnahagsins á síðasta kjörtímabili þegar hann átti aðild að ríkisstjórn. Hann sagði í laugardagsblaðinu að það hefði verið alveg ljóst á síðustu tveimur árum síðustu ríkisstjórnar að verið væri að glíma við ofþenslu. Því er eðlilegt að spyrja hvort hann telji þá ekki að ríkisstjórnin sem hann átti aðild að hefði ekki átt að bregðast við þá, í stað þess að bíða eftir aðgerðum þessarar ríkisstjórnar? Steingrímur J. Sigfússon er samkvæmari sjálfum sér, þar sem hann hefur gagnrýnt skort á viðbrögðum ríkisstjórnanna við ofþenslu síðustu ára.

Hættumerkið í efnahagslífinu sem blasti við okkur í gær var ný mæling á verðbólgunni sem sýndi að hún hefði ekki verið hærri í átján ár. Viðbrögð Geirs H. Haarde voru á þá leið að hann reiknaði með að nú færi að hægja á verðbólgunni, líkt og hann sagði fyrir mánuði síðan. Það er þá kannski spurning hvernig eigi að bregðast við verðbólgunni, á annan hátt en bara að bíða og vona. Verðbólga er auðvitað ekkert annað en kjararýrnun fyrir almenning í landinu og því nauðsynlegt að reyna að spyrna við fótum gegn henni. Verkalýðshreyfingar hafa í þeim efnum staðið sig vel, með takmörkuðum launahækkunum í nýafstöðnum kjarasamningum.

Það verður ekki dregið í efa að ráðherrar hafi reynt að ná tökum á efnahagslífinu, þó svo svör þeirra við fyrirspurnum fjölmiðla hafi verið á þá leið að það verði bara að bíða og sjá. Eitt svarið lá fyrir í gær þegar dreift var á Alþingi frumvarpi sem heimilar erlenda lántöku. Nú hefur verið rætt um það í nokkurn tíma að ríkisstjórnin verði að fara í slíka lántöku og því spurning af hverju frumvarpið var ekki lagt fram fyrr, til að sýna að ríkisstjórninni væri full alvara með það að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans og verja efnahagslífið frekari áföllum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til verka!

Ólíkt Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra, sem túlkar öll tíðindi sér í hag, vita sjálfstæðismenn í Reykjavík að þeir eru í öldudal og hafa því gripið til fumlausra mótvægisaðgerða. Í gær sendi Sjálfstæðisflokkurinn frá sér fréttatilkynningu þess efnis að borgarstjórnarflokkurinn hefði opnað nýja heimasíðu – í nýrri og glæsilegri mynd! Nú þegar þetta þjóðþrifaverk er frá geta sjálfstæðismenn í borginni væntanlega kastað mæðinni og farið að einbeita sér að öðrum málum. Til dæmis pólitík.



### Vinsælt embætti

Umsóknarfrestur um starf framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga rann út 19. maí. Alls sóttu 22 um. Í hópi umsækjenda um starf framkvæmdastjóra SÍSF eru Svavar Halldórsson, fréttamaður á Sjónvarpinu, Gunnlaugur A. Júlíusson, hagfræðingur hjá SÍSF, og Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

### Myndarlegur ritstjóri

Nýtt tölublað Heimaskaga, málgagns Frjálslynda flokksins á Akranesi, leit dagsins ljós fyrir stuttu. Á forsíðunni er stór mynd af Magnúsi Þór Hafsteinssyni, varabæjarfulltrúa og varaformanni Frjálslynda flokksins. Ekki óeðlilegt í ljósi þess að hann hefur verið í fylkingarbrjósti frjálslyndra, þ.e.a.s. flokksins, á Skaganum undanfarið. Heimaskagi telur fjórar síður. Á síðu tvö er greinargerð eftir Magnús Þór og á síðu þrjú áskorun til Karenar Jónsdóttur um að segja af sér. Báðum fylgir mynd af Magnúsi Þór. Á baksíðunni er svo auglýsing fyrir Eyjublogg Magnúsar, með teikningu af honum. Semsagt fjórar myndir af Magnúsi á jafnmörgum síðum. Ritstjóri Heimaskaga er Magnús Þór Hafsteinsson.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Sjálfsagður hlutur



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Umrót

Sá tími er liðinn að fólk ráði sig hjá traustu fyrirtæki, vinni sig upp og starfi þar í áratugi, jafnvel þar til það fer á eftirlaun. Fólk vill gjarnan tilbreytingu, gerir kröfu um að vera ánægt í vinnunni og vill kannski mennta sig meira á miðjum aldri eða víkka sjóndeildarhringinn með því að vinna erlendis um tíma. Aðrir vilja fyrst og fremst stöðugleika, kjósa að vera hjá sama fyrirtæki sem lengst og leggja mikið upp úr trausti og trúnaði við það. Hins vegar er ekki á vísan að róa með traust fyrirtæki lengur. Þau geta fyrr en varir verið komin í eigu nýrra aðila sem gefa lítið fyrir starfsreynslu og trúnað við vinnustaðinn. Vilja ný andlit og kalla það frískara yfirbragð. Einnig er nokkuð um að samruni fyrirtækja kalli á breytta þjónustu og nýja þekkingu.

Ef marka má aðferðir við uppsagnir víðast hvar, er ljóst að gengisfall hefur orðið á því að vera traustur og góður vinnukraftur. Starfsmaður er nú gjarnan kallaður inn á skrifstofu einhvers deildarstjóra, umbúðalaust sagt upp störfum og tilkynnt að hann verði að yfirgefa vinnustaðinn strax. Síðan er staðið yfir honum meðan hann tekur saman persónulegar eigur og honum fylgt út á hlað. Punktur. Jafnvel eftir þrjátíu ára starf. Sé um um hópuppsagnir að ræða er mönnum kannski boðið að setjast niður saman, síðan birtist forstjórinn á skjá eða tjaldi, segir þeim tíðindin og þakkar fyrir góð störf. Ekki einu sinni handtak.

Það segir sig sjálft að það er hart fyrir hvern sem er að vera sviptur sjálfsvirðingunni um leið og afkomunni, ekki síst vegna þess að það er algjör óþarfi. Eina sem stjórnandinn þarf að gera er að koma fram við starfsmann á þessum tímamótum eins og hann væri frændi hans eða skólabróðir, en ekki númer á launaskránni.

**Ég er farinn**

Reyndar er rétt að gangast við því að það er barnaskapur að vísa til vensla eða vinatengsla í samhengi við uppsagnir á vinnustað þegar litið er til þess hvernig margir kjósa að slíta hjónabandi sínu. Stundum er aðdragandi að hjónaskilnuðum og báðir aðilar gera sér grein fyrir hvert stefnir. Hitt er býsna algengt að annar aðilinn telji sig vera í traustu og jafnvel hamingjuríku sambandi þegar höggið kemur.

Karlmaður á miðjum aldri kom ekki heim til sín eina nóttina og var kona hans að vonum áhyggjufull. Undir morgun mætti hann og sagðist vera fluttur. Vera búinn að finna aðra konu, rétt eins og hann hefði fengið sér nýjan bíl.

Rúmlega þrítugur maður, faðir tveggja barna kom fram einn morguninn með ferðatösku í hendi þegar börnin hans sátu og snæddu morgunverð og móðir þeirra var að útbúa nesti fyrir þau. – Ertu að fara í ferðalag? spurði konan forviða. „Nei ég er að flytja héðan. Ég vil fá skilnað,“ sagði hann, tók upp töskuna, gekk út og lokaði á eftir sér.

Kona sem verið hafði í hjónabandi á þriðja áratug og rak heimili sem var rómað fyrir samheldni og glaðværð, sá einn daginn að umslagi hafði verið tyllt undir eitt hornið á stóru málverki í stofunni, þannig að ekki var hægt annað en taka eftir því. Í umslaginu reyndist vera bréf frá manninum hennar sem sagðist vera orðinn ástfanginn af annarri konu, og vildi skilja.

Öll þessi dæmi vitna um tilfinningalegan vanmátt. Menn treysta sér ekki til að setjast niður og ræða málið við fólkið sem það hefur deilt lífi sínu með. Finna ekki flöt á því og flýja því ábyrgðina á þessari ákvörðun. Það er auðvitað bara mannlegt, en breytir ekki því að áfall maka og barna verður margfalt þyngra og sárara fyrir vikið. Ung kona sem ég þekki segir skilnað foreldra sinna ekki hafa verið erfiðan fyrir sig, en hún kæmist enn í uppnám þegar hún rifjaði upp hvernig faðir hennar gekk fyrirvaralaust út af heimilinu eins og ekkert væri sjálfsagðara, af því hann taldi sig hafa fundið heitara rúm í öðru húsi.

**Aðeins 40 prósent!**

Umrót á vinnustöðum og heimilum eru ekki sér íslenskt fyrirbæri og þróunin getur orðið á hvaða veg sem er. Í nýlegri grein kemur fram að 55% hjónabanda í Svíþjóð endi með skilnaði en aðeins 40% á Íslandi. Einhvern tíma hefði orðið „aðeins“ ekki staðið framan við þá skilnaðartíðni.

Hreyfing á vinnuafli og skilnaðartíðnin eru hluti af stærra samhengi og sá veruleiki sem við búum við. En þegar fólk stendur fyrirvaralaust frammi fyrir hjónaskilnaði og atvinnumissi er virðing fyrir tilfinningum þess hvorki gamaldags né framúrstefnuleg, heldur sjálfsagður hlutur.

# Afeitrum heimilið

**UMRÆÐAN**

Anna Birna Almarsdóttir skrifar um lyfjamál



ANNA BIRNA ALMARSDÓTTIR

Á næstu vikum mun Rannsóknastofnun um lyfjamál (RUL) við Háskóla Íslands standa fyrir vitundarvakningu um hvernig best sé að losa heimilið við ónothæf lyf. Vitundarvakningin er unnin í samstarfi við apótekin og Landspítala-háskólasjúkrahús. Hún er jafnframt liður í rannsóknarverkefni um umfang og ástæður þess að lyfjum er hent. Um er að ræða hagnýta rannsókn sem mun vonandi gefa af sér mikilvægar upplýsingar um kostnað, ástæður og magn lyfja sem er hent á Íslandi. Þessar upplýsingar geta þá gefið hugmyndir um hvernig megi minnka það magn lyfja sem er hent, og þannig spara heilbrigðiskerfinu umtalsverðar fjárhæðir ár hvert.

Reynslan sýnir að 57% eitrunartilfella eiga sér stað á heimilum landsins. Hætta er á að börn komist í lyf og hljóti skaða af og því er mikilvægt að geyma lyf á viðeigandi stöðum (s.s. í læstum skápum) og skila ónothæfum lyfjum til apóteka sem fyrst eftir að þau verða ónothæf. Þá eykur geymsla ónothæfra lyfja á heimilum hættuna á misnotkun lyfja. Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss berast oft fyrirspurnir er varða eitranir hjá börnum. Algengustu fyrirspurnirnar varða lyf og röng inntaka lyfja er jafnframt ein helsta ástæða vísana á slysadeild eða sjúkrahús. Á árunum 2001-2002 voru skráð u.þ.b. 2,5 eitrunartilvik á hver 1.000 börn undir 9 ára aldri á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Tíðni eitrana meðal fólks 70 ára eða eldri er svipuð og hjá börnum.

Umhverfinu stafar einnig hætta af lyfjum sem ekki er fargað með viðeigandi hætti. Lyf sem hent er í salerni eða rusl geta mengað vatnsból og jarðveg og haft neikvæð áhrif á lífríki. Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) lýsti nýlega vaxandi áhyggjum á lyfjamengun vatnsbóla landsins. Þó Íslendingar hafi greiðan aðgang að ómenguðu vatni, eru enn ákveðin svæði á Íslandi þar sem yfirborðsvatn er nýtt til neyslu og þar er meiri hætta á hvers konar vatnsmengun en þar sem grunnvatni er veitt. Lyf eru lífvirk efni og geta því leitt til breytinga á lífríkinu. Því er ekki ástæða til annars en að farga lyfjum með því að skila þeim í apótek þar sem þeim er síðan fargað á öruggan hátt.

*Höfundur er forstöðumaður Rannsóknastofnunar um lyfjamál.*










Myndlistarfólk
- Sýningaraðstaða

Hótel Hvolsvöllur leitar eftir myndlistarfólki sem hefur áhuga á að setja upp sýningar á eigin verkumí sölum hótelsins,í sumar og haust

**Áhugasamir hafið samband í síma 588-7050 eða með tölvupósti si@sigurnes.is**




Jóhann Lárusson í ljúfum vínarvalsi með Eddu Karlsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gömlu dansarnir eru hreinasta snilld

***Jóhann Lárusson smiður hringsnýst í polka og ræl milli þess sem hann smíðar hús í byggingarvinnunni.***

„Ég lærði gömlu dansana fyrst í grunnskóla austur á Þórshöfn á sínum tíma og hef ég verið svona ballfær eftir það,“ segir Jóhann. Hann dreif sig á námskeið þegar hann flutti suður til Reykjavíkur árið 2000 og átta árum síðar kynnist hann samtökunum „Komið og dansið“.

„Þá fara nú hjólin fyrst að snúast hjá mér í dansinum,“ segir Jóhann. „Við dönsum mest swing og tjútt og svo gömlu dansana en gömlu dansarnir eru algjör hreinasta snilld. Margir halda að þeir séu bara hliðar saman hliðar en flóran af gömlu dönsunum er mjög breið. Þegar maður er búinn að læra þá þá er þetta alveg ótrúlega skemmtilegt. Ég segi við alla sem vantar eitthvað að gera, „farið og lærið að dansa“.

Jóhann segir hópinn ferðast mikið saman um landið og fara í dansferðir til útlanda. Ekkert áfengi er haft um hönd á böllunum en fólk skemmtir sér bara við að dansa. Hann kallar dansinn mannrækt en hópurinn hittist alla fimmtudaga og dansar. „Dansinn er góður fyrir líkama og sál og það er ekkert rómantískara en að dansa. Það er svo mikil nánd við hvort annað í gömlu dönsunum og ég segi alltaf að það gengur enginn dans upp nema við stígum sama taktinn og ef fólk nær því í dansinum, nær það þá ekki taktinum víðar í lífinu?“

Jóhann segist halda áfram að mæta á dansiböllin meðan hann endist til og mætir á hverjum fimmtudegi til snúast með dömurnar.

„Já mikil ósköp. það myndi vanta mikið í mitt líf ef ég hefði ekki dansinn. Ég setti saman vísu sem hljóðar eitthvað á þessa leið:

*Að svífa um flötinn, sporið er gleitt*
*og finna þig maga við maga.*
*Bara ég fengi vikunni breytt*
*í fleiri fimmtudaga.*

*heida@frettabladid.is*










**Brauð** og gróft korn er gott fyrir meltinguna. Gott er að borða trefjaríkan mat til þess að halda meltingunni í jafnvægi en umfram allt er best að hafa fæðuna fjölbreytta og holla.



Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 16.990
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
Slökun - vellíðan - innri ró

Borðaðu
þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is



Snerting foreldra virðist draga úr streitu og sársauka. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGE

# Fyrirburar græða á snertingu foreldra

***Fyrirburar græða á náinni snertingu við foreldra sína og virðist hún hafa jákvæð áhrif á bata.***

Kanadísk rannsókn leiðir í ljós að börn, sem fæðast allt frá 28. viku, græða á náinni snertingu við foreldra sína en hún virðist draga úr streitu og sársauka.

Áður var talið að börn sem fæddust á 28 til 31 viku væru ekki nægilega þroskuð til að græða á snertingu. Umrædd rannsókn á vegum McGill University bendir hins vegar til þess að jafnvel þau börn sem eru í hitakassa styrkist við snertingu foreldra.

Blóðsýni var tekið úr hæl barnanna og hjartsláttur, súrefnismagn í blóði og svipbrigði mæld. Slík sýnataka getur verið sársaukafull og sýna börnin oft streitueinkenni í nokkrar mínútur á eftir.

Í rannsókninni voru sársaukaviðbrögðin mæld 90 sekúndum eftir sýnatökuna. Þau voru mun minni hjá þeim börnum sem upplifðu snertingu foreldra en hinum.

*- ve*

## Aðgerðir gegn reykingum ungra

RÍKISSTJÓRN BRETLANDS ÍHUGAR BANN VIÐ SÍGARETTUSJÁLFSÖLUM, TÓBAKI TIL SÝNIS OG TÍU SÍGARETTNA PÖKKUM.

Bretar bönnuðu reykingar á almenningsstöðum árið 2007 og eru stjórnvöld nú áköf í að fyrirbyggja reykingar unglinga. Breski heilbrigðisráðherrann Alan Johnson, sem sjálfur reykti grimmt á æskuárum, segist í næstu viku munu setja af stað víðtækar aðgerðir gegn reykingum. Árlega byrji 200 þúsund breskir unglingar undir 16 ára aldri að reykja, en byrji fólk svo snemma að neyta tóbaks eykst þrefalt hætta á ótímabærum dauða miðað við þá sem hefja reykingar á þrítugsaldri.

„Ég vil banna sígarettusjálfsala þar sem eftirlit með aldri kaupandans er ómögulegt. Það var gert fyrir löngu í mörgum Evrópulöndum með mjög góðum árangri," sagði Johnson.

Tveir þriðju breskra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir verða 18 ára, sem eykur verulega hættu á dauða af völdum krabbameins.

*- þlg*



:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun
fyrir haustönn 2008

Innritun stendur nú yfir í Heilbrigðisskólanum. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans að Ármúla 12 og á heimasíðu, www.fa.is. Umsækjendur sem óska eftir að mati á námi frá öðrum skólum þurfa að skila ljósriti af prófskírteinum með umsókninni. Rafræn innritun fer fram í gegnum menntagátt www.menntagatt.is/

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:
heilbrigðisritarabraut,
lyfjatæknabraut,
læknaritarabraut,
námsbraut fyrir heilsunuddara,
sjúkraliðabraut
sjúkraliðanám á brú og
tanntæknabraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans.
Athugið að skólinn býður einnig upp á fjarnám allt árið í mörgum áföngum Heilbrigðisskólans.

Skólameistari

**Myndlist** er nákvæmnisvinna. Sniðugt er að nota sumarfríið í að æfa þá tækni og færni sem þarf til áður en myndlistarnámskeiðin hefjast í haust.




# Tungumál guðanna

***Antonio Costanzo er eðlisfræðikennari frá Napolí sem hefur af hreinum áhuga stundað sjálfsnám í fornízlensku og nútímaíslensku. Um þessar mundir er hann að þýða Hávamálin yfir á ítölsku með ítarlegum orðskýringum.***


Antonio vinnur nú að þýðingu á Hávamálum yfir á ítölsku.

„Ég hef haft áhuga á íslensku og hinu forna máli norrænna manna mjög lengi. Áhuginn fæddist þegar ég las texta um Snorra Eddu, þá kviknaði ljósið. Ég vildi vita meira um víkinga, þannig að ég fór að lesa nokkuð um fólksflutninga Íslendinga en áhuginn liggur fyrst og fremst hjá goðsögunum þar sem hinir stórfenglegu guðir eru aðalsögupersónurnar í sögunum," segir Antonio. Hann byrjaði að læra íslensku upp úr málfræðibók sem hann las aftur og aftur þangað til hann var farinn að skilja.

„Þegar ég las Íslendingasögurnar var ég með það á tilfinningunni að þetta væru ekki bara skemmtilegar sögur heldur upplýsingar um heimsmynd sem ekki er hægt að sjá án þess að veita textanum eftirtekt, það er ekki hægt að sjá þetta á yfirborðinu. Þannig að ég fann fyrir þörfinni að lesa þessa texta á frumtungumálinu, ég ímyndaði mér að ég væri nær tungumáli guðanna, ég upplifði þetta heillandi tungumál nánast eins og dulspeki," segir Antonio.

Antonio telur að það sé erfitt að skilja forntungumálin án þess að hafa minnstu hugmynd hvernig fornaldarmenn hugsuðu, lifðu, og lærðu orð. Hann telur einnig mikilvægt að læra nútímaíslensku og enn mikilvægara fyrir þann sem er að læra hin fornu norrænu tungumál. Sérstaklega fyrir útlendinga að kynnast rótum orðanna, og að finna að málfræði fornaldar er náttúrulegt fyrirbæri.

„Þegar ég var orðinn öruggari á málfræðinni, reyndi ég að æfa mig með því að lesa Völuspá. Ég held ekki að það sé til nein önnur og betri leið til þess að læra hið forna tungumál skáldanna en að lesa Völuspá, það er besta leiðin. Völuspá er stórkostleg en ég hef einnig lesið hana á ítölsku," segir Antonio og hlær.

Síðasta árið er Antonio búinn að vera að þýða Hávamál yfir á ítölsku en það er ekki til nein þýðing með ítarlegum orðskýringum. Þetta er því umfangsmesta útgáfa af Hávamálum sem til er á ítölsku. Antonio líkir Hávamálunum við heimspeki annarra þjóða eins og stóisma Rómverja og búddisma.

Stefnan er að Hávamálin á ítölsku komi út eftir nokkra mánuði og á meðan Antonio vinnur að þýðingunni styrkist hann stöðugt í íslenskunni. „Að tala íslensku er mjög heillandi, það er eins og fyrir Ítali að tala latínu, nema í dag geta menn eingöngu talað latínu við sérfræðinga á meðan íslenskan er ennþá lifandi tungumál." *- eþ*





Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa á verði sem slær öllu við. Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Riga, kirkja ST Peter´s og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.



verð 74.900 kr.
16.-20. október

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

verð miðast við gengi EU 20 maí 2008



# Alvöru nám í einkaþjálfun

EINKAÞJÁLFARANÁM

**ÍAK einkaþjálfaranám er samvinnuverkefni Heilsu- og uppeldisskóla Keilis og Sportmenntunar.**
Markmiðið er að mennta framúrskarandi einkaþjálfara með yfirgripsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklinga og hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar og þolþjálfunar. Rík áhersla er lögð á verklega kennslu.

**FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ!**

**Keilir**
Atlantic Center
of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET





## Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður námsmaður þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna" í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 5. júlí 2010 en laugardaginn 22. maí 2012?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!

Skráningarfrestur er til 11. júní 2008.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa
★★★★★

6 mán.
vaxtalausar raðgr.

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE
Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!



*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*

# byggingariðnaður

ÞRIÐJUDAGUR 27. MAÍ 2008

FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á ils.is getur þú:**
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# Fokheld á fjórum til sex vikum

Scanwo er danskt framleiðslufyrirtæki í byggingariðnaði sem selt hefur fjölda húsa víðs vegar um Evrópu. Fyrirtækið hefur hlotið verðlaun fyrir hönnun húsanna og fallegt útlit þeirra. Húsin eru staðbyggð úr tilsniðnu gagnvörðu 100 ára gömlu gæða greni. Nú rísa tvö Scanwo-hús hér á Íslandi, stórt einbýlishús í Búgarðabyggð í Árborg og sumarbústaður á landi Miðfells við Þingvallavatn. Opið hús var þar um síðustu helgi fyrir áhugasama sem vildu koma og skoða þessa tegund húsa.



Scanwo-húsin eru dönsk og byggð eftir dönskum byggingarstöðlum.



Opið hús var um síðustu helgi þar sem fagfólk hitti áhugasama og sýndi þeim Scanwo-húsin. MYND/EDVARD SVERRISSON

Edvard Sverrisson, umboðsmaður Scanwo á Íslandi, segir Scanwo-húsin sérstök að því leyti að þau eru byggð eftir dönskum byggingarstaðli en það sem hann hefur umfram þann íslenska er að meiri kröfur eru gerðar um einangrun. „Góð einangrun hentar okkur vel hér á landi og sérstaklega núna þegar fólk er orðið meðvitaðra um orkusparnað en áður,“ segir Edvard.

Hægt er að fá húsin afhent á mismunandi byggingarstigum, en kaupendur geta lagt fram drög að skipulagi húsanna sjálfir eða notast við staðlaðar teikningar frá framleiðanda. Scanwo er með iðnaðarmenn og meistara á sínum vegum til að sjá um byggingu húsanna að því byggingarstigi sem óskað er. „Allt byggingarefni fylgir með húspakkanum sem þarf til að klára húsin að utan. Öll teiknivinna og hönnun er innifalin í kaupverði húsanna. Húsin eru svo afhent tilbúin undir tréverk og málningu að innan.“ Aðeins tekur um fjórar til sex vikur að reisa húsin og gera þau fokheld. Edvard bendir á að vegna þess hversu lítinn tíma tekur að reisa húsin þá séu þau lánshæf nokkuð fljótt sem sé kostur hvað fjármögnun varðar.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér Scanwo-húsin nánar er bent á heimasíðu fyrirtækisins, www.scanwo.dk. *- kka*



Scanwo hefur unnið til verðlauna fyrir hönnun húsanna. Húsin eru ýmiss konar, sum stór og önnur lítil. MYND/SCANWO



Framkvæmdir við Lindakirkju ganga vel og er áætlað að taka hana í notkun að hluta í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kirkjur rísa í nýjum hverfum

**Fólkinu í landinu fjölgar jafnt og þétt og ný íbúðahverfi rísa. Guðshús þarf til að hýsa söfnuðina.**

Hjá Biskupsstofu fengust þær upplýsingar að nýjar kirkjur væru að rísa í þremur nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu.

Í Vallahverfinu í Hafnarfirði er um 12.000-15.000 manna sókn og þar á að rísa kirkja og er undirbúningsvinna þar á frumstigi.

Í Lindasókn í Kópavogi er ný kirkja langt á veg komin en sóknin var stofnuð árið 2002. Framkvæmdir við kirkjuna hafa gengið vel, byggingin er orðin fokheld og áætlað er að taka hana að hluta til í notkun í haust. Ask arkitektar teiknuðu kirkjuna og við hönnun hennar var gengið út frá því að hún þjónaði sem best þeim ólíku hlutverkum sem stór og fjölbreyttur söfnuður krefst.

Við Kirkjustétt í Grafarholti er einnig að rísa ný kirkja. Framkvæmdir ganga vel og áætlað er að vígja kirkjuna á aðventunni. Arkþing arkitektastofa teiknaði kirkjuna. Þau segja kirkjustarfið í dag ekki lengur einskorðað við messur heldur fari mikið starf fram innan safnaðarins. Því er hægt að opna á milli sala og stækka kirkjuskipið fyrir stærri athafnir. Nýstárleg leið var farin við gerð altaristöflunnar en í stað hefðbundinnar altaristöflu mætir fólki stór gluggi sem opnar út í lítinn garð með tjörn. *- rat*



Svona mun aðkoman að Lindakirkju í Kópavogi vera þegar hún verður fullkláruð. MYND/ASK ARKITEKTAR



Arkþing ehf. teiknaði nýju kirkjuna í Grafarholti og lóðarhönnun er í höndum Landhönnunar. Áætlað er að vígja kirkjuna á aðventunni. MYND/ARKÞING



Þrívíð altaristafla verður í kirkjunni í Grafarholti en stór gluggi vísar út í lítinn garð með tjörn. Garðurinn afmarkast af hvítum veggjum. MYND/ARKÞING

# Álklæðningar fyrir heimili og fyrirtæki

**Viðhaldsfríar klæðningar henta vel á Íslandi. Fyrirtækið Málmtækni er einn helsti innflutningsaðili á stáli, áli og iðnaðarplasti á Íslandi.**

„Klæðningar sem krefjast lítils viðhalds verða vinsælli og við höfum við séð okkur fært að bjóða góða vöru á hagstæðu verði,“ segir Höskuldur Arnarson sölustjóri hjá Málmtækni hf.

Málmtækni hf. var stofnað árið 1970 og hefur starfað í málmiðnaði alla tíð síðan. Fyrirtækið hefur náð góðum árangri í viðskiptum sem traustur birgir bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

„Klæðningakerfin okkar eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og hafa verið prófuð hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og fengið hæstu einkunn fyrir styrkleika og þol,“ segir hann og bætir því við að alltaf sé eitthvað nýtt í boði.

„Nú höfum við hafið sölu á álundirkerfi sem hentar fyrir flísaklæðningar og álklæðningar jafnt sem RheinZink og KME koparklæðningar,“ segir Höskuldur og útskýrir að undirkerfin byggi festivinklum og leiðurum úr áli, ryðfríum borskrúfum og galvaniseruðum múrboltum. Hægt er að fá álfestivinklana í stærðum frá 60 mm á hæð upp í 140 mm á hæð.

Við gerð undirkerfisins er miðast við að nota efni sem þola íslenskar aðstæður til dæmis ál, heitgalvaniseraða bolta, A4 ryðfríar borskrúfur og elóseraða vinkla.



Álklæðningarnar voru til sýnis á sýningunni Verk og vit.

„T-leiðararnir eru bæði fáanlegir í svörtu elóseruðu áli sem og ómeðhöndluðu áli sem er sýru- og seltuvarið. T-leiðarar eru í stærðinni 90 x 50 x 2 mm og L-vinklarnir í stærðinni 60 x 40 x 2 mm,“ lýsir Höskuldur. *- mmr*



Höskuldur heldur á T-leiðara sem er smellt á festivinklana og síðan stilltir af til að fá sléttan flöt fyrir klæðninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SS VERKTAKI

SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.

# Frístundahús

Sveinbjörn Sigurðsson hf. býður til sölu glæsilegt frístundahús í landi Mýrarkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er **127 fm** að stærð með **21 fm** geymsluskúr, verönd er 290 fm og lóðin er 1,3 hektari.

Að auki er húsið fullbúið að innan og öll húsgögn og gólfefni frá versluninni **EGG.**

**Frekari upplýsingar veitir Soffía í síma 895-9098 og 483-5800**





Þess má geta að Mýrarkot er einungis 5 km frá golfvellinum í Kiðjabergi og 7 km frá nýjum golfvelli við Borg í Grímsnesi.

Á sama stað eru einnig tveir minni bústaðir, 66,5 fm að stærð með 40 fm svefnlofti.





Fleiri myndir á www.verktaki.is

byr Fasteignasala



Brátt rísa varnarvirki fyrir ofan þorpið í Bolungarvík.

## Ósafl byggir varnarvirki

Framkvæmdir hefjast innan skamms við gerð snjóflóðavarna í Bolungarvík. Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að taka tilboði Ósafls sf. en fyrirtækið var lægstbjóðandi í verkið.

Varnargarðurinn á að vera um 18 til 20 metra hár og 700 metra langur þvergarður staðsettur þar sem gatan Dísarland er nú en undanfarið hefur verið unnið að því að rífa hús sem þar standa. Auk varnargarðsins verða gerðar átta keilur ofan í fjallinu og áætlað er að í varnarvirkin fari um 400 þúsund rúmmetrar af efni.

Ósafl er í eigu Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors og var stofnað sérstaklega um gerð Bolungarvíkurganga. Reiknað er með að bygging varnargarðsins taki tvö til þrjú ár. *-þo*

# Hús fyrir gesti sumars

**Íslensk náttúra togar æ sterkar í Íslendinga. Margir sækja í eigin náttúruparadís og vilja helst verja öllum sínum dögum í sælureit sveitarinnar, en þegar gesti ber að garði þarf oft að kveðja að kvöldi sökum skorts á hvílum og næturstað.**

Fátt er eins indælt á íslensku sumri og letilegir dýrðardagar í sumarhúsi þegar heiður himinn er dægrin löng yfir Íslandi og lóan kallar út-úúúút á hverri þúfu. Því skyldi engan undra að sumarbústaðir spretta upp eins og gorkúlur við flest vötn, ár og læki; í gróðursælum dölum, skógi vöxnum hæðum og meira að segja við þjóðveg eitt. Sum húsanna eru á við myndarleg félagsheimili til sveita og geyma í sér margar vistarverur, en önnur eru minni og þá vandast málið þegar næturgestum fjölgar. Margir sumarhúsaeigendur hafa brugðið á það ráð að reisa sérstakt gestahús á landareign sinni, en það er bráðsniðug lausn þegar stórfjölskyldan kemur saman og vantar rúmstæði, eða þegar vinafólki er boðið í sveitina og á þá sitt eigið kósí afdrep.



Lillevilla 100 gestahús frá Byko. Stærð 22 fermetrar með 8 fermetra svefnlofti. Mesta hæð í húsinu 3,70 m og veggir úr 70 mm bjálka. Þrjú rými. Verð frá 1.990.000 krónum með öllum fylgihlutum til uppsetningar, fyrir utan einangrun.



Gestahús frá SG Húsum á Selfossi. Stærð 25 fermetrar. Verð frá 3,2 milljónum króna miðað við 1. byggingarstig, eða tilbúið að utan, fokhelt að innan.



Gestahús frá Húsasmiðjunni með yfirbyggðri verönd. Fjórar stærðir í boði, frá 10 upp í 25 fermetra. Þau minni eru eitt rými, en þau stærstu með þremur rýmum. Verð með öllum fylgihlutum til uppsetningar frá 599.000 til 1.298.000 krónur.



Gestahús frá Völundarhúsi.is í Garði. Hægt að fá í tveimur stærðum: 25 fermetra og 9 fermetra. Verð frá 1.100.000 krónum. Innifalið er allt viðarverk. Glerjaðir gluggar og hurðir með lömum og festingum.






Svona mun háskólabyggingin líta út þegar verkið verður tilbúið árið 2010.

# Framkvæmdir í fullum gangi í Öskjuhlíð

Byggingarvinna við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Öskjuhlíð er hafin og framkvæmdir ganga vel.

Byggingin þykir með þeim glæsilegri sem eru í byggingu hér á landi enda skyldi engan furða miðað við þær teikningar sem eru til af fyrirhuguðu húsnæði skólans. Ístak er aðalverktaki og hefur umsjón með öllum frekari verksamningum sem gerðir verða til að ljúka byggingunum.

Framkvæmdir hófust rétt fyrir áramót og byggingarvinna er hafin. Gert er ráð fyrir því að taka hluta hússins í notkun haustið 2009 og allt húsið árið seinna.

Byggingin er 36.000 þúsund fermetrar allt í allt. Vel gengur að halda áætlun á byggingunni. Um hundrað manns vinna nú hörðum höndum að byggingu hússins. Þeir arkitektar sem koma að hönnun hússins eru Henning Larsens Arkitekts í Danmörku, Arkís Reykjavík og Landmótun sf. í Kópavogi. Hin nýja háskólabygging mun án nokkurs vafa gefa Öskjuhlíðinni mikla andlitslyftingu. *-m*

# Öflugur í steypunni

Þessi höfðinglegi Mercedes Benz er dælubíll sem tilheyrir tækjakosti steypustöðvar Hraunaveitu en það fyrirtæki hefur með höndum virkjanaframkvæmdir við Jökulsá í Fljótsdal, Kelduá og Grjótá.

Bensinn kom til landsins í október 2005. Að sögn steypustöðvarstjórans Ragnars Þrúðmarssonar hefur bíllinn gegnt mikilvægu hlutverki á vinnusvæðinu og gerir enn. Hann er með Putzmister dælubúnaði og nær upp í allt að 38 metra hæð. „Bíllinn er býsna öflugur enda þarf oft mikla orku til að koma steypunni á sinn stað við erfiðar aðstæður,“ segir Ragnar. *-gun*



Steypudælubíllinn gegnir veigamiklu hlutverki á virkjanasvæði Hraunaveitu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Iðnaðarhurðir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta





næst

## Léttar, sterkar og þéttar

**HÉÐINN**

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ • Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# Draumkenndar byggingar rísa í Dubai

**Á meðan Íslendingar velta fyrir sér hagnýtum byggingarlausnum í miðbænum og Vatnsmýrinni eru menn í Dubai að fást við ögn umfangsmeiri hugmyndir.**

Forsætisráðherra Sameinuðu arabísku furstadæmanna og borgarstjóri Dubai, Sheik Mohammed bin Rashid Al Maktoum, hefur sett af stað risavaxið verkefni þar sem sérstaklega skapandi hugmyndir um landslags- og byggingahönnun munu verða að veruleika í Dubai.

Hugmyndirnar eru vægast sagt framúrstefnulegar og í þeim er mikill íburður. Verkefnið nær yfir 880 milljónir fermetra lands og er framkvæmdin í höndum Dubai Properties sem er í eigu Dubai Holding.

Verkefnið nefnist „Sheikh Mohammed Gardens“ og einkennist af stórkostlegu landslagi og kennileitum þar sem byggðar verða eyjur í ýmsum formum. Síki og gróður munu leika stórt hlutverk í umhverfinu. Hönnunin einkennist af rúmfræði arabískra lista og vísinda og er ætlað að tákna nútímaborg sem rís í fornu landi. Fimmtíu og sex milljónir fermetra af görðum munu skipta borginni upp í net sjálfbærra hverfa. Tilgangur Sheik Mohammed er að skapa hreint umhverfi sem er laust við mengun og sem mun koma til með að varðveita heilsu komandi kynslóða.

Lögð er áhersla á umfangsmikið landslag, menntun, ferðamennsku og að skapa umhverfi sem minnst verður í mannkynssögunni. Það ætti svo sannarlega að takast með þessum nánast óraunverulegu hugmyndum sem ætlunin er að verði að veruleika í Dubai á komandi árum. Nánari upplýsingar um herlegheitin má nálgast á http://www.civicarts.com/.

*-hs*



Hús þekkingarinnar eða Bait al Hikma er hringlaga og þar mun verða háskólasvæði með stóru bókasafni og þýðingarmiðstöð. Byggingin er hugsuð sem tenging á milli gullaldar íslam og nútímaheimsins þar sem hönnunin er innblásin af stjörnufræði.



Eyjur verða búnar til í ýmsum formum. Hér sjáum við dæmi um stjarnlaga eyju.



Lögð verður áhersla á samspil náttúru og bygginga og verður borginni skipt upp með síkjum og gróðri. Síkin tempra hitastigið á heitum dögum og gróðurinn dregur úr mengun. Hönnun síkjanna miðast við himinhvolfið og stjörnumerkin.




# NÝ GESTAHÚS OG GARÐHÚS

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Fyrsta sending er uppseld, önnur sending er að seljast upp, erum enn að taka niður pantanir.



GESTAHÚS 21m²

Einbýlishús | Sumarhús | Parhús | Raðhús | Garðhýsi

www.volundarhus.is



GESTAHÚS 15m²



BARNAHÚS 2,1m²



GARÐHÚS 4,7-9,7m²

Staðgreiðsla | VISA Lán

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

08-0075 Hönnun hönnun

Arti Teq®




**Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í veggi og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.**

JÁRN&GLER
LISTALAGERINN

**Söluaðilar: Innrömmun Sigurjóns—EGG Smáratorgi - BYKO Breidd.**

**Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. -**
**104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is**

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í





## LJÓSASALA – **ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU
Í SKIPHOLTI 33 (VIÐ HLIÐINA Á VINABÆ)

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX

# FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**STÓRIR - STERKIR- LITLIR - SILFRAÐIR - NETTIR - SNÖGGIR - RÚMGÓÐIR - KRAFTMIKLIR - LIPRIR - FÁGAÐIR ...**

bíla land

**Grjótháls 1, 110 Reykjavík, S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá 12-16.**

## TILBOÐS BÍLAR



**HARLEY HERITAGE SOFTAIL**
Nýskr: 03/2004, 1400cc
0 dyra, Beinskiptur, Óþekktur litur,
Ekinn 3.200 þ. Verð: 2.350.000
**Tilboðsverð: 1.970.000**



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2002, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Grænn / Grár,
Ekinn 108.000 þ. Verð: 1.360.000
**Tilboðsverð: 880.000**



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 07/2004, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 96.000 þ. Verð: 2.140.000
**Tilboðsverð: 1.790.000**



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 06/2005, 2900cc
4 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 61.000 þ. Verð: 3.340.000
**Tilboðsverð: 2.850.000**



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 05/2005, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 153.000 þ. Verð: 1.880.000
**Tilboðsverð: 1.490.000**



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 11/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 63.000 þ. Verð: 1.670.000
**Tilboðsverð: 1.430.000**

## 500.000-1.500.000



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 06/2005, 1300cc
4 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 63.000 þ.
**Verð: 1.290.000**



**LAND ROVER FREELANDER**
Nýskr: 08/2003, 1800cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 56.000 þ.
**Verð: 1.520.000**



**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 09/2003, 1800cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 130.000 þ.
**Verð: 1.320.000**



**SUBARU LEGACY**
Nýskr: 01/1999, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 132.000 þ.
**Verð: 750.000**



**SUZUKI GRAND VITARA**
Nýskr: 05/1998, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 118.000 þ.
**Verð: 610.000**



**VOLKSWAGEN PASSAT**
Nýskr: , 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 154.000 þ.
**Verð: 580.000**

## 1.500.000-3.000.000



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 04/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 60.000 þ.
**Verð: 2.190.000**



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár /
Svartur, Ekinn 28.000 þ.
**Verð: 2.940.000**



**RENAULT CLIO**
Nýskr: 10/2006, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 24.000 þ.
**Verð: 1.790.000**



**RENAULT SCENIC**
Nýskr: 03/2006, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 31.000 þ.
**Verð: 2.190.000**



**TOYOTA RAV4**
Nýskr: 10/2001, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 94.000 þ.
**Verð: 1.560.000**



**VOLVO V50**
Nýskr: 12/2004, 2000cc
0 dyra, Beinskiptur, Ljósrauður,
Ekinn 72.000 þ.
**Verð: 2.790.000**

## 3.000.000-4.500.000



**BMW X5**
Nýskr: 06/2003, 2900cc DISEL
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 113.000 þ.
**Verð: 4.330.000**



**HYUNDAI SANTA FE II**
Nýskr: 03/2007, 2200cc DISEL
4 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 21.000 þ.
**Verð: 4.850.000**



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 03/2006, 2500cc DISEL 7
Sæta 3 dyra, Beinskiptur, Brúnn /
Grár, Ekinn 83.000 þ.
**Verð: 3.450.000**



**LAND ROVER DISCOVERY SERIES III** Nýskr: 02/2007,
2700cc DISEL 7 Sæta 5 dyra,
Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 13.000 þ.
**Verð: 6.570.000**



**NISSAN PATHFINDER**
Nýskr: 08/2007,2500cc DISEL 7
Sæta 5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 3.000 þ.
**Verð: 5.950.000**



**NISSAN PATROL**
Nýskr: 10/2006, 3000cc DISEL 7
Sæta 5 dyra, Sjálfskiptur,
Ljósbrúnn, Ekinn 16.000 þ.
**Verð: 5.680.000**

## ATVINNU BÍLAR



**MITSUBISHI CANTER**
Nýskr: 01/2003, 3900cc
0 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 28.000 þ.
**Verð: 2.500.000**



**RENAULT KANGOO**
Nýskr: 11/2004, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 69.000 þ.
**Verð: 1.100.000**



**RENAULT KANGOO**
Nýskr: 03/2006, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Óþekktur
litur, Ekinn 27.000 þ.
**Verð: 1.360.000**



**RENAULT AT MASTER**
Nýskr: 01/2004, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 101.000 þ.
**Verð: 2.430.000**



**RENAULT AT PREMIUM 420.26 S 6X2** Nýskr: 01/2003, 11100cc
2 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 223.000 þ.
**Verð: 6.100.000**



**RENAULT AT TRAFIC**
Nýskr: 03/2006, 2500cc
6 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 107.000 þ.
**Verð: 3.250.000**

**Reykjavík, Grjótháls 1**
**575 1230**
**Selfoss, Hrísmíri 2a**
**575 1460**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**
Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074 - Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

**bilaland.is**

**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Einnig möguleiki á símaspá, þú pantar tíma, ég hringi. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

## Iðnaður

Ertu að byggja eða gera upp húsið ! Flísa, parketleggja, mála, múra og margt fl. þá erum við réttu mennirnir fyrir þig. Fljótleg og góð vinnubrögð og góð þjónusta. Gott verð! S. 841 9869.

## Rafvirkjun







## Trésmíði

**Sólpallar**
Viltu pallinn áður en sólin kemur? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

## Önnur þjónusta


Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Erum með 16t hjólagröfu 3,5t gröfu með brotfleyg. Föst tilboð eða tímavinna. S. 894 0210 Guðmundur & 849 9571 Páll.

**C.P. Service.**
I offer all kinds of investigations and detactions. Especally strange cases. Tel. 860 8439.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ónotaður Brúðarkjól, st.14, hafðu samband og eg sendi ykkur mynd í emaili, simi 8201903




**Gerið verðsamanburð!**
Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, eru komnar aftur. Nú á kr. 23.500.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**


**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla BÍLA & JEPPASPARNAÐUR: 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900.-kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S:5178400 WWW.SKM.IS





Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is


**Stórafsláttur 660 þús.**
MMC Outlander '04. 2,4 sjálsk, ek. 50 þús, sk '09. Góður og fallegur bíll Listaverð 2,360,000 okkar verð 1,700,000 stgr.uppl.7707501.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Til sölu sem nýr ROLAND TD12 trommuheili Verð 88.000,oo Sími: 664 8050 e-mail: bardol@simnet.is

## Tölvur

Óska eftir að kaupa Macintos -tölvu. Uppl. í s. 849 5069.

## Vélar og verkfæri


Til sölu pökkunarvél Ilpra Carrera 500 og 1000 upplýsingar 6605606 eða arnthor@somi.is.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, alheflað timbur 23x147 og 48x98 á 208 og 289 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Byggingarkrani og flekamót til leigu í lengri eða skemmri tíma. Uppl í S 8985103

Óska eftir að kaupa vinnuskúr, helst með rafmagnstöflu WC. Hafið samband í S 8660337

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur



5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera, nánari uppl. í síma 6978928 Sigríður


Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

LR Gigtarkúrinn er ótrúlegur. Léttist um 8 kg. á 3 vikum á LR Henning hann er auðveldur og hraðvirkur. Lr-anna@simnet.is eða s. 662 5599.

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega auðveldur og einfaldur. Uppl. Dóra 869-2024 www.dietkur.is

## Líkamsrækt




## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

Ferðanudbekkir, óléttubekkir og bómullarlök enn á gamla genginu. S. 891 6447, Óli.

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Láttu það eftir þér „þú átt það skilið. Sími 848 6255 www.bodynudd.is

## Snyrting




**Nýtt á Íslandi !**

**CALLUS PEEL**

**Frábær meðferð til að ná siggi af hælum og tábergi**
**Meðferð sem tekur aðeins 15 mínútur Örþunnir klútar lagðir á svæðið föturinn pakkaður inn í plastfilmu í 10 mín Skafa ÞÉTT með spaðanum í 2 mín og raspa húðina vel á eftir Að lokum borið á krem Pakki með sköfu, raspi ásamt 10 auka raspfilterum kremi, 5 pakkningar af undraklútunum með 2 stk í pk. og kremtúpu Á verði einnar fótsnyrtingar**
**Útsölustaðir Snyrtistofur Fótaaðgerðastofur Apótek Verð kr 5900 www.eyglo.is**

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

# HEIMILIÐ

## Ýmislegt




## Dýrahald


Dverg Schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 897 6229.

Til sölu hreinræktaðar Silky terrier hvolpar (tíkur). Tilbúnar til afhendingar. Uppl. S:6640120 & 6969665

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

5 herb. á 3ju hæð í fjölb. v/Háaleitisbr. Leiga 169 þús. með hússj. og rafm. Uppl. í 696 4622.

Til leigu 3 herb íbúð í Fróðengi, 112 Grafarvogi. 135þ á mán uppl í síma 6604884

Herb. til leigu f. reglusama stúlku. Bý nálægt Kennó. Uppl. í s. 552 0952.

3 herb. íbúð til leigu á rólegum stað í miðbænum. Leiga 140 þ. á mán. Innifalið hiti og rafmagn, sérinngangur, þvottahús í íbúð. Húsgöng geta fylgt. Laus 1 júní. Uppl. veitir Bogar í s. 692 3518.

**Skrifstofa til leigu.**
Á svæði 104. 35 þús. á mán. Öll aðstaða til fyrirmyndar til atvinnureksturs. Uppl. í s. 898 4202.

Til leigu 2. herb. íbúð 65 fm í Hafnafirði. Verð 95 þús. á mán. Uppl. í s. 893 7722.

4. herb íbúð með bílageimslu í seljahverfi til liegu laus strax verð 130 þús. 8929108

2.herb íbúð í 101 til leigu verð 85 þús laus strax. 8929108

Stúdíóíbúð með sér inngangi til leigu. Reglusemi og skilvísi skilyrði. 2 mánuðir í tryggingu. Leigist frá og með mánaðamótum. Einnig til leigu 2 herbergi, leigjast sér. Uppl. næstu daga í s. 847 7596 á milli kl. 19-22 á kvöldin.

**Skipti!**
Nýtt glæsilegt raðhús í Torrevieja á Spáni fæst í skiptum fyrir eign á stór-Reykjavíkursvæði. Sumarhús- eða lóðir koma einnig til greina. Verð ca 23,5 millj. S. 899 2940.

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

Til leigu glæsileg 120 fm íbúð í fjölbýlishúsi, ásamt stæði bílageymslu á besta stað í Kópavogi Laus strax. Nánari upplýsingar í síma 693-7304

## Húsnæði óskast

Hjón með 2 börn og hund óska eftir 4 herb. íbúð/húsi að mk. á höfuðborgarsv. Bílskúr er stór kostur en ekki skilyrði. Uppl. í s. 770 5053 & sokrates@simnet.is

Sextugur reglusamur maður sem vinnur vaktavinnu óskar eftir herb. með aðstöðu eða stúdíói. Greiðslugeta 45-60 þ. á mán. Skilvísar gr. S. 868 2466.

Óska eftir studio- eða 2. herb íbúð í rvk. Fyrirframgreiðsla. Jónas, s. 698 7305.

Óska eftir stúdíó eða einstaklingsíbúð á Höfub.sv. Uppl. í s. 661 4584.

## LAGERSALA





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Lárusdóttir**
Uppsalavegi 4, Sandgerði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 17. maí, verður jarðsungin frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 28. maí kl. 14.00.

**Ellen Jónasdóttir**
**Kristinn E. Jónsson** **Lucyna Augustynowicz**
**Nanna S. Jónsdóttir** **Björn Vífill Þorleifsson**
**Jón B.G. Jónsson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðmundur L. Pálsson** **Ólöf Bolladóttir**
**Jóna B. Pálsdóttir** **Birgir Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Guðmundsdóttur**
Grænatúni 18, Kópavogi, fyrrverandi prestsfrú, Reynivöllum í Kjós,

sem andaðist 2. maí sl. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki deildar 2 og 3 í Sunnuhlíð, Kópavogi.

**Áslaug Kristjánsdóttir** **Jai Ramdin**
**Bjarni Kristjánsson**
**Karl Magnús Kristjánsson** **Helga Einarsdóttir**
**Halldór Kristjánsson** **Guðrún St. Kristinsdóttir**
**Kristrún Kristjánsdóttir** **Axel Snorrason**
**Valdimar Kristjánsson** **Brenda Phelan**
**Guðmundur Kristjánsson** **Jónína B. Olsen**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Björgvin Björgvinsson**
bifvélavirki frá Tálknafirði, Tröllaborgum 17, Reykjavík,

lést á Líknardeild LHS fimmtudaginn 22. maí. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Telma Magnúsdóttir**
**Aldís Jóna Björgvinsdóttir**
**Sölvi Leó Björgvinsson**
**Björgvin Sigurjónsson** **Sædís Magnúsdóttir**
**Guðlaug A. Björgvinsdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Sigurjón Björgvinsson** **Rakel Magnúsdóttir**
**Magnús Matthíasson** **Ragna Jóna Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Magnússon** **Borghildur Kristjánsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Erna B. Árnadóttir**
Holtsbúð hjúkrunar- og dvalarheimili,

sem lést 18. maí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Anton Bjarnason** **Helga Torfadóttir**
**Pétur Bjarnason** **Sigríður Jóhannesdóttir**
**Rósa Antonsdóttir**
**Birna María Antonsdóttir** **Jón Þórarinsson**
**Helga Björg Antonsdóttir**
**Jón Bjarni Pétursson**
**Skúli Steinar Pétursson**
**Guðrún María Pétursdóttir.**


# Legsteinar
## í miklu úrvali



Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is
REIN




*Faðir minn, afi, langafi og bróðir,*

**Tryggvi Dalmann Friðriksson**
frá Gröf í Svarfaðardal, til heimilis að Eiðsvallargötu 22, Akureyri,

sem andaðist á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 19. maí, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju í dag, þriðjudaginn 27. maí klukkan 13.30.

**Arna Tryggvadóttir og fjölskylda**
**Bjarney Inga Óladóttir og fjölskylda**
**Tryggvi Dalmann Ólason**
**Guðbjörg Anna Óladóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Helga Bjarnadóttir**
Hlíðarbyggð 37, Garðabæ,

sem lést miðvikudaginn 21. maí, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ, miðvikudaginn 28. maí kl. 15.00.

**Bjarni Sæberg Þórarinsson** **Gillý Skúladóttir**
**Steinunn Jóhannsdóttir**
**Bjarni Danival Bjarnason** **Anna Björg Samúelsdóttir**
**Einar Bragi Bjarnason** **Jóna Björg Jónsdóttir**
**Skúli Bjarnason** **Bjarghildur Finnsdóttir**
**Helga Svanlaug Bjarnadóttir** **Gunnar Finnsson**
**Ingiberg Steinar Bjarnason**
**langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,*

**Jón Rósant Þorsteinsson**

lést að kvöldi föstudagsins 23. maí á Grund. Útförin verður auglýst síðar.

**Benedikt Jónsson** **Guðný Árnadóttir**
**Guðjón Benediktsson**
**Ingibjörg Benediktsdóttir**
**Sigríður Elísabet Benediktsdóttir** **Hrafn Helgason**
**og langafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Auður Guðjónsdóttur**
Lyngholti 14e, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar á Akureyri og starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri.

**Valborg María Stefánsdóttir** **Gunnlaugur Konráðsson**
**Guðrún Stefánsdóttir** **Anton Pétursson**
**Sigrún Svava Stefánsdóttir** **Hjörtur Sigurðsson**
**Stefán Auðunn Stefánsson** **Hugrún Stefánsdóttir**
**Guðjón Stefánsson** **Edda Friðfinnsdóttir**
**Hugrún Stefánsdóttir** **Evert Sveinbjörn Magnússon**
**Garðar Hólm Stefánsson** **Guðrún Ágústa Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,*

**Hulda Sylvía Jónsdóttir**
Kársnesbraut 93, Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 22. maí á Vífilsstöðum, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Eyþór Sigmundsson**
**Guðrún Helga Eyþórsdóttir**
**Þórey Huld Jónsdóttir**
**Vala Rún Jónsdóttir**

**JAMIE OLIVER SJÓNVARPSKOKKUR ER 33 ÁRA.**

*„Eina sem mig langaði til að gera var að gera matreiðslu aðgengilega fyrir alla."*

***Jamie Oliver hefur vakið heimsathygli fyrir líflega matreiðsluþætti sína og hefur meðal annars barist gegn óhollum mat í breskum skólum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MIÐLA UPPLÝSINGUM** Viggó Marteinsson, formaður Örverufræðifélags Íslands, segir markmið Örverufélags Íslands meðal annars vera að miðla upplýsingum um örverufræði til almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÖRVERUFRÆÐIFÉLAG ÍSLANDS: TUTTUGU ÁR

# Hinn þögli hluti

Örverufræðifræðifélag Íslands var stofnað þann 25. maí árið 1988 og af því tilefni verður árlegt vorþing félagsins með stærra sniði en venjulega.

Í dag milli 13 og 16:30 verður haldin ráðstefna á Háskólatorgi undir yfirskriftinni „Örverufræðirannsóknir á Íslandi". Þar verða flutt yfirlitserindi um örverufræðirannsóknir hér á landi síðustu áratugina þar sem farið verður vítt og breytt yfir sviðið. Fjallað verður um umhverfisfræði, matvælaörverufræði, mannaörverufræði og dýraörverufræði.

Viggó Marteinsson, formaður félagsins, sem telur um 100 félagsmenn, segir örverufræðina mjög vítt svið. „Hún er hluti af líffræði, læknisfræði, dýrafræði, matvælafræðið, lífvísindum, iðnaði og fleiri greinum og með stofnun félagsins var hugmyndin að búa til sameiginlegan vettvang fyrir þá sem vinna með örverur. Eins var markmiðið að miðla upplýsingum og fræðslu um örverufræði til almennings en margir líta á örverur sem óvini á meðan staðreyndin er sú þær eru í langflestum tilfellum mjög mikilvægar." Örverur, sem eru hinn þögli hluti jarðarbúa, eru úti um allt en þær sjást ekki með berum augum. Þær voru fyrstu lífverurnar á jörðinni og urðu að því er talið er til fyrir um 3.8 milljörðum ára.

„Við verðum ekki vör við þær nema þegar við til dæmis sýkjumst af matarsýkingum. Af þeim sökum heyrum við aðallega um slæmu hliðar þeirra. Þær sem sýkja okkur eru þó eingöngu lítill hluti af flórunni og eru örverur bæði nauðsynlegar og eins nýtir maðurinn sér þær með ýmsum



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jóhanna Hrafnhildur Kristjánsdóttir**
frá Patreksfirði, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

sem lést miðvikudaginn 21. maí á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. maí kl. 15.00. Bálför fer fram síðar. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar eru beðnir að láta Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Helgi Hersveinsson**
**Hera Helgadóttir** **Reimar Georgsson**
**Kristján Arnar Helgason** **Jóna S. Marvinsdóttir**
**Helgi Hrafn Reimarsson**
**Arnar Marvin Kristjánsson**

## MERKISATBURÐIR

1746 Tilskipun um húsvitjanir er sett. Samkvæmt henni voru prestar skyldir til að vitja safnaðarins í þeirra hús og híbýli að minnsta kosti tvisvar á ári.

1941 Þýska orrustuskipinu Bismarck er sökkt á Norður-Atlantshafi og með því fórust 2.100 manns.

1981 Flugvél ferst á Holtavörðuheiði og með henni fjórir menn. Flak vélarinnar fannst ekki fyrr en 10. júní.

1982 Ólafur Jóhann Ólafsson (síðar forstjóri og rithöfundur) hlýtur 9.67 á stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík. Það var hæsta einkunn sem gefin hafði verið.

1983 Hús verslunarinnar í Reykjavík er tekið í notkun.

1991 Landsbankinn yfirtekur rekstur Samvinnubankans.

**ÞETTA GERÐIST:** 27. MAÍ 1939

# *Golden Gate brúin opnuð umferð*

Þennan dag árið 1939 var Golden Gate-brúin á milli San Francisco og Marin Country opnuð fyrir bílaumferð.

Tveimur dögum áður höfðu um tvö hundruð manns farið yfir hana fótgangandi og á hjólaskautum. Brúin er rúmlega 2.700 metrar á lengd, 27 metrar á breidd og 227 metrar á hæð. Áður en hún var byggð var siglingaleiðin eina raunhæfa leiðin frá San Francisco yfir til Marin County.

Ferjusiglingar á milli hófust um 1820 en áætlunarferðir hófust um 1840.

Siglingaleiðin, sem tekur um tuttugu mínútur, er hættuleg enda eru straumar í flóanum afar sterkir. Margir lögðu á sínum tíma hart að stjórnvöldum að byggja brú þar sem San Francisco var eina stóra borgin í Bandaríkjunum sem enn var háð ferjusiglingum á fjórða áratug síðustu aldar.



Sjálfsmorð eru algeng á brúnni en hún er 79 metra yfir yfirborði sjávar. Fyrsta sjálfsmorðið var framið nokkrum dögum eftir að brúin var opnuð en ekki er vitað hvað þau eru mörg í heildina þar sem ekki eru alltaf vitni.

# Stofutónleikar hefjast aftur á Gljúfrasteini

Stofutónleikaröð Gljúfrasteins hefst á ný næstkomandi sunnudag, þann 1.júní.

Eins og undanfarin sumur verða tónleikar í stofunni á Gljúfrasteini alla sunnudaga og hefjast kl. 16.00. Fjölbreyttur hópur tónlistarmanna mun leika en Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari munu ríða á vaðið. Halldór Laxness var sem kunnugt er mikill áhugamaður um tónlist og tónlistarflutning. Hann lék sjálfur á píanó og hafði sérstakt dálæti á tónsmíðum J. S. Bach. Tónlist var alla tíð stór hluti af heimilislífinu á Gljúfrasteini, enda stóðu Halldór og Auður kona hans gjarnan fyrir tónleikum heima meðal annars í samstarfi við Tónlistarfélag Reykjavíkur.



**GLJÚFRASTEINN** Tónar munu óma á ný á sunnudaginn.



R FRÁ STOFNUN

# jarðarbúa

hætti. Þær eru til að mynda notaðar í matvælaiðnaði eins og mjólkurframleiðslu, brauð og bjórgerð," útskýrir Viggó.

Örverur keyra einnig efnahringrásir jarðarinnar og sjá um niðurbrot á öllu lífrænu efni. „Þær eru gríðarlega harðgerar og þrífast við aðstæður sem engar aðrar lífverur lifa við til að mynda við mikinn hita, kulda og seltu. Þetta hafa menn nýtt sér og unnið úr þeim harðgerð ensím sem má nota í ýmsum hagnýtum tilgangi og hefur rannsóknum á erfðaefni til að mynda fleygt fram af þeim sökum," segir Viggó.

Örverufræðifélag Íslands hefur á síðustu árum haldið regluleg fræðsluerindi og fengið til sín jafnt erlenda sem innlenda fyrirlesara. „Við erum síðan félagar í Evrópsku örverufræðisamtökunum Federation of European Neuroscience og í júní 2009 munum við taka þátt í að skipuleggja þriðju ráðstefnu félagsins ásamt hinum Norðurlandafélögunum," segir Viggó.

vera@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



Orkuveita Reykjavíkur

Fuglar í Elliða-árdal

Þriðjudagskvöldið 27. maí verður farin fuglaskoðunarferð. Mikill fjöldi fugla er í Elliðaárdal og fjölbreytileikinn mikill. Leiðsögumaður er Hafsteinn Björgvinsson. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sjónauka. Gangan hefst kl. 19:30 við Minjasafnið í Elliðaárdal og stendur í rúma tvo tíma.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Loksins, loksins

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** BÍÐUR FREGNA FRÁ MARS



Loksins, loksins, hafa margir hugsað þegar NASA greindi frá því að Fönix-geimfarið hefði lent á áður ókönnuðu landsvæði plánetunnar Mars. Í meira en heila öld hefur heimsbyggðin verið lafandi hrædd við rauðu plánetuna og þá sem þar gætu búið. Karlar bera óttablandna virðingu fyrir hnettinum enda var því einu sinni haldið fram af heimsfrægum rithöfundi að karlarnir kæmu frá Mars en konur frá Venus.

Mars er fjórða plánetan frá sólu og þykir heldur óbyggileg. Samt sem áður hefur kvikmyndagerðarmönnum þótt að á Mars væru hentugustu heimkynnin fyrir geimverur. Mannfólkið kemst ekki einu sinni í tæri við plánetuna og ófá mannlaus geimför hafa tortímst í grennd við plánetuna. Á Mars má þó finna heimskautaís og eldfjöll sem meintar geimverur hafa getað dáðst að en að öðru leyti minnir yfirborðið á Sahara-eyðimörkina í augum áhugamannsins, þar er varla nokkuð annað en rauður sandur. Hins vegar er vel hægt að ímynda sér skemmtanagildið fyrir fjallgöngugarpa að komast til Mars því stærsta fjall plánetunnar er ögn tignarlegra en Everest. Olympusfjallið er nefnilega 27 kílómetrar að hæð, tæplega þrisvar sinnum stærra en mesta eldraunin hjá hinum mannlegu fjallageitum.

En landafræðin skiptir litlu máli. Því heimsbyggðina þyrstir í yfirlýsinguna frá Bandaríkjastjórn sem er bæði vísindalega staðfest og á rökum reist: „Það er ekkert líf á Mars og hefur aldrei verið.“ Þá fyrst væri hægt að hætta að horfa til himins á stjörnubjörtum vetrarkvöldum og láta af hugsunum um að grænir marsbúar fylgdust með hverju skrefi jarðarbúa, allan daginn, allt árið um kring.

Væntanlega mun sú yfirlýsing hins vegar aldrei koma. Enda þrífst stórveldið á hræðslu. Og að öllum líkindum munu þjóðsögurnar í kringum Mars lifa góðu lífi, hvort sem það er í kvikmyndum eða bókum, þrátt fyrir að Fönix hafi lent á Mars.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Súpersól til Búlgaríu

9. júní

frá kr. 49.995

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú síðustu sætin í júní á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.




Kr. 49.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í hótelherbergi / íbúð í viku. Súpersól tilboð, 9. júní. Aukavika kr. 15.000.

Kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í hótelherbergi / íbúð í viku. Súpersól tilboð, 9. júní. Aukavika kr. 15.000.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara



**Ó Ó INGIBJÖRG** Þessi systkinahljómsveit er meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á Gljúfrasteini í sumar.

# Sumartónar á Gljúfrasteini

**Eins og undanfarin tvö sumur verða tónleikar í stofunni á Gljúfrasteini alla sunnudaga í sumar. Fjölbreyttur hópur tónlistarmanna mun leika á stofutónleikaröðinni í sumar en það verða Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari sem ríða á vaðið á sunnudaginn kemur kl. 16.**

Menningarsetrið Gljúfrasteinn hefur staðið fyrir stofutónleikum vikulega yfir sumartímann síðastliðin tvö ár. Í sumar verður haldið áfram með þessa skemmtilegu hefð, enda hafa tónleikarnir tekist afar vel hingað til. Guðný Dóra Gissurardóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins, segir sumartónleikana tilkomna vegna hefðar fyrir tónleikahaldi í húsinu. „Halldór og Auður stóðu oft fyrir tónleikum hér þegar þau bjuggu í húsinu og því fannst okkur viðeigandi að halda tónleikastarfseminni áfram. Það er enda markmið okkar með starfseminni hér á Gljúfrasteini að skapa lifandi menningarsetur en ekki bara safn sem fólk heimsækir einu sinni. Tónleikarnir eru þannig skref í áttina að því markmiði.“

Þeir sem sótt hafa tónleika á Gljúfrasteini vita að þar myndast sérstök stemning, enda umhverfið heimilislegt og skemmtilegt. Því þarf engan að undra að tónleikarnir hafa verið vel sóttir hingað til. „Með góðu móti getum við tekið við 60 tónleikagestum, en á fjölsóttustu tónleikunum hafa verið um 100 tónleikagestir og var þá setið og staðið um allt hús. En það kemur svosem ekki að sök þegar þröng er á þingi; hljómburðurinn í húsinu er afar góður og stemningin verður bara betri fyrir vikið,“ segir Guðný.

Sem kunnugt er var Halldór Laxness mikill áhugamaður um tónlist. Hann átti mikið safn hljóðritana og nótna, lék sjálfur á píanó og hafði sérlegt dálæti á tónlist J.S. Bach. Guðný segir tónleikana sem fram fóru á Gljúfrasteini í tíð Halldórs flesta hafa verið með klassísku sniði og að fjöldi þekktra listamanna hafi komið þar fram. „Halldór var meðlimur í Tónlistarfélagi Reykjavíkur og afar áhugasamur um lifandi tónlistarflutning. Fjöldinn allur af tónlistarmönnum, bæði innlendum og erlendum, kom fram hér á Gljúfrasteini og má í þeim hópi finna stór nöfn á borð við Aram Khachaturian og Adolf Busch. Tónlistarmenn taka enda nær undantekningarlaust vel í það að koma fram á tónleikum hér, enda ekki amalegt að feta í fótspor slíkra stórmenna.“

Aðgangseyrir að tónleikunum er 500 kr. og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Áhugasömum er bent á að kynna sér tónleikadagskrá sumarsins á vefsíðu Gljúfrasteins, gljufrasteinn.is.

vigdis@frettabladid.is

# Gaukshreiðrið athyglisverðast

Á hverju leikári stendur Þjóðleikhúsið fyrir vali á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins. Að þessu sinni varð fyrir valinu uppsetning Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu, leikgerð Dale Wasserman byggðri á skáldsögu Ken Kesey. Af þessu tilefni verður efnt til sýningar á Gaukshreiðrinu á Stóra sviði Þjóðleikhússins hinn 4. júní næstkomandi. Miða á sýninguna má nálgast hjá miðasölu Þjóðleikhússins.

Markmið Halaleikhópsins er að „iðka leiklist fyrir alla“ og fæst hópurinn því við leiklist á forsendum hvers og eins. Hópurinn hefur með starfi sínu opnað augu almennings fyrir því að fatlað fólk getur, þrátt fyrir ýmsar hindranir, leikið á sviði eins og allir aðrir. Þar með hefur hópurinn á sinn hátt átt þátt í að eyða fordómum í garð fatlaðra.



**ALLIR GETA LEIKIÐ** Frá uppsetningu Halaleikhópsins á leikritinu Batnandi maður.

Gaukshreiðrið fjallar í víðu samhengi um vald og valdbeitingu andspænis dirfsku einstaklinganna og samtakamætti hinna kúguðu. En um leið fjallar verkið um stöðu geðsjúklinga, hvaða augum samfélagið lítur þá og hvað felst raunverulega í því að vera geðveikur. Þýðandi verksins er Sonja B. Jónsdóttir og leikstjóri sýningarinnar er Guðjón Sigvaldason.

- vþ




> ÓSÁTT VIÐ ALDURSTAKMÖRK

Hayden Panettiere segir aldurstakmörk í Bandaríkjunum fáránleg og kveðst njóta þess að dveljast í Bretlandi þar sem hún má kaupa sér áfengi með löglegum hætti. „Ég má kaupa klám eða drepa einhvern í stríði en ég má ekki fá mér vínglas. Ef ég gæti breytt einu atriði við Bandaríkin væri það þessi fáránlegu aldurstakmörk," segir Heroes-leikkonan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Lýðræði ríkjandi hjá Sálinni

„Ég held að lýðræðið í Sálinni sé virkast í þessum „prósess"," segir Guðmundur Jónsson, gítarleikari Sálarinnar hans Jóns míns, sem á öll þrjú lögin sem sveitin er að ljúka upptökum á um þessar mundir.

Hljómsveitin, sem er tvítug á þessu ári, hefur lagt áherslu á það í gegnum árin að kjósa á lýðræðislegan hátt um hvaða lög komast inn á plötur og var engin breyting þar á fyrir nýju lögin. Þrátt fyrir meint lýðræði mætti ætla að Guðmundur hafi fengið rússneska kosningu en hann gefur lítið fyrir það. „Það eru tveir lagasmiðir í hljómsveitinni, ég og Jens (Hansson), og í þetta skipti kom ég með þrettán lög en Jens með fimm. Síðan förum við í gegnum þetta og merkjum við hvaða lög eru sterkust. Það kemur oft fljótt í ljós og síðan diskútera menn þetta í endann. Þetta hleypir í mann smá kappi að gera betur enda viljum við koma okkar lögum áleiðis. Maður er svo á kafi í sinni músík að það er gott að fá utanaðkomandi áhrif því maður sér ekki alltaf skóginn fyrir trjánum."

Nýju lögin verða á 45 laga safnplötu sem kemur út í haust í tilefni afmælisins. Fer eitt þeirra í útvarpsspilun í byrjun júní. Að sögn Guðmundar eru lögin þrjú af fjölbreyttara taginu; eitt popplag, eitt rokklag og eitt grúv-lag. „Ég held að þetta séu svona grunntónarnir í Sálarsándinu," segir hann. - fb



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Lýðræðið er í hávegum haft hjá þessari tvítugu hljómsveit.



**JACKIE CHAN** Hasarmyndahetjan gerir kvikmynd um jarðskjálftann í Kína.

# Mynd um skjálfta

Hasarmyndahetjan Jackie Chan ætlar að gera kvikmynd byggða á jarðskjálftanum í Kína til að safna pening fyrir fórnarlömb hans. Að minnsta kosti sextíu þúsund manns fórust í skjálftanum og fjölmargra er enn saknað.

Chan er um þessar mundir í viðræðum við leikstjóra og handritshöfunda til að koma verkefninu á koppinn. „Ég vil gera kvikmynd um jarðskjálftann vegna þess að það eru svo margar áhugaverðar frásagnir sem tengjast honum," sagði Chan. „Tuttugu sjónvarpsstöðvar segja mismunandi sögur af fórnarlömbunum og ég græt yfir hverri einustu sem ég sé."

Chan hefur þegar látið um hundrað milljónir króna af hendi rakna til fórnarlamba skjálftans. Hann hefur jafnframt heimsótt sjúkrahús í nágrenninu.

# Hús á Hellu leigð fyrir hundruð þúsunda

**Landsmót hestamanna verður haldið á Hellu í sumar. Mikil eftirspurn er eftir gistirými og hafa einbýlishús verið leigð út í viku fyrir þrjú hundruð þúsund krónur.**

„Hér er blíðan og bæirnir allt um kring," segir Þorgils Torfi Jónsson, sláturhússtjóri á Hellu og oddviti hreppsins. Bæjarbúar gera sig tilbúna að taka á móti gestum í sumar – og það þýðir talsverðar tekjur fyrir Hellu og íbúa þar. Sumir íbúa ætla að ganga úr rúmi fyrir gesti að gömlum sið og leigja hús sín á um þrjú hundruð þúsund fyrir vikuna. Meðan ber á barlómi í þjóðfélaginu vegna kreppu þá á það ekki við íbúa Hellu. Þar ríkir mikil tilhlökkun vegna komandi Landsmóts hestamanna sem haldið verður dagana 30. júní til 6. júlí í sumar.

Landsmótið er stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi og er von á allt að 14 þúsund gestum. Þar af koma hátt á fjórða þúsund erlendra gesta til að upplifa mannlíf og menningu sem er engu lík. Mikil ásókn er í miða, það staðfestir Jóna Fanney Friðriksdóttir, sem stýrir Landsmótinu. „Það má segja það. Rosaleg stemning og allir á Landsmót," segir Jóna Fanney. Gríðarleg eftirspurn er eftir gistirými á Hellu og nágrenni.



**FRÁ LANDSMÓTI** Gríðarleg aðsókn er í miða á Landsmót hestamanna sem haldið verður um mánaðamótin júní/júlí.

Þannig er til dæmis 80 manna biðlisti eftir herbergjum á Hótel Hvolsvelli. Fólk á svæðinu er að rýma íbúðarhús og býður til leigu á um 300 þúsund.

„Já, já, verðið er verulegt sem nefnt er vegna ásóknarinnar. Ég var búinn að heyra 250.000 fyrir stórt einbýlishús í eina viku. Fjölskyldur sameinast um að leigja," segir Þorgils Torfi. Hann bendir reyndar á að verðið megi heita sanngjarnt. Það fari eftir því hvernig á það er litið. Ef um hótelherbergi væri að ræða væru menn fljótlega komnir upp í tölur sem þessar.

„Og forréttindi að vera í göngufæri við svæðið. Nú, einhverjir ætla að nota tækifærið og fara utan á meðan. Þá stendur þetta autt hvort sem er og menn komnir með farareyri. Tilvalið fyrir fólk. Hvort ég ætli að rýma mitt hús? Nei, ég er að hugsa um að vera heima í þetta skiptið," segir Þorgils Torfi.

Oddvitinn segir frá því að ekki minna mót standi fyrir dyrum síðar í sumar á Hellu þegar þar verður haldin mikil hátíð tengd afmælisári Búnaðarsambands Suðurlands sem er hundrað ára um þessar mundir.

„Þá koma líklega tugir þúsunda. En líklega verður minna um erlenda gesti þá."

jakob@frettabladid.is



**JÓNA FANNEY** Stjórnar Landsmótinu að þessu sinni. Sjaldan ef nokkru sinni hefur verið eins mikil ásókn.



**ÞORGILS TORFI JÓNSSON** Sláturhússtjóri og oddviti sér fyrir sér mikinn gestagang á Hellu í sumar og íbúarnir njóta góðs af því.

# Leoncie bönnuð innan 18 ára

„Það er eitthvert ruslahrúgulið sem hefur flaggað á myndbandið," segir Icy Spicy Leoncie. Í gær sagði Fréttablaðið frá því að söngkonan dagfarsprúða hefði sent frá sér myndband á íslensku. Nú hefur þetta sama myndband verið bannað á Youtube áhorfendum yngri en 18 ára.

Það eru notendur sjálfir sem geta sett svokallað viðvörunarflagg á myndbönd telji þau myndböndin ósæmileg. Myndband Leoncie fékk slíkt flagg en í myndbandinu dansar Leoncie og syngur með uppblásna dúkku í hönd. Þótti einhverjum það ósæmilegt en Leoncie er á öðru máli. „Ég er milljón prósent viss um að þarna eru íslenskir rasistar á ferð. Ég er mjög reið. Þetta er eitthvert hæfileikalaust pakk sem vill skemma fyrir mér," segir Icy Spicy öskuvond. „Þetta er bara mjög saklaust og fyndið myndband. Hvað kemur það líka Íslendingum við þótt dúkkan sé þarna? Hún er ekki íslensk, hún er rússnesk," bætir hún við.

Leoncie hefur trú á þessari nýjustu afurð sinni, Enginn þríkantur hér, og fyrst fólk getur ekki séð myndbandið á Youtube án þess að skrá sig inn ætlar hún að setja það á sína eigin vefsíðu. „Það stoppar mig enginn. Það var rándýrt að gera þetta myndband." Hún segir að ef þetta lag hefði farið í Eurovision fyrir Íslands hönd hefði hún án nokkurs vafa farið með sigur af hólmi. Hún telur litarhaft sitt spila þar stóra rullu. „Ég er ekki hvít, ekki brún, heldur bara mitt á milli og glæsileg," segir Leoncie. - shs



**ÓSÁTT** Leoncie er brjáluð yfir því að „íslenskir rasistar" hafi flaggað á myndbandið hennar.

# Nýtt lag frá Dalton í dag

Sveitaballahljómsveitin Dalton gefur út nýtt lag í dag sem nefnist Stjörnuhrap. „Þetta er rapp, „power", þungarokk," segir Davíð Sigurgeirsson úr Dalton. Ný plata frá sveitinni er síðan væntanleg síðar á árinu.

Óheppnin hefur elt Dalton undanfarin misseri. Fyrst skarst söngvari sveitarinnar á hálsi á skemmtistað á Höfn í Hornafirði og síðan brann rúta sveitarinnar. Nýjasta uppákoman varð á laugardagskvöld þegar rútan bræddi úr sér fyrir utan Kirkjubæjarklaustur. „Þetta var ekkert voðalega vel. Græjurnar urðu eftir og við þurfum að láta sendast eftir þeim. En við komumst heilu og höldnu á Egilsstaði og spiluðum á góðu balli í Valaskjálf. Við verðum síðan á Lukku Láka í Grindavík á sjómannadaginn," segir Davíð og greinilegt að Dalton er hvergi af baki dottin þrátt fyrir mótlætið. - fb



**BÖÐVAR RAFN REYNISSON** Böðvar og félagar í Dalton hafa sent frá sér lagið Stjörnuhrap.





Langar þig til að brosa við Mónu Lísu? Fara upp í Eiffelturninn? Sötra „café au lait" á Vinstri bakkanum? Eiga rómantískt kvöld á Signubökkum eða fá konunglega tilfinningu í Versölum?

Komdu til Parísar, í helgarferð eða í sumarleyfi. Allir heillast af þessari litríku borg þar sem hún opnar faðm sinn, breiðstræti, torg og þröngar götur, á móti þeim sem vilja upplifa eitthvað nýtt og ævagamalt. Drífðu bara í því að panta far!

Safnaðu Vildarpunktum

VISA Punktarnir upp í

MasterCard Ferðaávísun gildir

*Flug aðra leiðina með sköttum.



**INDIANA JONES** Fjórða myndin um Indiana Jones hefur fengið mjög góðar viðtökur.

# Tekjuhæst vestanhafs

Fjórða ævintýramyndin um fornleifafræðinginn Indiana Jones var langtekjuhæsta myndin vestanhafs um síðustu helgi. Tekjur myndarinnar náðu rúmum milljarði króna sem hlýtur að kæta félagana George Lucas og Steven Spielberg, mennina á bak við myndina.

„Indiana Jones gekk ótrúlega vel miðað við að nítján ár eru liðin síðan síðasta myndin kom út,“ sagði starfsmaður fjölmiðlafyrirtækisins Media By Numbers. „Þetta er ekta sumarmynd frá tveimur snillingum í gerð slíkra mynda, George Lucas og Steven Spielberg.“ Í öðru sæti á aðsóknarlistanum var framhaldsmyndin The Chronicles of Narnia: Prince Caspian.

# Dansar á svifflugvél

**Opnunaratriði AIM Festival, alþjóðlegrar tónlistarhátíðar sem verður haldin í þriðja sinn á Akureyri 12. til 16. júní, verður með dirfskulegra móti í ár. Þá mun flugkappinn Arngrímur Jóhannsson dansa á svifflugvél sinni yfir miðbæ Akureyrar við undirspil vals, sem sérstaklega var saminn fyrir tónlistarhátíðina. Valsinum verður útvarpað beint í Síðdegisútvarpi Rásar 2, stundvíslega kl. 16.30, fimmtudaginn 12. júní, svo áhorfendur geta hlustað á lagið og fylgst með svifflugi Arngríms á meðan. Nánari upplýsingar um AIM Festival má sjá á heimasíðunni aimfestival.is.**

# Leitar ekki langt yfir skammt

„Við ætlum að reyna ef þetta er hægt. Við erum bara bjartsýnir,“ segir Lýður Árnason, læknir og leikstjóri. Á vef Bæjarins besta er greint frá því að Lýður hafi fengið danska leikarann Bjarne Henriksen til að leika í „prufuþætti“ sem hann hyggst leikstýra og gera ásamt Sigurði Ólafssyni og Jóhannesi Jónssyni. Henriksen ætti að vera Íslendingum að góðu kunnur en hann lék hinn syrgjandi föður Theis Birk Larsen í spennuþáttaröðinni Forbrydelsen, eða Glæpnum, sem sýnd var á RÚV við miklar vinsældir. Lýður er þó ekki að leita langt yfir skammt eins og í fyrstu mætti ætla því töluverðir skyldleikar eru milli hans og Bjarne. „Jú, jú, ég er hálfur Dani. Pabbi hans og mamma mín eru systkini og við vorum leikfélagar í æsku. Þetta er eitthvað sem okkur hefur lengi langað til að gera og náðum loks að finna glufu núna.“



**GAMLIR FÉLAGAR** Lýður og Bjarne Henriksen eru gamlir leikfélagar frá æskuárum Lýðs í Danmörku.

Lýður segir að ef vel takist til með þennan prufuþátt verði átta sjónvarpsþættir framleiddir og einhverjir af þeim teknir upp í Danmörku. „Þetta á að vera í svipuðum dúr og The Street, allavega ekki lögregluþættir enda er nóg af þeim.“ Þátturinn fjallar um heldri lækni, leikinn af Theódór Júlíussyni, sem finnur að lífslöngunin er farin. Konan hans er horfin yfir móðuna miklu og læknirinn ákveður því að fara í afskekktan sumarbústað þar sem hann hyggst fremja sjálfsmorð. „En síðan ber óvænta gesti að garði sem breyta öllum áætlunum hans,“ segir Lýður. RÚV mun að öllum líkindum sýna þáttinn og þáttaröðina. **- fgg**


















Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
EKKI MISSA AF STÆRSTU ÆVINTÝRAMYND SÍÐARI ÁRA!!!


FORGETTING SARAH MARSHALL ★★★1/2 SV MBL ★★★★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 - POWER | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN



ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | | kl. 5:30 | L |
| IRON MAN | | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | | kl. 5:30 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY | | kl. 10:40 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | DIGITAL | kl. 6:30D - 9D - 10D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | | kl. 11:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | | kl. 6 - 8 | L |
| U2 3D | 3-D DIGITAL | kl. 11:40/3D | L |
| IRON MAN | | kl. 6:30 - 9 | 12 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 12 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 - 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MADE OF HONOR | kl. 8 | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | | |
|---|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | AUKAKRÓNUR 5% | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | | |
| HORTON | kl. 4 | ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 10.30 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |
| BEYOND THE VOID | kl. 8 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10 | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Hitakútur með sumarslagara



**HITAKÚTUR** Hljómsveitin Hitakútur hefur gefið út sitt fyrsta lag, G-era.

Hljómsveitin Hitakútur hefur gefið út sitt fyrsta lag, G-era. Um er að ræða ekta sumarslagara sem ætti að koma flestum í gott skap.

Söngvarinn Sigurjón Unnar Sveinsson segir að viðbrögðin við G-era hafi verið frábær og það hafi komið þeim skemmtilega á óvart. „Það er búið að spila það eitthvað á Rás 2 og á Suðurland FM og síðan er það komið í hendurnar á hinum útvarpsstöðunum. Það kemur bara í ljós hvort þær vilji spila það,“ segir hann og vonar það besta. Lagið hefur jafnframt verið fáanlegt ókeypis á síðunni Tónlist.is.

Hitakútur er skipuð fjórum ungum Hvergerðingum og einum Selfyssingi og hefur sveitin spilað víða síðustu ár. Fyrsta plata hennar kemur út seinna á árinu og er nýja lagið forsmekkurinn að því sem koma skal. „Þetta verður konseptplata með heildarhugmynd. G-era er eitt púsluspilið inn í þá heildarmynd sem verður máluð upp á disknum,“ segir Sigurjón.

Sveitin spilar á hin ýmsu hjálpartæki á plötunni, þar á meðal íbúfenglas. „Við erum að leika okkur í stúdíóinu með alls konar hljóð og það er rosalega flott sándið úr íbúfenglasi,“ segir hann.

Nafnið Hitakútur er óvenjulegt en Sigurjón hefur góða skýringu á því: „Við vorum að taka upp efni fyrir tíu árum, við tveir félagarnir, og þá var allt í einu eitthvert suð í upptökunum sem við föttuðum ekki hvað var. Síðan kom í ljós að þetta var suð úr hitakúti,“ segir hann og bætir því við að nafnið passi einstaklega vel fyrir ballhljómsveit sem upp í hverjum skemmtistaðnum á fætur öðrum með spilamennsku sinni.

- fb



**SIGUR RÓS Á TÍMAMÓTUM** Hljómsveitin Sigur Rós ætlar að selja hljóðverið sitt, Sundlaugina, sem er í Mosfellsbæ. Birgir Jón Birgisson, sem rekið hefur Sundlaugina, og Kjartan Sveinsson hljómborðsleikari kaupa hljóðverið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Sigur Rós selur Sundlaugina

**Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari Sigur Rósar, og Birgir Jón Birgisson, sem rekur hljóðver sveitarinnar, Sundlaugina, ætla að kaupa hljóðverið af hinum meðlimum sveitarinnar.**

„Þetta er allt í pípunum,“ segir Birgir Jón. „Það er svolítið síðan þetta kom upp. Hluti af kaupunum yrðu í úttektum þannig að þeir gætu haldið áfram að vinna þar að einhverju leyti. Það er erfitt að fá lán núna og ég er sjálfur að túra svolítið mikið og síðan hafa strákarnir auð að túra þannig að þetta hefur aðeins legið niðri,“ segir Birgir, sem er hljóðmaður á tónleikaferð Mugison um Evrópu sem stendur nú yfir.

**Hentar báðum aðilum**

Birgir telur að það myndi henta bæði honum og hljómsveitinni vel ef hljóðverið yrði selt. „Þeir þurfa ekki að eiga þetta þannig séð, eins og þeir hafa notað það,“ segir hann og bætir við: „Þeir hafa forgang inn og það er því erfitt að fara á fullt með þetta á markað en það ætti að vera auðveldara ef ég kaupi þá út. Það verður enginn ríkur á því að reka hljóðver en þetta er þægileg innivinna.“

**Gömul hugmynd**

Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar, segir að hugmyndin um að selja hljóðverið hafi verið uppi í tvö til þrjú ár án þess að eitthvað hafi orðið úr henni. „Hljóðverið var byggt sérstaklega þegar við tókum upp svigaplötuna (sem kom út 2002). Við höfum alltaf gaman af því að prófa eitthvað nýtt en við notum það kannski minna en við höfðum búist við. Við tókum reyndar upp Takk-plötuna þar líka en við tókum nýju plötuna upp í New York og kláruðum síðan í öðrum stúdíóum.“

**Ekki annað hljóðver**

Georg segir að þeir félagar hafi gaman af að prófa nýja upptökustaði enda mismunandi andrúmsloft í kringum hverja plötu. „Það er erfitt að vera alltaf á sama staðnum. En annars er þetta fínt stúdíó og rekur sig sjálft enda er fullt af fólki að taka þar upp.“ Að sögn Georgs hefur sveitin ekki í hyggju að kaupa sér annað hljóðver. Frekar myndi hún festa kaup á æfingahúsnæði en ekkert hefur þó verið ákveðið í þeim efnum.

freyr@frettabladid.is

# Sannfærandi frumsmíð

Þá er hún komin, fyrsta plata Bryndísar Jakobsdóttur, eða Dísu eins og hún kýs að kalla sig. Dísa er þrátt fyrir ungan aldur búin að vera að vinna í tónlist í nokkur ár og hélt m.a. fjölsótta tónleika á Nasa á Iceland Airwaves-hátíðinni 2006.

Platan er að mestu unnin með breska lagasmiðnum og upptökustjóranum Sam Frank, en hann hefur áður gert plötur með söngkonunum Siu Furler og Martinu Topley-Bird auk þess að hafa unnið með fjölda annarra tónlistarmanna og að hafa gefið út eigin tónlist undir listamannsnafninu The Hour. Sam semur flest laganna á plötunni með Dísu, þó ekki öll, smáskífulagið Temptation er t.d. samið af Dísu og Shelly Poole fyrrum liðskonu Alisha's Attic og tvö laganna eru eftir Dísu eina, þ. á m. hið frábæra Ljáðu mér eyra.

Eins og ferilskrá Sam Frank gefur tilefni til að ætla er platan svolítið trip-hop skotin, en hún er samt fjölbreytt og hefur ferskan og nútímalegan hljóm. Dísa er fín söngkona og það hefur heppnast vel að koma söngröddinni hennar á band. Það eru mörg fín lög á plötunni. Þar á meðal má nefna Temptation, Excuses, Ljáðu mér eyra, Back Home og Anniversary. Útsetningarnar eru líka skemmtilegar og margt vel gert þar. Þetta er mikið forritúð tónlist, en fyrrnefnt Ljáðu mér eyra er tekið upp með hljómsveitinni Shady og þar fer Davíð Þór Jónsson á kostum á hammondið. Lokalagið, Heyr mína bæn, er svo flutt án undirleiks. Sú ákvörðun að vera ekki að mæna of stíft á heildarsvipinn og láta bara allt flakka með sem er gott hefur skilað fjölbreyttari og betri plötu heldur en hún hefði orðið ef öll lögin væru komin úr stúdíóinu hjá Sam Frank.

Á heildina litið er þetta býsna sterk frumraun hjá Dísu. Hún hefur greinilega mikla hæfileika og er hér mætt með eina af bestu plötum ársins til þessa.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**
Dísa
Dísa
★★★★
Þessi fyrsta plata Dísu er mjög vel heppnuð. Tónlistin er mikið unnin og nútímaleg, en platan er líka bæði fjölbreytt og persónuleg.

# Útlendingar vilja Eurobandið

„Það eru fyrst og fremst Norðurlöndin sem hafa sýnt áhuga. Það hefur enginn hringt frá Austur-Evrópu enn þá,“ segir Friðrik Ómar um tónleikahald Eurobandsins á næstunni. „Við erum búin að setja okkur í samband við fullt af liði og margir hafa áhuga á að fá Eurobandið en það er ekkert í hendi enn þá.“

Friðrik var staddur í Kaupmannahöfn ásamt Regínu Ósk þegar Fréttablaðið ræddi við hann og voru þau þá nýbúin að snæða hádegisverð með vini sínum, danska Eurovion-keppandanum Simon Mathew. „Við fengum okkur smörrebröd,“ segir Friðrik og útilokar ekki samstarf með honum í náinni framtíð.



**REGÍNA OG FRIÐRIK** Eurobandið er eftirsótt eftir góða frammistöðu í Eurovision-keppnninni í Serbíu.

Spurður segist Friðrik ekki eiga von á að Eurovision-keppnin verði stökkpallur fyrir sinn sólóferil. „Það hefur enginn íslenskur „artisti“ riðið feitum hesti frá þessari keppni. Fyrst og fremst lít ég á þetta sem klikkaða reynslu og þetta er sennilega einhver mesta pressa sem maður getur lent í. Ég verð voða feginn að koma heim í íslenska hversdagsleikann.“

Friðrik á ekki von á því að taka aftur þátt í Eurovision í bráð. „Mig langar að taka mér hvíld frá Eurovision og vil miklu frekar taka þátt í keppninni af öðru tagi en að syngja því það er gaman að stússast í kringum þetta.“

Hvort rússneska sigurlagið Believe með Dima Bilan verði á efnisskrá Eurobandsins í framtíðinni segir Friðrik Ómar það útilokað. „Það er ekki í uppáhaldi hjá okkur þó svo að hann hafi kannski átt skilið að vinna. Ég bjóst samt ekki við þessum úrslitum og hef ekki hitt þann mann sem er sáttur við sigurlagið. Í Eurovision-sögunni held ég að þetta lag lifi ekki lengi,“ segir Friðrik, sem hefði verið sáttari við sigur Grikklands eða Armeníu. - fb

# Cantet fékk Gullpálmann

**Þá er 61. kvikmyndahátíðinni í Cannes lokið og verðlaunaafhending fór fram í höllinni Palais des Festivals á sunnudagskvöldið. Að þessu sinni var það Frakkinn Laurent Cantet sem hlaut Gullpálmann fyrir mynd sína „Entre Les Murs“, eða Bekkurinn á íslensku. Hanna Björk Valsdóttir fylgdist með hátíðinni í ár.**



**SÆTUR SIGUR** Laurent Cantet tekur á móti Gullpálmanum í Cannes með unglingunum sem leika í mynd hans. NORDICPHOTOS/GETTY

Framan af keppni var mjög óljóst hver myndi hljóta Gullpálmann en „Entre Les Murs“ var ekki frumsýnd fyrr en degi fyrir lok hátíðar og var næstsíðasta myndin sem sýnd var í keppninni. Sean Penn, formaður dómnefndar, tók fram við verðlaunaafhendinguna að eftir að hafa séð þá mynd hefði dómnefndin öll verið sammála um að hún hlyti Gullpálmann. „Þessi mynd snerti okkur djúpt,“ sagði hann svo á blaðamannafundi. „Hún hefur allt sem þú vilt að kvikmynd gefi þér. Algjörlega töfrandi.“

Bekkurinn fjallar um kennara í úthverfi í París sem kennir unglingum af ólíkum uppruna. Myndin er hálfgerð heimildarmynd því kennarinn er raunverulegur kennari og krakkarnir eru nemendur hans og fylgjumst við með einu skólaári hjá þessum bekk. Myndin er mjög raunveruleg og vekur áleitnar spurningar um stöðu vestrænna samfélaga í dag. „Þakka ykkur kærlega fyrir, ég er sérstaklega hrærður yfir því að myndin hafi snert alla í dómnefndinni,“ bunaði Cantet úr sér þegar hann tók við verðlaununum meðan unglingarnir úr myndinni fylltu sviðið í höllinni.



**BESTI LEIKARINN** Benicio Del Toro var valinn besti karlleikarinn í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

Önnur verðlaun sem dómnefndin var einhljóða sammála um voru verðlaun Benicio Del Toro sem besta leikara í karlhlutverki fyrir túlkun sína á Che Guevara í stórvirki Steven Soderbergh „Che“ sem er hvorki meira né minna en fjórir og hálfur tími. „Ég verð að tileinka þessi verðlaun manninum sjálfum, Che Guevara,“ sagði Benicio þegar hann tók við verðlaununum. Besta leikkonan var hin brasilíska Sandra Corveloni í hlutverki einstæðrar móður fjögurra drengja í Sao Paolo í „Linha de Passe“ eftir Walter Salles og Daniela Thomas.

Önnur verðlaun, eða svonefnd Grand Prix-verðlaun, hlaut ítalska myndin Gomorra eftir Matteo Garrone og fjallar um mafíuna í Napólí á nýstárlegan hátt, en hún fékk misjafna dóma gagnrýnenda, þótti annaðhvort algjört meistaraverk eða ekki nógu vel heppnuð. Tyrkneski leikstjórinn Nuri Bilge Ceylan var valinn besti leikstjórinn fyrir „Uc Maymun“ en sú mynd hafði einnig verið talin sigurstrangleg. Verðlaun fyrir besta handritið hlutu belgísku bræðurnir Jean-Pierre og Luc Dardenne fyrir „Le Silence De Lorna“ en þeir hafa tvisvar áður hlotið Gullpálmann fyrir bestu mynd.

Þó að „Smáfuglar“ Rúnars Rúnarssonar hefðu fyllilega átt skilið verðlaun var það Marian Crisan frá Rúmeníu sem hlaut Gullpálmann fyrir stuttmyndina „Megatron“ og dómnefndarverðlaunin hlaut Julius Avery fyrir „Jerrycan“.



## > Eiður Smári ekki með annað kvöld

Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki í landsliðshópnum sem mætir Wales í vináttulandsleik á Laugardalsvelli annað kvöld en þetta var staðfest á heimasíðu KSÍ í gær. Þar kemur fram að KSÍ hafi ekki fengið leyfi frá félagsliði Eiðs Smára, Barcelona, til að spila leikinn en leikdagurinn 26. maí er ekki alþjóðlegur leikdagur. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að læknir Barcelona hefði sent KSÍ tilkynningu um að Eiður Smári væri meiddur. Þá hefur Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari kallað Indriða Sigurðsson, leikmann Lyn, inn í landsliðshópinn í stað Ragnars Sigurðssonar sem er meiddur.



**sport**
sport@frettabladid.is

**LANDSLIÐSKONAN DÓRA STEFÁNSDÓTTIR:** SKORAÐI ÞRENNU Í TVEIMUR LEIKJUM Í RÖÐ MEÐ MALMÖ

# *Gaman að fá að taka meiri þátt í sókninni*

Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir náði þeim frábæra árangri að skora þrennu í tveimur leikjum LdB FC Malmö í röð, fyrst í 5-0 bikarsigri á Karlskrona og svo í 5-2 sigri á Sunnanå SK í sænsku úrvalsdeildinni sex dögum síðar. Næsta á dagskrá er landsleikur við Serbíu á miðvikudaginn.

„Ég hef einhvern tímann náð að skora þrennu áður en ég man ekki hvað mörg ár eru síðan það var. Ég spilaði meira sem varnarmaður en núna er ég komin aðeins framar á miðjunni," sagði Dóra Stefánsdóttir sem hafði fyrir þessa leiki skorað samtals 3 mörk í fyrstu 33 leikjum sínum í sænsku úrvalsdeildinni.

„Það er alltaf gaman að fá að taka meiri þátt í sókninni. Við spilum leikkerfi þar sem er einn varnarsinnaður miðjumaður og tveir sóknarsinnaðir, við erum með gott lið sem er vel spilandi og það er góður hraði í leik liðsins. Maður er látinn keyra inn í vítateig í hverri einustu sókn þannig að einhvern tímann hlýtur boltinn að detta fyrir mann," segir Dóra hógvær en hún skoraði öll mörkin sín um síðustu helgi eftir föst leikatriði.



„Það var eitt hörku skallamark en í hinum tveimur mörkunum datt boltinn fyrir mig rétt við markið. Í bikarleiknum var maður að þruma honum en núna var boltinn að detta meira fyrir mig inni í teig," segir Dóra sem segist þó ekki vera að reyna láta fólkið í Malmö gleyma Ásthildi Helgadóttur. „Ásthildur er búin að skrifa sína sögu hér og fólkið gleymir henni ekkert," segir Dóra sem að sama skapi vonast til að bæta við hróður íslenskra leikmanna hjá félaginu. Hún æfir mikið og leggur mikið á sig sem er að skila sér.

Dóra var spennt að fá að hitta landsliðsstelpurnar aftur. „Nú er rosalega mikilvægur leikur með landsliðinu fram undan. Núna þurfum við að sýna það að við höfum það sem þarf til þess að komast áfram. Nú þurfum við að hafa hausinn á réttum stað. Það er alltaf gaman að koma í landsliðsverkefnin og ég hlakka til að hitta stelpurnar og fara yfir það hvernig við ætlum að vinna Serbana," sagði Dóra á leið upp í flugvél til Belgrad þar sem hún hittir hinar landsliðsstelpurnar.

**3-6**
Breiðablik – Grindavík
Kópavogsvöllur, áhorf.: 965 – Kristinn Jakobsson (8)

*0-1 Tomasz Stolpa (1.), 1-1 Nenad Zivanovic (17.), 1-2 Orri Freyr Hjaltalín (28.), 1-3 Tomasz Stolpa (30.), 1-4 Scott Mckenna Ramsay (38.), 1-5 Andri Steinn Birgisson (41.), 2-5 Prince Rajcomar (76.), 3-5 Haukur Baldvinsson (81.), 3-6 Andri Steinn Birgisson (94.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12-12 (7-10) |
| Varin skot | Casper 4 – Zankarlo 4 |
| Horn | 7-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16-10 |
| Rangstöður | 4-6 |

| BREIÐAB. 4-4-2 | | GRINDAV. 4-4-2 | |
|---|---|---|---|
| Casper Jakobsen | 3 | Zankarlo Simunic | 5 |
| Árni K. Gunnarsson | 3 | Ray A. Jónsson | 6 |
| (46., Magnús Gunn. | 4) | (36., Michael J. Jóns. | 7) |
| Guðmann Þórisson | 3 | Eysteinn H. Hauks. | 6 |
| Srdjan Gasic | 3 | Marinko Skaricic | 5 |
| Kristinn Jónsson | 3 | Jósef K. Jósefsson | 7 |
| (46., Olgeir Sig. | 4) | Scott Ramsay | 9 |
| Steindór Þorsteins. | 4 | Orri Freyr Hjaltalín | 8 |
| Arnar Grétarsson | 3 | Jóhann Helgason | 7 |
| Nenad Petrovic | 3 | Alexander Þórarins. | 7 |
| Jóhann B. Guðm. | 5 | (88., Bogi Einars. | -) |
| Prince Rajcomar | 5 | Andri S. Birgisson | 8 |
| Nenad Zivanovic | 5 | ***Tomasz Stolpa** | **9** |
| (65., Haukur Baldv. | 6) | (93., Marko Stefáns | -) |

**Maður leiksins*

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 4 | 4 | 0 | 0 | 12-6 | 12 |
| **FH** | **4** | **3** | **1** | **0** | **12-4** | **10** |
| Fram | 4 | 3 | 0 | 1 | 6-1 | 9 |
| **Fjölnir** | **4** | **3** | **0** | **1** | **7-3** | **9** |
| Valur | 4 | 2 | 0 | 2 | 8-8 | 6 |
| **Fylkir** | **4** | **2** | **0** | **2** | **5-6** | **6** |
| Breiðablik | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-8 | 5 |
| **ÍA** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-6** | **4** |
| KR | 4 | 1 | 0 | 3 | 5-7 | 3 |
| **Grindavík** | **4** | **1** | **0** | **3** | **7-10** | **3** |
| Þróttur | 4 | 0 | 2 | 2 | 4-7 | 2 |
| **HK** | **4** | **0** | **0** | **4** | **2-10** | **0** |

# Markaveisla í Kópavogi

**Breiðablik tapaði á heimavelli sínum fyrir frískum Grindvíkingum í stórskemmtilegum níu marka leik. Gestirnir skoruðu fimm mörk í fyrri hálfleik.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik tapaði í gær sínum fyrsta leik í tíu leikjum á heimavelli þegar þeir steinlágu fyrir Grindvíkingum, 6-3. Grindvíkingar höfðu fyrir leikinn í gær tapað öllum sínum þremur leikjum, skorað eitt mark og fengið á sig sjö.

Fyrri hálfleikurinn var ótrúlegur. Hriplek Blikavörnin réð ekkert við leiftursóknir Grindvíkinga sem skoruðu fimm mörk gegn einu. Tomasz Stolpa var frábær, vann boltann oft, lagði upp mark og lék á als oddi. Hann skoraði tvö mörk, það fyrra eftir aðeins nítján sekúndur. Blikar byrjuðu samt með boltann.

Scott Ramsay var einnig frábær, hann skoraði eitt og lagði annað upp. Blikar byrjuðu leikinn reyndar ágætlega og náðu að jafna en svo datt botninn úr leik þeirra. Þeir reyndu að bæta við en þeir réðu ekkert við hreyfanlega Grindvíkinga sem tóku öll völd á vellinum. Staðan í hálfleik var 5-1 en Grindvíkingar skutu einnig í slá og fengu fleiri fín færi. Stuðningsmenn Blika sáust yfirgefa völlinn í hálfleik. Þeir sem ekki fóru sungu „6-5 fyrir Breiðablik".

Ólafur Kristjánsson gerði tvær breytingar á Blikaliðinu í hálfleik og fór í þriggja manna vörn. Það tók sinn tíma en Blikar uppskáru tvö mörk, fyrst frá Rajkomar og svo frá hinum átján ára gamla Hauki Baldvinssyni í sínum fyrsta leik í deildinni. Grindvíkingar sýndu að vörn þeirra er viðkvæm en að sama skapi var sóknarleikur



**MARK** Tomasz Stolpa skorar hér þriðja mark Grindavíkur með laglegum hætti í miklum markaleik á Kópavogsvelli í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þeirra góður. Blikar sýndu karakter með því að koma til baka en ömurlegur fyrri hálfleikur þeirra var þeim um of. Andri Steinn var hins vegar ekki hættur fyrir Grindvíkinga og skoraði síðasta mark leiksins í uppbótartíma eftir góðan undirbúning Ramsays og lokatölur því eins og segir 3-6 á Kópavogsvelli. Orri Freyr Hjaltalín, fyrirliði Grindavíkur, var brosmildur í leikslok. „Við komum dýrvitlausir til leiks, svekktir eftir síðasta leik og við vorum staðráðnir í að sýna hvað við getum. Við höfum verið að spila ágætlega úti á vellinum en þessi auka gredda kom í dag. Þetta eru allt saman fínir fótboltamenn í þessu liði en það auka sem vantaði kom svo sannarlega í dag," sagði Orri.

hjalti@frettabladid.is



**ENGIN BREYTING** HK á enn eftir að vinna útileik í Landsbankadeildinni undir stjórn Gunnars Guðmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsbankadeildarlið HK:

## Tíunda tapið í röð á útivelli

**FÓTBOLTI** Lið HK í Landsbankadeild karla setti nýtt met í Árbænum á sunnudagskvöldið þegar liðið tapaði sínum tíunda útileik í röð.

Ekkert lið hefur tapað jafnmörgum útileikjum í röð í efstu deild síðan deildin innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977. HK náði markalausu jafntefli í fyrsta útileik sínum í fyrra en hefur síðan tapað öllum útileikjum sínum, þar á meðal 3-0 á móti Blikum þar sem þeir fengu þó að spila á sínum eigin heimavelli.

Þrjú lið áttu gamla metið, Haukar töpuðu öllum 9 útileikjum sínum sumarið 1979 (eina tímabil Hauka í efstu deild), Víkingar töpuðu 9 útileikjum í röð frá 1992 til 1993 og Stjörnumenn töpuðu 9 útileikjum í röð sumrin 1997 og 2000 en liðið var í 1. deildinni 1998 til 1999.

- óój




Guðjón ásakar dómara um sérmeðferðir gegn ÍA:

## Skagamenn stimplaðir?

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson hefur heimildir fyrir því að ÍA og sérstaklega Stefán Þórðarson, hafi verið stimplaðir af dómurum fyrir Íslandsmótið sem grófir leikmenn sem þyrfti að fylgjast sérstaklega með. „Ég hef heimildir fyrir þessu. Þær eru því miður til staðar," sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær.

Guðjón greindi frá þessu í viðtali við Stöð 2 Sport eftir tap ÍA fyrir Keflavík á sunnudag. „Það var fundur hjá dómurum þar sem það var útmálað að Skagaliðið væri svo gróft að það þyrfti að taka sérstaklega á því. Þar var sérstaklega fjallað um að þeir ætluðu að sýna Stefáni Þórðarsyni hvernig ætti að „díla" við hlutina," sagði Guðjón meðal annars. Stefán fékk rautt spjald sem ÍA mun áfrýja.

Þórarinn Gunnarsson, formaður dómaranefndar KSÍ, sagði í gær að vissulega væru haldnir fundir með dómurum þar sem skerpt væri á ákveðnum atriðum. Meðal annars væru notaðar myndbandsupptökur til að taka dæmi, bæði íslenskar og erlendar. „Það eru þá myndbrot frá síðasta ári, við erum ekki að skoða atriði frá því í ár," sagði Þórarinn. Hann neitaði annars að tjá sig um málið líkt og Birkir Sveinsson, nefndarmaður og starfsmaður KSÍ. Vísuðu þeir báðir á framkvæmdastjórann Þóri Hákonarson.



**STIMPLAÐUR?** Fékk umdeilt rautt spjald í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

Þórir vísaði ummælum Guðjóns til föðurhúsanna. „Það er ekkert lið tekið fyrir á svona fundum og hvað þá leikmenn, það er af og frá," sagði Þórir. Hann á ekki sæti í dómaranefndinni. Þórir skaut ummælum Guðjóns til aganefndar í gær en hún tekur málið væntanlega fyrir á fundi sínum í dag.

Garðar Örn Hinriksson hefur mætt á alla fundi dómaranefndar með dómurum og hann segir að aldrei hafi verið bent sérstaklega á Skagamenn eða Stefán. „Þetta gerðist ekki og mun aldrei gerast, Þessi fundur var ekki haldinn," sagði Garðar.

- hþh

Þjálfarinn Guðjón Þórðarson:

## Fyrsta tapið á móti Keflavík

**FÓTBOLTI** Skagamenn töpuðu 1-3 fyrir toppliði Keflavíkur í Landsbankadeildinni á sunnudagskvöldið en þetta var sögulegur sigur fyrir heimamenn.

Þetta var nefnilega í fyrsta sinn í 17 tilraunum sem Keflavíkurliðið nær að vinna lið undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar í efstu deild. Fyrir þennan leik höfðu lið Guðjóns (ÍA, KA og KR) unnið 11 leiki af þessum 17 og fimm sinnum hafði orðið jafntefli.



Frægasti sigur liða Guðjóns var örugglega í lokaumferðinni 1989 þegar KA tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með 2-0 sigri í Keflavík.

- óój

SPORT 2

Stórkostlegir heimildaþættir um 10 bestu knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar.
Öll þriðjudagskvöld í sumar.




# FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL 21:00
# FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# dagskrá



## > Dan Castellaneta

Castellaneta er röddin á bak við Homer í Simpsons-þáttunum. Frasinn „d'oh" sem Castellaneta gaf Homer var bætt í hina virðulegu Oxford-orðabók árið 2002. Castellaneta talar einnig fyrir föður Homers, trúðinn Krusty, Willie húsvörð, Barney á barnum, Quimby bæjarstjóra Springfield og fjölda annarra persóna. Stöð 2 sýnir Simpsons alla virka daga.

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR VILL MEIRI ÚTHUGSUN

# *Allt í beinni, af hverju?*



Miðlar á borð við sjónvarp eru sífellt að skilgreina og endurskilgreina sig og sitt hlutverk. Sjónvarpi hefur til að mynda ávallt verið mikið í mun að sýna fram á að það er frábrugðið bæði kvikmyndamiðlinum og útvarpinu, og hefur beitt ýmsum brögðum til þess að marka sér sérstöðu. Eitt þessara bragða kallast bein útsending frá stórviðburðum hvers konar og er í miklu uppáhaldi hjá dagskrárgerðarmönnum, enda kemur það blóðinu á hreyfingu svo um munar. Lítið má út af bera og ef þú klúðrar málunum er alþjóð til vitnis um það. Eða, þannig er það kenningunni samkvæmt. Í raun réttri eru beinar útsendingar fremur vandmeðfarið form sem hentar ekki hvaða efni sem er. Menningarefni á til að mynda ekki að vera í beinni; fæstir nenna að horfa á beinar útsendingar frá afhendingu Grímunnar eða Eddunnar eða setningu Listahátíðar í Reykjavík eða ámóta viðburðum, enda ekkert á þeim að sjá nema sama fólkið alltaf hreint að þamba hvítvín, flytja ávörp og svara vandræðalegum spurningum vandræðalegra spyrla.

Hér er þó ekki verið að formæla því framtaki að bjóða upp á innlent menningarefni í sjónvarpi, þvert á móti: Húrra fyrir því! En beinar útsendingar gera virðulegum athöfnum ekki góð skil þar sem þær eru í eðli sínu óvirðulegar sökum himinhás óvissustuðuls. Að auki eru setningar- og verðlaunaathafnir í eðli sínu fremur fráhrindandi viðburðir þar sem fólk klappar sjálfu sér og öðrum á bakið á klígjulegan hátt. Hvernig væri að eyða fremur fjármunum sjónvarpsstöðvanna í að framleiða úthugsað og áhugavert menningarefni, fremur en óundirbúin og sjálfumglöð skyndiviðtöl við listamenn sem voru að fá verðlaun frá vinum sínum og samstarfsmönnum?

Beinar útsendingar í sjónvarpi eru því hið versta mál þegar kemur að menningarefni, en þær eru ekki alslæmar, enda er heimur utan menningarinnar. Íþróttakappleikir, sérlega þeir sem einhver eftirvænting ríkir vegna, ganga einungis upp í beinni útsendingu, sem og hryðjuverkaárásir og hamfarir hvers konar.

## EKKI MISSA AF



▶ **17.30 Entourage** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Be Cool** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Age of Love - NÝTT** SKJÁREINN



▶ **22.25 Njósnadeildin (Spooks)** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00 Bardaginn mikli, Mike Tyson-Lennox Lewis** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka**

**18.00 Geirharður bojng bojng**

**18.25 Undir ítalskri sól** (4:6) Sænsk þáttaröð þar sem rithöfundurinn Bo Hagström fer um Ítalíu og kynnir sér matarmenninguna þar.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Eldhúsdagur á Alþingi** Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Njósnadeildin** (Spooks) (7:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Hermione Norris. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Jane Eyre** (1:4) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charlotte Brontë um munaðarlausa stúlku sem elst upp í örbirgð en verður seinna kennslukona á heimili auðmanns. Hún verður fljótt ástfangin af honum og með tíð og tíma heillast hann af henni líka en áður en þau fá að eigast verða þau að að glíma við leyndarmál úr fortíð hans. Aðalhlutverk: Ruth Wilson, Toby Stephens, Francesca Annis, Christina Cole, Lorraine Ashbourne, Pam Ferris og Tara Fitzgerald. (e)

**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Be Cool**

**08.00 Fat Albert**

**10.00 Barbershop 2. Back in Buisness**

**12.00 Guess Who**

**14.00 Fat Albert**

**16.00 Barbershop 2. Back in Buisness**

**18.00 Guess Who**

▶**20.00 Be Cool** Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty. Hér er saman gengið mætt til leiks og gáskinn orðinn jafnvel ennþá meiri.

**22.00 Waiting**

**00.00 Something the Lord Made**

**02.00 Iron Jawed Angels**

**04.00 Waiting**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Oprah**

**08.45 Kalli kanína og félagar**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Curb Your Enthusiasm** (1.10)

**13.45 Connie and Carla** Gamanmynd frá Niu Vardalos. Aðalhlutverk. Toni Collette, David Duchovny, Nia Vardalos.

**15.20 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**15.55 Ginger segir frá**

**16.18 Kringlukast**

**16.43 Sylvester and Tweety Mysterie**

**17.08 Shin Chan**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends**

**20.20 Hell´s Kitchen** (10:11) Efnilegir áhugamenn í matreiðslu keppa um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramseys.

**21.05 Shark** (12:22) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

**21.50 Kompás** Fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

**22.25 60 minutes**

**23.10 White Lights, Black Rain** Heimildamynd frá HBO. Rifjað er upp þegar tvær japanskar borgir voru jafnaðar við jörðu með fyrstu kjarnorkusprengjunum sem varpað hefur verið á mannabyggð.

**00.40 Medium** (9:16)

**01.25 ReGenesis**

**02.15 Big Love**

**03.10 Connie and Carla**

**04.45 Shark**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Myndbönd frá Popp TíVí**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07:00 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - Grindavík

**16:25 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - Grindavík

**18:15 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir og öll mörkin skoðuð í Landsbankadeild karla.

**21:00 Kaupþings mótaröðin 2008** Sýnt frá fyrsta móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni.

**22:00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

▶**23:00 Bardaginn mikli** Mike Tyson er yngsti þungavigtarmeistari sögunnar en hefur verið sjálfum sér verstur eins og dapurlegt einkalíf hans vitnar um. Í þessum magnaða þætti eru sýndir gamlar myndir með Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni. Í þættinum er sömuleiðis fjallað um bardaga hans við Lennox Lewis en margir álíta að Tyson hafi þá þegar verið útbrunninn bæði líkamlega og andlega.

**00:00 World Series of Poker 2007** Snjöllustu pókerspilarar heimsins setjast að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Football Icon Football Icons** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**19.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**20.00 EM 2008 - Upphitun** Þýskaland - Austurríki. Frábærir þættir þar sem liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt til leiks.

**20.30 EM 2008 - Upphitun** Króatía - Pólland

**21.00 10 Bestu - Pétur Pétursson** Fyrsti þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Pétur Pétursson og hans feril.

**21.50 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti.

**22.45 Football Rivalries**

**23.40 Premier League World**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.20 Vörutorg**

**17.20 Everybody Hates Chris** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.20 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**20.10 Kid Nation** Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Mengunin er farin að segja til sín í bænum og flugur og rottur eru að leggja bæinn undir sig. Bæjarráðið beitir refsivaldi í fyrsta sinn og sá seki er ekki sáttur við sitt hlutskipti.

▶**21.00 Age of Love - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem ástin er í aðalhlutverki. Mark Philippoussis er þrítug tennisstjarna frá Ástralíu sem er að leita að stóru ástinni. Í upphafi er piparsveinninn kynntur fyrir hópi kvenna. Það kemur honum í opna skjöldu þegar þær reynast allar vera á fimmtugsaldri. Þær eru nýbyrjaðar að berjast um athygli hans þegar fleiri stúlkur eru kynntar til leiks. Þær eru ungar og sprækar, enda allar undir þrítugu. Stelpurnar eru snöggar að sýna klærnar og upphefst skemmtileg barátta um piparsveininn. Stóra spurningin er. Skiptir aldurinn máli?

**21.50 Cane - Lokaþáttur**

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.10 C.S.I.**

**01.50 Vörutorg**

**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.00**
**10 bestu – Pétur Pétursson NÝTT**



Farsæll ferill Péturs Péturssonar knattspyrnumanns hefur ekki farið fram hjá neinum en í þessum þætti verður ferillinn í heild sinni skoðaður, frá Akranesi til þess að verða einn besti framherji Evrópu. Í þessum þætti rennir Arnar Björnsson með honum í gegnum allt það helsta á ferlinum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Kompás – lokaþáttur**
**Stöð 2 kl. 21.50**

Marta Ruth Guðlaugsdóttir, upphafsmaður Byrgismálsins, stígur fram í síðasta Kompásþætti vetrarins. Byrgismálið byrjaði með bréfi frá Mörtu sem skrifaði undir dulnefninu LOT. Þar fletti hún ofan af misnotkun Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi forstöðumanns Byrgisins.

Í síðari hluta þáttarins verður sýnt frá ferð Kompáss til Kambódíu með Barnaheillum á Íslandi sem styðja verkefni þar í landi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Leynifélagið
**19.50** Eldhúsdagur á Alþingi
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Listahátíð í Reykjavík 2008
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
▶ **17.30 Entourage**
**18.00 Comedy Inc.** Ástralskur sketsaþáttur.
**18.30 American Dad** Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld**
**20.30 Entourage** Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram. Eins og komið hefur á daginn í fyrstu tveimur seríunum er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
**21.00 Comedy Inc.**
**21.30 American Dad**
**22.00 American Idol** Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.
**22.45 American Idol**
**00.10 Missing**
**00.55 Rock School**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður ígrundar stjórnmálin með gesti sínum.
**21.30 Úrval úr Mér finnst...** Valdir kaflar úr kvennaþættinum Mér finnst... í umsjá Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** På tur i vildmarken **11.50** Supernabo **12.20** Kom igen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Sporløs **18.30** Ønskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Mistænkt 7: Sidste akt **21.35** Dødens Detektiver **21.55** Seinfeld **22.20** De riges misbrug

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Bokbussen **10.40** Ungdom skal gjere opprør **11.50** Faktor **12.20** Jessica Fletcher **13.05** Kålkrigen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.20** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen: En nødvendig krig **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Gloria **23.10** Kulturnytt **23.20** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **11.00** Niklas mat **12.05** Bergen - Kirkenes t/r **12.35** Flottans överman **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.00** Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Jonas och vikingen **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören - killar sjunger inte **18.50** Post, nej tack! **19.00** Plus sommar **19.30** The Time Machine **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Peter Jöback live på Oscars **22.30** De barbariska invasionerna





Dagskrá:

» Stofa 158

13:00 – 13:10 Setning – Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ
13:10 – 13:25 Gunnar Svavarsson, alþingismaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, fulltrúi 20 ára verkfræðinga
13:25 – 13:40 Björn Margeirsson, doktorsnemi: Að hefja doktorsnám í verkfræðideild HÍ

14:00 – 17:00 Meistaravarnir og kynningar á meistaraverkefnum

| | VERKEFNASTJÓRNUN (stofa 158) | TÖLVUNARFRÆÐI OG HUGBÚNAÐARGERÐ (stofa 157) | SAMGÖNGUR, SKIPULAG OG UMHVERFI (stofa 156) | JARÐVARMANÝTING (stofa 155) |
|---|---|---|---|---|
| 14:00 | Kynning á verkefni fjölþjóðlegs hóps meistaranema: A real life international project experience PM Board Game<br>Umsjón: Helgi Þór Ingason | Meistaravörn: Guðmundur Freyr<br>Tunerific. Gagnvirkur tónstillir fyrir farsíma<br>Leiðb.: Jóhann P. Malmquist | Meistaravörn: Helga Þórunn Gunnlaugsdóttir<br>Burður vega á þáatíma - úrvinnsla falllóðsmælinga<br>Leiðb.: Sigurður Erlingsson | Meistaravörn: Oddgeir Guðmundsson<br>Aðferðir við að greina útfellingar í varmaskiptum<br>Leiðb.: Ólafur Pétur Pálsson |
| 15:00 | Meistaravörn: Gréta María Grétarsdóttir<br>Stjórnun vöruþróunar<br>Leiðb.: Helgi Þór Ingason | Meistaravörn: Anna Ólafsdóttir Björnsson<br>Ubiquitous computing in parliament<br>Leiðb.: Ebba Þóra Hvannberg | Kynning á meistaraverkefnum<br>Sverrir Örvar Sverrisson<br>Á slóðum borgarferðamannsins. Greining á landnotkun, umhverfi og stefnumótun ferðamennsku í Reykjavík<br>Leiðb.: Sigríður Kristjánsdóttir, lektor LBHÍ, Trausti Valsson, Prófessor<br>Þorsteinn Jóhannsson<br>Svifryk í Reykjavík<br>Leiðb.: Birgir Jónsson og Hermann Þórðarson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Meistaravörn: Caixia Sun<br>Feasibility study of geothermal utilization of Yangbajain field in Tibet Autonomous Region,P.R.China.<br>Leiðb.: Páll Valdimarsson |
| 16:00 | | Meistaravörn: Jónas Árnason<br>Improving particle systems - Utilizing the GPU for general purpose programming<br>Leiðb.: Hjálmtýr Hafsteinsson | RAFMAGNSVERKFRÆÐI (stofa 156)<br>Meistaravörn: Páll Sigurjónsson<br>Dreifing kennistærða rafgass í tíma og rúmi í háaflspúlsaðri segulspætu<br>Leiðb.: Jón Tómas Guðmundsson | |

17:00 – 18:00 Léttar veitingar og spjall

Allir velkomnir www.verk.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 42555 05/08

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það er Austurlandahraðlestin þegar maður vill gera vel við sig eða kemur þreyttur heim af æfingu, en Binna og Veiga í mötuneytinu í Borgó klikka aldrei.“*

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir dansari.

# Eurovision stytt um helming næsta vetur

Forkeppnin fyrir næstu Eurovision verður stytt um meira en helming. Í stað sautján þátta eins og var í ár verða að öllum líkindum sex þættir, að meðtöldu úrslitakvöldinu. Þetta segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, en hann var nýkominn heim frá Serbíu þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Nú verður þetta mun styttra tímabil og ég reikna með að forkeppnin byrji ekki fyrr en í janúar,“ útskýrir Þórhallur en síðasta undankeppni stóð frá 6. október til 17. febrúar. Og þótti mörgum það einum of langur tími þótt áhorfið hefði síður en svo dalað.

Þórhallur bætir því jafnframt við að áhugasömum yrði gefið færi á að senda inn lög en hann væri einnig að skoða þann möguleika að fá einhverja valinkunna lagahöfunda til að semja grípandi dægurflugur fyrir keppnina. Sérstök dómnefnd velur lögin í undankeppnirnar en Þórhallur tekur skýrt fram að þjóðin fái að velja næsta Eurovision-lag.

„Ég ber fullt traust til þjóðarinnar enda hefur hún sýnt að hún veldur þessu hlutverki ákaflega vel,“ segir Þórhallur. **- fgg**



**ENGIN LANGLOKA NÆST** Þórhallur Gunnarsson ætlar að stytta næstu undankeppni töluvert en síðast var undankeppnin í sautján þáttum að meðtöldu úrslitakvöldinu.



**EUROVISIONFARAR** Regína og Friðrik Ómar.



**LÁRÉTT**
**2.** mats, 6. í röð, 8. fálm, 9. stefna, 11. í röð, 12. hljóðfæri, 14. spaug, 16. átt, 17. skref, 18. fornafn, 20. bókstafur, 21. stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** morð, 3. hróp, 4. olíusósa, 5. stykki, 7. skór, 10. mál, 13. gogg, 15. bakhluti, 16. skilaboð, 19. holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. dóms, 6. rs, 8. pat, 9. átt, 11. ják, 12. píanó, 14. glens, 16. sv, 17. fet, 18. mér, 20. sé, 21. slóð. **LÓÐRÉTT:** 1. dráp, 3. óp, 4. majónes, 5. stk, 7. stígvél, 10. tal, 13. nef, 15. stél, 16. sms, 19. ró.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Þorvaldur Davíð Kristjánsson.
2. Bitruvirkjun.
3. Valur.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GÍSLI ÖRN GARÐARSON: STÆRSTA HLUTVERK ÍSLENDINGS Í KVIKMYND

# Leikur vonda kallinn í stórmynd Jerrys Bruckheimer

„Já, þetta er satt,“ segir Gísli Örn Garðarsson sem landað hefur hlutverki í nýjustu mynd framleiðandans Jerry Bruckheimer, The Prince of Persia: The Sands of Time. Um sannkallaða stórmynd er að ræða en áætlað er að hún verði ekki minni í sniðum en Pirates of the Caribbean-myndirnar þrjár, sem Bruckheimer framleiddi einnig. Gísli vill þó sem minnst segja á þessu stigi málsins en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður gengið frá samningum við hann í þessari viku um hlutverk The Vizier, sem er aðal vondi karlinn í myndinni. Það eru engir aukvisar sem leika á móti Gísla í þessu stóra verkefni. Jake Gyllenhal fer með hlutverk Dastans, prinsins sjálfs. Gyllenhal þekkja Íslendingar einna best úr kvikmyndinni Brokeback Mountain en þess má geta að hann fer einnig með aðalhlutverk í nýjustu mynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers. Þá fer Gemma Arterton með hlutverk Taminu en hún leikur einmitt hina svokölluðu Bond-stúlku í nýjustu myndinni um njósnara hennar hátignar, Quantum of Solace. Leikstjórn myndarinnar er í höndum Mike Newell en sá er eldri en tvævetur í faginu. Hefur meðal annars leikstýrt einni mynd um Harry Potter, Donnie Brasco og rómantísku gamanmyndinni Four Weddings and a funeral svo eitthvað sé nefnt.

Myndin er gerð eftir samnefndum tölvuleik og fjallar um Persíuprinsinn sem berst við ill öfl um hinn svokallaða „Dagger of time“ sem gerir mönnum kleift að ferðast um tímann.

Hlutverk Gísla í The Prince of Persia: The Sands of time, er tvímælalaust það stærsta sem rekið hefur á fjörur íslensks leikara. Gísli er að vonum spenntur. „Jú, þetta er mjög stórt dæmi og ég er spenntur,“ segir hann. **soli@frettabladid.is**



**GÍSLI ÖRN** Hefur landað hlutverki í stórmynd Jerry Bruckheimers.



**JAKE GYLLENHAL** Fer með aðalhlutverkið í The Prince of Persia: The Sands of Time

**BONDSTÚLKAN** Gemma Arterton fer með aðalhlutverk í myndinni.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Rapparinn **Erpur Eyvindarson** er nýlega kominn heim til Íslands aftur frá Andalúsíu þar sem hann dvaldi ásamt félögum sínum í Maradona-klúbbnum. Þar voru kúbverskir vindlar, nautakjöt og romm í öndvegi. Þrátt fyrir dýrðarinnar stundir (en ekki vegna) kom Erpur veikur heim með lungnabólgu. Það breytir ekki því að Erpur lætur vel af förinni, til dæmis vegna þess að hann bætti í rommsafnið sitt, sem er orðið skuggalegt, 12 ára el Dorado-rommi frá Guyana og Barcelo-rommi frá Dóminíska lýðveldinu. Erpur á nú yfir tuttugu tegundir.



**Sturlu Jónssyni** vörubílstjóra er ýmislegt til lista lagt en um helgina var auglýst uppákoma hjá EJS þar sem hann var í lykilhlutverki. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, sölumet var slegið og EJS-menn alveg einstaklega ánægðir með hversu öflugur sölumaður Sturla er.



Nálgast nú sjómannadagur. **Egill Örn Jóhannsson** framkvæmdastjóri Forlagsins hafði uppi mikil og göfug áform um að hefna grimmilega ófaranna frá því í róðrakeppni fyrir ári. Þá keppti JPV forlag og var Egill formaður. En lið færeyskra húsmæðra sigraði keppnina glæsilega. Árinni kennir illur ræðari því Egill heldur því fram að sitt lið hafi fengið ónýtan bát til að keppa á. Annars hefði ekkert staðið í vegi fyrir sigri bókamanna. Ekkert verður þó af því að færeyingarnir fái keppni frá Agli og hans liði þetta árið því Egill er nú í brúðkaupsreisu í suðurhöfum ásamt konu sinni **Þórhildi Garðarsdóttur**. **-jbg**

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR
úrval fiskrétta, lúðu, skötusel, lax
signa grásleppu, kinnar og margt fleira.



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# Dagvaktin þjófstartar 17. júní

„Við vonumst til að fá sem flesta með okkur í þetta verkefni,“ segir Harpa Þórsdóttir, framleiðandi Dagvaktarinnar. Um helgina ætla leikarar og tökuliðið að blása til 17. júní veislu í Reykhólasveit og þjófstarta þannig þjóðhátíðardegi Íslendinga. Harpa vonast til þess að íbúar Reykhólahrepps láti sjá sig með börnin sín enda verði þarna boðið upp á helíum-blöðrur og grill að hætti hússins.

Fastlega má gera ráð fyrir því að þeir Jón Gnarr, Pétur Jóhann Sigfússon og Jörundur Ragnarsson muni setja sinn svip á hátíðarhöldin í líki þeirra Georgs, Ólafs Ragnars og Daníels. Harpa vildi ekki gefa upp hvað myndi gerast eða hverju þeir tækju upp á en bætti því við að líklegt yrði að teljast að George yrði allt í öllu, kannski í grillinu. Hann myndi væntanlega nýta tækifærið til að breiða út fagnaðarerindi kommúnismans þegar ræðuhöldin hæfust. „Hann gæti aldrei látið slíkt happ úr hendi sleppa.“ **-fgg**



**HÆ, HÓ** Sautjándi júní verður haldinn hátíðlegur í Reykhólasveit um helgina.



Þú færð það á einum stað
England
70-90 cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá 23.900
án botns
Finland
80x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. 18.900
France
140-160cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá 41.900
án botns
Spain
70-90 cm fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. 18.900
án botns
Denmark
86x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. 18.900
Greece
75-90 cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá 21.900
án botns
Norway
97,5x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. 22.900
Engin hlíf, hverskonar líf?
Germany
100-120cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. 25.900
án botns
Luxemburg
100x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. 22.900
sturta.is
Algjört flóð?
Hér eru ráðin góð!
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
www.sturta.is
allan sólarhringinn!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Notalegheit rónanna

Við frændi minn nýttum hádegishlé okkar fyrir skömmu til að líta í heimsókn til róna og dópista. Þeir voru hinir hressustu, fóru með frumsamin kvæði fyrir okkur, sumir sýndi okkur ómeðhöndluð sár á líkama sínum til sönnunar um hraustleika þess og aðrir ræddu um hve mjög þeir væru menntaðir og gætu í raun fengið vinnu hvar sem væri ef ekki væri fyrir helvítis alkohólismann. Allt þetta fólk átti það sameiginlegt að vera sérlega áhyggjulaust í fasi þar sem það sat og naut veðurblíðunnar. Flest fólkið bar frænda mínum vel söguna enda var hann í þeirra hópi fyrir nokkrum árum svona rétt áður en þeir snéru sér alfarið að róneríinu og hann snéri sér frá því.

**ÞÓTT** frændi minn sé ein besta manneskja sem ég hef fyrir hitt verður ekki sagt að hann finni til nokkurrar vorkunnsemi þegar kemur að rónum. Bendir hann mér iðulega á kosti þess að þurfa ekki að muna eftir þeim leiðindum sem fylgja venjulegu lífi. Rónar hafi ekki nokkrar áhyggjur af barnaafmælum, afborgunum, vöxtum, sköttum eða öðru sem meðaljón sundlar af áhyggjum yfir. Ábyrgð róna sé engin og líði þeim illa kenni þeir öðrum ávallt um ógæfu sína.

**EITT** sinn sá ég mann segja við frænda minn góðan að hann langaði svo mikið til að ná bata en helvítis samfélagið vildi ekkert gera til þess að svo mætti verða. Mannanginn aumkvaði sér mikið í ógæfu sinni og sjálfsvorkunn, grét meira að segja smá. Frændi lét sem hann heyrði ekki kveinstafi hans heldur spurði manninn hvort hann væri ekki nýkominn úr meðferð, gera mætti ráð fyrir því að kostnaður samfélagsins vegna þeirrar aðstoðar næmi um milljón og það væri ekki í fyrsta skipti sem slík upphæð væri reidd fram fyrir hann. Fengi hann enn frekari aðstoð væri fullvíst að hann myndi aldrei sjá nokkurn tilgang í því að verða aftur nýtilegur þegn.

**ÉG** er hlynnt því að samfélagið bjóði ógæfufólki upp á fjölda möguleika til að ná bata. Til mikils er að vinna fyrir fólkið sjálft, börn þeirra, fjölskyldur og auðvitað samfélagið – lesist skattborgara – þessa lands. Kostnaðargreiningar sem gerðar hafa verið hérlendis og erlendis sýna nefnilega að það er ódýrara að veita þessu fólki aðstoð og halda því fjarri afbrotum en ekki. Hins vegar má ekki gleymast að hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér og sumum finnst einfaldlega best að vera alfarið lausir undan slíkri leiðindakvöð.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 27. maí, 149. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.35 | 13.24 | 23.17 |
| Akureyri | 2.51 | 13.10 | 23.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


